Laugarás, hitaveita, rg., 380–381; gjsk., 382–383, 503–505.
Launaskattur, rg., 299.
Lánasjóður sveitarfélaga, rkn., 553–554.
Legendre, Louis, 986.
Leigubifreiðar, Eskifjörður, rg., 642; Reykjavík, rg., 530–534; Strandasýsla, rg., br., 73; Suðurnes, rg., 667–670.
Leiguflug, rg., 64–70.
Lemaitre, Henry, 991.
Leyfisbinding veiða, rg., 688.
Litarefni og hættuleg efni, notkun og bann við notkun, rg., 405.
Líknarsjóður Margrétar Árnadóttur, rkn., 306–307.
Línuveiðar, bann, rg., 81, 124, 248, 271, 759, 857.
Loðnuveiðar, rg., 163–164, 515–516.
Loftferðaeftirlit, gjsk., 77–78.P
Loftför, millilandaflug, rg., 61–63.
Lonsdale, Michael James, 991.
Lucy, Roger V., 991.
Lyf, gerð og afgreiðsla lyfseðla, rg., 961.
Lyfjabúðir, afgreiðslutími, augl., br., 73, 224; staðsetning, rg., br., 846, 940.
Lyfjaeftirlit, eftirlitsgjald, rg., 488–490, 671.
Lyfjaskráning, skráningargjald, rg., 858.
Lækningaleyfi, skilyrði, augl., 124.
Lögbirtingablað, gjald fyrir tilkynningar, augl., 238–239.
Löggildingarstofan, eftirlit með mælitækjum, gjsk., 940–950.
Lögreglusamþykkt, Keflavík, 365–366; Neskaupstaður, 951–961; Njarðvík, 364–365; Reykjavík, 758; Strandasýsla, 330–341; Vestur-Ísafjarðarsýsla, 522–529.

M.

Madrigal, José Antonio Cervera, 987.
Magnús Gestsson, 985.
Magnús Sigurðsson, 991.
Marciaq, Ramón Richardo Pasos, 991.
Martinez – Correcher, Joaquin, 987.
Mas, Yves, 990.
de la Mata, Felix, 986.
de la Mata, Juan Carlos, 986.
Mat og eftirlit, sjávarafurðir, rg., 263–264; grásleppuhrogn, rg., 348–349.
Mazarredo, Juan, 987.
Márquez, Felipe González, 987.
McDonald, Westley, 988.
Medina, Ricardo, 987.
Mengun, atvinnurekstur, rg., 759–762.
Merking nauðsynjavara, augl., 276–277.
Miðneshreppur, hafnarsjóður, augl., 122–123; hitaveita, gjsk., 662–665; augl., 904–905; hundahald, sþ., 146; gjsk., 147.
Minningarsjóðir, rkn.: Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, 539;

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands, 490–492; Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, 539; Vestur-Ísafjarðarsýslu, 538; Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, 767.
Miralles, Ambrosio, 987.
Mohammoud, Ahmed Sheikh, 990.
Mohr, Poul, 988.
Molla, José, 987.
de Montenach, Georg-Frank, 988.
Mosfellshreppur, hundahald, gjsk., 398; sþ., 397–398.
van Muyden, Cornelis Petrus, 987.
Muzhar, John, 990.

N.

Námskostnaður fatlaðra, rg., 476–477.
Námslán, námsstyrkir, rg., br., 655.
Námsmat, rg., 140–143.
Neskaupstaður, forkaupsréttur, sþ., 755; gatnagerðargjöld, rg., br., 825–826; hafnarsjóður, augl., 122–123; rg., 718–725; lögreglusamþ., 951–961.
Níels P. Sigurðsson, 988, 989.
Njarðvík, hafnarsjóður, augl., 122–123; hitaveita, gjsk., 662–665; rg., 676; augl., 904–905; hundahald, gjsk., 147; sþ., 146; lögreglusamþ., br., 364–365; rafveita, gjsk., 48–51; rg., 676; augl., 904–905; takmörkun leigubifreiða, rg., 667–670.

O, Ó.

del Olmo, Fernando, 987.
Oncina, Julián, 987.
Orkubú Vestfjarða, gjsk., 27–31; augl., 285–286, 904–905.
Ottó A. Michelsen, 991.
Ordónez, Francisco Fernández, 987.
Ottosen, Kristian, 986.
Ólafsfjörður, hafnarsjóður, augl., 122–123; rg., 941–947; hitaveita, gjsk., 212–213, 762–763; hundahald, gjsk., 343.
Ólafsvík, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Ólafur A. Pálsson, 985.
Ólafur Steinar Valdimarsson, 986.
Ólafur Örn Arnarson, 985.
Óskar Ólason, 985.

P.

Palleja, Luis Balaguer, 987.
Paneth, Mathias, 987.
Pardo, Fernando López, 987.
Parks, Gerald L., 989.
Patreksfjörður, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Páll Ásgeir Tryggvason, 988, 989.
Peces-Barba, Gregorio, 987.
Peral, Isías, 987.
Perpina-Robert, Fernando, 987.
Pérez, Alberto Dennys Guymán, 991.
Pétur Thorsteinsson, 988.
Pons, Jose Maria, 987.
Póstþjónusta, gjsk., 459–460.
Psychoyos, Alexander D., 988.
Puigcerver, Gonzalo, 986.

Q.

Quyan, Luu, 990.

R.

Radíóbúnaður og fjarskipti á skipum, rg., br., 882.
Rafmagnsveita Reykjavíkur, gjsk., 19–22; augl., 904–905.
Rafmagnsveitur ríkisins, gjsk., 54–60; augl., br., 286–290, 904–905.
Rafveitur, gjsk., Akranes, 85–88, 415, 976–980; Akureyri, 34–36, 883, 904–905; Borgarnes, 118–121, 293–295; Eyrarbakki, 154–157; Gerðahreppur, 43–45; Grindavík, 159–162; Hafnarfjörður, 22–26, 620–624; Húsavík, 233–235; rg., br., 237; Hveragerði, 157–159; Keflavík, 45–48; Miðneshreppur, 39–42; Njarðvík, 48–51; Orkubú Vestfjarða, 27–31; augl., 285–286, 904–905; Reyðarfjörður, 88–90; Sauðárkrókur, 31–33, 904–905; Selfoss, 91–93; Siglufjörður, 209–210, 904–905; Stokkseyri, 116–118; Vatnsleysustrandarhreppur, 51–54; Vestmannaeyjar, 36–39; Vogar, 51–54.
Rafveitur, gjsk., br., augl., 904–905.
Ragnheiður Einarsdóttir, 985.
Rangárvallasýsla, félagsheimili, r., 861–862; hitaveita, gjsk., 637–639.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, gjsk., 406–408, 774–776.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins, gjsk., 555–556.
Raufarhöfn, hafnarsjóður, augl., 122–123; vatnsveita, rg., br., 430.
Reyðarfjörður, aðalskipulag, augl., 137; hafnarsjóður, augl., 122–123; rg., 930–936; rafveita, gjsk., 88–90.
Reykhólahreppur, hitaveita, gjsk., 496–497.
Reykhólahöfn, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Reykjahlíð, hitaveita, gjsk., 852–853, 972–973; rg., 849–852.
Reykjavík, aðalskipulag, augl., 208, 244; afgreiðslutími verslana, augl., br., 136–137; gatnagerðargjöld, rg., br., 551–552, 791; hafnarsjóður, augl., 122–123; rg., 200–208; hitaveita, gjsk., 109–111; augl., 904–905; hundahald, gjsk., 342; leigubifreiðar, takmörkun, rg., 530–534; lögreglusamþykkt, br., 758; rafmagnsveita, gjsk., 19–22, 111–115; stjórn og fundarsköp borgarstjórnar, sþ., 127–136; umferð, augl., 149, 343, 433, 493, 758, 795.
Rice, Noel S.C., 987.
Rif, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Rigney, Liam, 990.
Ríkismat sjávarafurða, rg., 219–220; br., 672.
Ríkissjóður, aukatekjur, rg., 884–888.
Ríkisútvarp, afnotagjöld, augl., 221; auglýsingar, gjsk., 221–222, 387–388, 666.
Rubio, Fidel Fernández, 987.
Ruwe, Nicholas, 990.
Ræðismenn, sendiherrar, 990–991.
Rækja, meðferð, geymsla, vinnsla, rg., 475–476; verðgrundvöllur, augl., 529.

S.

Salas, Jose, 987.
Saltfiskur, staðfesting á verðgrundvelli, augl., 243–244, 616.
Samábyrgð Íslands, rg., br., 344.
Samkeppnisiðnaður, aðflutningsgjöld, niðurfelling og/eða endurgreiðsla, augl., 344–345, 414.
Samvinnufélög, skrá, 1018.
Samvinnubanki Íslands, rkn., 303–306.
Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum, r., 370–371.
Sanchez, Alfonso Pérez, 986.
Sandgerði, hafnarsjóður, rg., 697–704.
Saran, Sashi Bhusan, 988.
Sauðárkrókur, hafnarsjóður, augl., 122–123; hitaveita, gjsk., 82–83, 253–254, 384–385, 501–503, 659–660, 799–800; rafveita, gjsk., 31–33, 904–905; umferð, augl., 405.
Scaglia, Giuseppe, 990.
von Schorlemer, Reinhard Freiherr, 986.
Seeber, Walter, 989.
Selfoss, hitaveita, gjsk., 84; rg., 878–881; hundahald, gjsk., 425; sþ., 424–425; rafveita, gjsk., 91–93; sorphreinsigjald, sþ., 145; vatnsveita, rg., 626–631.
Seltjarnarnes, hitaveita, gjsk., 295–297.
Senanayake, Robert P., 988.
Sendiherrar og ræðismenn, 990–991.
Seyðisfjörður, hafnarsjóður, augl., 122–123; rg., 725–732; hitaveita, gjsk., 13–14; vatnsveita, augl., 107–108, 363–364; rg., 360–363.
de Sevilla, Fernando Pérez, 987.
Sérlyf, skráning, rg., br., 164; skráningargjald, árgjald, rg., 858.
Siglufjörður, búfjárhald, rg., 277–278; hafnarsjóður, augl., 122–123; hitaveita, gjsk., 210–212; rafveita, gjsk., 209–210, 904–905; vatnsveita, augl., br., 107, 549.
Sigmar I. Torfason, 985.
Sigmundur Guðbjarnarson, 985.
Sigrún Ögmundsdóttir, 985.
Sigurður Finnsson, 991.
Sigurður G. Ísólfsson, 985.
Símaþjónusta, gjsk. og r., 434–458, 801–825.
Sjúkrasamlög, gjsk., 137–138.
Sjúkratryggingar, greiðsla á kostnaði við sjúkrahjálp erlendis, rg., 300; greiðslur skv. almtrl., rg., 920–921.
Skagafjarðarsýsla, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Skagaströnd, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Skip, björgunar- og öryggisbúnaður, r., 600–614; gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu, rg., 915–918; hávaðamörk, r., 326–329; radíóbúnaður og fjarskipti, rg., 882; smíði og búnaður, rg., br., 236, 614.
Skipaskoðunarmenn, laun, rg., 299.

Skipasmíðar, skipaviðgerðir, endurgreiðsla tolla, r., 309–313.
Skipulagsskrár: Áshildarsjóður, 962; Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands, 316–317; Kirkjumiðstöð Austurlands, 420–421; Landverndarsjóður Ferðafélags Íslands, 519; Magnús Magnússon, 423; Minjavernd, 753–754; Minningarsjóður Áslaugar Þórðardóttur (nr. 750), 516; Minningarsjóður um Steingrím Jón Guðjónsson, 372–373; Minningarsjóður Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, 400; Minningarsjóður hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinssonar frá Fit á Barðaströnd, 842–843; Rótary á Íslandi, 76–77; Skjól að Laugarási í Reykjavík, 517–519; Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, 430–431; Skúta í Mývatnssveit, 868-869, Tónlistarskóli Ragnars Jónssonar, 520–522; Þrepið, 487–488.
Skoðunargjald ökutækja, rg., 884–888.
Skyldusparnaður, rg., 196–199.
Song, Sung Han, 991.
Sorphreinsun, Hveragerðishreppur, gjsk., 72; Kópasker, sþ. 677–678; Laugarbakki, sþ., 788–789; Selfoss, sþ., 145; Tálknafjarðarkauptún, sþ., 401–402.
Sowton, George Edger, 987.
Sóknarmörk Húnavatnssýsla, stj.bréf., 404; Snæfellsness- og Dalasýsla, stj.bréf., 431; Þingeyjarsýsla, stj.bréf., 404.
Stachowiak, Franciszek, 990.
Staðalíbúðir, rg., 195.
Starfskostnaður hreppstjóra, r., 656.
Stathatos, Stephanos G., 991.
Stjórn botnfiskveiða, rg., 906–911.
Stjórn Reykjavíkurborgar, sþ., 127–136.
Stokkseyri, rafveita, gjsk., 116–118; sorphreinsun, gjsk., 144.
Stóðhestastöð ríkisins, r., 870–871.
Stuðningsfjölskyldur fatlaðra, rg., 654–655.
Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, skipulskr., 430–431.
Stöðvarfjörður, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Suðureyri, forkaupsréttur, sþ., 552; hafnarsjóður, augl., 122–123; hitaveita, gjsk., 499–501.
Suðurnes, hitaveita, gjsk., 662–665; rg., 676; augl., 904–905.
Svalbarðseyri, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Svartbakur, hrafn, eyðing, rg., br., 342.
Sveinn Björnsson, 986, 989.
Sverrir Haukur Gunnlaugsson, 988.
Sölugjald, niðurfelling, augl., farsímar, 149; aðföng til samkeppnisiðnaðar, 414.

T.

Tálknafjörður, hafnarsjóður, augl., 122–123; holræsi, rg., 548–549; sorphreinsun, sþ., 401–402; vatnsveita, rg., 545–547.
Tierno, Enrique, 986.
Togveiðar, bann á Breiðafirði, rg., 81, 124; niðurfelling banns, rg., 271; bann á Hornbanka, rg., 392; sérstök togveiðisvæði, rg., 550; niðurfelling banns, rg., 687; bann á Breiðafirði, rg., 857.
Tollafgreiðsla, bráðabirgða, gegn fjártryggingu, r., br., 70.
Tollafgreiðslugengi, rg., 93–95.
Tollar endurgreiðsla, r., 309–313; niðurfelling, augl., 148.
Tollfrjáls farangur, ferðamenn, farmenn, rg., 826–830; br., 675.
Tollmeðferð, smábögglar, einkafarangur ferðamanna, rg., 790; vegna aðildar Íslands að EFTA, EBE, augl., br., 148; vegna viðskiptasamnings EFTA-landa og Spánar, augl., br., 147; upprunavörur í viðskiptum Íslands, Portúgal og Spánar, augl., 964.
Tollstjórar, umburðarbréf, 897.
Tómas Á. Tómasson, 988.

U, Ú.

Umferð, augl.: Akranes, 72, 599; Akureyri, 283, 343, 688; Borgarfjarðarsýsla, 950; Egilsstaðir, 905; Flateyrarhreppur, 868; Grundarfjörður, 473; Hafnarfjörður, 268; Húsavík, 475; Ísafjörður, 283; Keflavík, 911; Kópavogur, 126, 599; Sauðárkrókur, 405; Reykjavík, 149, 343, 433, 493, 758, 795; Vestmannaeyjar, 687.
Uppboðshaldarar, gjsk., 291.
de Urbina, José Antonio, 987.
Útvegsbanki Íslands, rkn., 588–594.

V, W.

Valin, Fernando Martinez, 986.
Valtýr Guðjónsson, 986.
Valverde, Carlos, 987.
Vatnsleysustrandarhreppur, gatnagerðargjöld, rg., 512–515; hundahald, gjsk., 147; sþ., br., 146; rafveita, gjsk., 51–54.
Vátryggingarfélög, tilkynningar í Lögbirtingablaði, skrá, 1018.
Veiðibann, út af Suðvesturlandi og Faxaflóa, rg., 248; netaveiðar, rg., 386.
Veiðifélög, Kiðafellsá, sþ., 225; Miðfjarðará og Litla Kverká, arðskrá, 74; Tunguós, arðskrá, 75.
Veiðitakmarkanir, rg., 386.
Veiting áfengis, rg., br., 550–551.
Verbeek, Lena, 986.
Verðbréfaþing Íslands, r., 483–486.
Verðgrundvöllur, augl., freðfiskur, 240–242; frystur humar, 411–412; frystur hörpudiskur, 530; fryst rækja, 529; loðnuafurðir, 617; óverkaður saltfiskur, 243–244, 616; söltuð ufsaflök, 239, 615; söltuð þorskflök, 615–616.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rkn., 777–781.
Verðlagning og sala á búvörum, rg., 470–472.
Verðskráning, verðmiðlun og sala á landbúnaðarafurðum, rg., br., 393–394.
Vestfirðir, heilbrigðiseftirlit, gjsk., 792–793; orkubú, augl., 904–905.
Vestur-Ísafjarðarsýsla, forkaupsréttur, sþ., 552; lögreglusþ., 522–529; minningarsjóður, rkn., 538.
Vestergaard, Aage, 988.
Vesturlandssvæði, heilbrigðiseftirlit, rg., 352–353; gjsk., 417–419.
Viðhaldssjóður Helgafellskirkju, skipulagsskrá, 399.
Viðlagatrygging Íslands, rg., br., 671.
Viðskipta- og gjaldeyrismál, rg., br., 60.
Vigdís Aðalsteinsdóttir Taylor, 988.
Vilhelm Þorsteinsson, 985.
Villegas, José, 986.
Vinnueftirlit ríkisins, gjsk., 307–309.
Vinnustaðir, hávaðavarnir og heyrnaeftirlit, rg., 937–940; tóbaksvarnir, r., 963–964.
Vinnuöryggi á fiskiskipum, rg., br., 614.
Vinuesa, Carlos, 987.
Víðidalstungusókn, stj.bréf., 404.
Vogar, hafnarsjóður, augl., 122–123.
Vogaráhöld, gjsk., 949–950.
Vörubifreiðastjórafélag, Strandasýslu, rg., br., 73.
Vöruflutningar, rg., br., 73.
Vörugjald, rg., 890–897.
Vöruhappdrætti SÍBS, rg., br., 655.
Vörumerki, rg., 903.
Wiinblad, Flemming, 988.

Z.

Zizka, Vladimir, 991.

Þ.

Þingeyjarprófastsdæmi, stj.bréf., 404.
Þingeyrarhreppur, hundahald, sþ., 395–396.
Þingeyrarsókn, stj.bréf., 404.
Þinggjöld, innheimta, rg., 914–915.
Þjóðveldisbær, r., 845–846.
Þjóðhátíðarsjóður, rkn., 536.
Þjórsárdalur, r., 845–846.
Þorgerður Ingólfsdóttir, 986.
Þorlákshöfn, hitaveita, gjsk., 152–154.
Þorskflök, augl., 242–243.
Þorsteinn Jóhannesson, 985.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 985.
Þórarinn Sigurjónsson, 985.
Þórshöfn, hafnarsjóður, rg., br., 126.
Þrepið, líknarfélag, skipulagsskrá, 487–488.
Þungaskattur, bifreiðar, rg., 346–348.

Ö.

Ökutæki, ábyrgðartryggingar, rg., br., 222–223; hámarkshraði, rg., 486–487; skoðunargjald, rg., br., 108; rg., 889.
Örorkulífeyrir, eftirgjöf á símagjaldi, rg., 217–218.
Örorkustyrkur, úthlutun, r., br., 284.
Öryggi á vinnustöðum, rg., br., 273.
Öryggisbúnaður íslenskra skipa, r., 600–614.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1985.

B 1,	nr. 1	11. jan
B 2,	nr. 2—34	22. jan.
B 3,	nr. 35	18. jan.
B 4,	nr. 36—49	31. jan.
B 5,	nr. 50—56	1. febr.
B 6,	nr. 57—59	1. febr.
B 7,	nr. 60—87	19. febr.
B 8,	nr. 88—102	1. mars
B 9,	nr. 103—108	1. mars
B 10,	nr. 109—126	12. mars
B 11,	nr. 127	15. mars
B 12,	nr. 128—129	26. mars
B 13,	nr. 130—161	1. apríl
B 14,	nr. 162—166	15. apríl
B 15,	nr. 167—168	17. apríl
B 16,	nr. 169—177	30. apríl
B 17,	nr. 178	30. apríl
B 18,	nr. 179—195	10. maí
B 19,	nr. 196	9. maí
B 20,	nr. 197—212	23. maí
B 21,	nr. 213—215	31. maí
B 22,	nr. 216	31. maí
B 23,	nr. 217—231	12. júní
B 24,	nr. 232—233	25. júní
B 25,	nr. 234—257	28. júní
B 26,	nr. 258—259	1. júlí
B 27,	nr. 260—272	10. júlí
B 28,	nr. 273—304	25. júlí
B 29,	nr. 305—307	1. ágúst
B 30,	nr. 308—317	15. ágúst
B 31,	nr. 318—341	30. ágúst
B 32,	nr. 342—343	30. ágúst
B 33,	nr. 344—347	13. sept.
B 34,	nr. 348—361	30. sept.
B 35,	nr. 362—366	30. sept.
B 36,	nr. 367—374	18. okt.
B 37,	nr. 375—396	31. okt.
B 38,	nr. 397—419	21. nóv.
B 39,	nr. 420—435	29. nóv.
B 40,	nr. 436	6. des.
B 41,	nr. 437—454	18. des.
B 42,	nr. 455—477	31. des.
B 43,	nr. 476—494	10. jan. 1986
B 44,	nr. 495—501	29. ágúst 1986

Leiðréttingar:

Bls. 108, nr. 49, 5. lína: ... Fyrir skoðun tengi- og festivagns ... les: ... Fyrir skoðun tengi- eða festivagns ...

Bls. 534, nr. 293, 19. gr., 3. lína: ... Gildistaka ákvæðis 2. gr. um merki ... les: ... Gildistaka ákvæðis 4. gr. um merki ...

Bls. 607, nr. 325, 18. gr., 13. og 14. lína: ... Björgunar- og öryggisbúnaður, nr. 422/1980 ... les: ... Björgunar- og öryggisbúnaður, nr. 424/1980 ...

Bls. 607, nr. 325, 18. gr., 17. lína: ... sbr. reglugerð nr. 45/1981 .. les: ... sbr. reglugerð nr. 45/1983 ...

Bls. 654, nr. 345, 2. gr., 6. lína: ... þann einstakling sem hann tekur í umsjá ... les: ... þann einstakling sem þær taka í umsjá ...

Bls. 654, nr. 345, 4. gr., 8. lína: ... Hámark samfelldrar dvala skal ... les: ... Hámark samfelldrar dvalar skal ...

Bls. 688, Lokalínan: ... nr. 367—373 ... les: ... nr. 367—374 ...

Bls. 761, nr. 390, 5. gr., 2. lína: ... sem upp er talinn í viðauka, ... les: ... sem upp er talinn í 1. gr., ...

Bls. 76, nr. 32: ... 10. júlí 1984 ... vantar efst á síðuna.

Bls. 399, nr. 220: ... 3. maí 1985 ... vantar efst á síðuna.

Bls. 400, nr. 221: ... 6. maí 1985 ... vantar efst á síðuna.

Bls. 516, nr. 286: ... 12. júlí 1985 ... vantar efst á síðuna.

Bls. 517—519, nr. 287: ... 11. júlí 1985 ... vantar efst á síðurnar.

Bls. 519, nr. 288: ... 10. júlí 1985 ... vantar efst á síðuna.

Bls. 520—522, nr. 289: ... 4. júlí 1985 ... vantar efst á síðurnar.

Bls. 124, nr. 55, 1. lína: ... Auglýsing nr. 500 10. desember 1982 ... les: ... Auglýsing nr. 85 9. mars 1982 ...

Bls. 138, nr. 64, 1. gr., 1. lína: ... Nefndin heitir Mönnunarnefnd ... les: ... Nefndin heitir mönnunarnefnd ...

Bls. 140, 1. lína: ... Nr. 64 ... les: ... Nr. 65 ...

Bls. 244, 1. lína: ... Nr. 216 ... les: ... Nr. 126 ...

Endurprentuð blöð: 536, 595, 643, 654, 773, 776.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1985

REGLUGERÐ

um stjórn botnfiskveiða 1985.

I. KAFLI

Heildaraflamark.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um stjórn botnfiskveiða 1985 miðast við, að á árinu 1985 fari afli eftirtalinna botnfisktegunda eigi fram úr neðangreindu heildaraflamarki:

	Þúsund tonn miðað við óslægðan fisk
1. Þorskur	250
2. Ýsa	60
3. Ufsi	70
4. Karfi	110
5. Skarkoli	17
6. Grálúða	30
7. Steinbítur	15

II. KAFLI

Almennt veiðileyfi.

2. gr.

Sérhvert fiskiskip, 10 brl. og stærra, sem gert er út til botnfiskveiða á árinu 1985, sbr. 1. gr., þarf til þess almennt veiðileyfi, sem sjávarútvegsráðuneytið veitir, auk sérstakra veiðileyfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Fiskiskip, sem vinna og frysta eigin afla um borð þurfa sérstök leyfi.

Öðrum en leyfishöfum, samkvæmt 1. mgr., er óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskiskipum 10 brl. og stærri.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. reglum þessum koma til greina þau skip, sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1984 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, ennfremur ný og nýkeypt skip, hafi kaupin verið gerð milli útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983.

Önnur skip en að framan greinir koma því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hverfi annað af svipaðri stærð úr rekstri. Skal leita umsagnar samráðsnefndar skv. 18. gr., áður en fallist er á að veita slíkum skipum veiðileyfi skv. þessum reglum.

4. gr.

Almennt veiðileyfi fyrir árið 1985 samkvæmt 2. gr. skal annað hvort bundið skilyrðum um ákveðið aflamark, sbr. V. kafla eða sóknarmark með þorskaflahámarki, sbr. VI. kafla. Skulu útgerðir fiskiskipa velja skriflega milli almenns veiðileyfis með aflamarki og almenns veiðileyfis með sóknarmarki fyrir tímamörk, sem ráðuneytið auglýsir. Hafi útgerð fiskiskips ekki valið fyrir auglýst tímamörk, skal skipi úthlutað almennt veiðileyfi með aflamarki.

III. KAFLI

Botnfiskveiðar minni báta.

5. gr.

Bátar undir 10 brl., sem stunda botnfiskveiðar hafa sameiginlegt heildaraflamark er skiptist þannig niður á tímabil:

	Tímabil 1 jan.–apríl tonn, ósl.	Tímabil 2 maí–júní tonn, ósl.	Tímabil 3 júlí–ágúst tonn, ósl.	Tímabil 4 sept.–des. tonn, ósl.	Árið allt tonn, ósl.
1. Þorskur	1 530	2 840	3 670	1 380	9 420
2. Ýsa	100	70	130	400	700

Fari afli báta undir 10 brl., fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili, er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar þeirra um sinn.

Hafi veiðar báta verið stöðvaðar á síðasta tímabili, sbr. 1. mgr. getur ráðherra leyft flutning á aflamarki af bátum 10 brl. og stærri til báta minni en 10 brl. samkvæmt reglum 20. gr., eða úthlutað ákveðnu aflamarki til þeirra, þó ekki meira en 1 000 lestum samanlagt, enda sé viðkomandi bátum haldið út til veiða í atvinnuskyni allt árið.

IV. KAFLI

Flokkar fiskiskipa.

6. gr.

Samráðsnefnd, sbr. 18. gr. skal m. a. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar 44/1984 og á grundvelli veiða fiskiskipa eftir 31. október 1983 flokka öll íslensk fiskiskip í eftirgreinda útgerðarflokka:

1. Skip, sem eru horfin úr rekstri.
2. Loðnuskip.
3. Skelfiskbáta.
4. Rækjubáta.
5. Humar- og reknetabáta.
6. Humarbáta aðra.
7. Síldarbáta.
8. Aðra báta.
9. Togara.

Við ákvörðun þorskaflahámarks samkvæmt 16. gr., skal í meginatriðum leggja til grundvallar meðalþorskaflamark í viðkomandi útgerðar- og stærðarflokki skips á sama veiðisvæði með 20% álagi.

Stærðarflokkar teljast í þessu sambandi:

1. Bátar	10. brl. — 20 brl.
2. Bátar	stærri en 20 brl. — 50 brl.
3. Bátar	stærri en 50 brl. — 110 brl.
4. Bátar	stærri en 110 brl. — 200 brl.
5. Bátar	stærri en 200 brl. — 500 brl.
6. Bátar	stærri en 500 brl.
7. Togarar	stærri en 200 brl. — 500 brl.
8. Togarar	stærri en 500 brl.

Við stærðarflokkun fiskiskipa er miðað við mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins, sem gildir við útgáfu reglugerðar þessarar.

Við ákvörðun þorskaflahámarks, samkvæmt 16. gr. fyrir flokk 7, togara 200 — 500 brl., skal það metið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins, sbr. 4. mgr.

Veiðisvæði markast í þessu skyni af verstöðinni, þaðan sem fiskiskipi er haldið til róðra.

Veiðisvæðin eru þessi:

Svæði 1: Frá Eystra-Horni suður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður um að Eystra-Horni.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veiðisvæða sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

V. KAFLI

Aflamark.

7. gr.

Fiskiskipi skal úthlutað almennu veiðileyfi með aflamarki í eftirgreindum fisktegundum: þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu.

8. gr.

Við úthlutun almenns veiðileyfis með aflamarki til fiskiskips fyrir árið 1985, skal lögð til grundvallar aflamarksúthlutun fyrir sama skip fyrir árið 1984 (þ. e. á grundvelli rg. 44/1984, með áorðnum breytingum) og skal aflamark aðeins breytast í hlutfalli við breytingar á heildaraflamarki hverrar fisktegundar sbr 17. gr. Þó skal endurskoða botnfiskaflamark þeirra skipa, sem flokkuð eru í flokk 2.—7. skv. 6. gr. og úthluta þeim aflamarki á grundvelli aflareynslu þeirra eftir 1. nóvember 1980, utan sérveiðitímabila í viðkomandi flokki samkvæmt 6. gr. Sama gildir um aflamark þeirra skipa, sem leyfi hljóta til dragnótaveiða í Faxaflóa.

Við úthlutun aflamarks til skips, getur samráðsnefnd, sbr. 18. gr. breytt aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að skip geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda raskist ekki við þessa breytingu heildaraflaverðmæti aflamarksins.

Tekin verður ákvörðun um úthlutun aflamarks til loðnubáta þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á vertíðinni 1984/1985.

9. gr.

Fiskiskip, sem fengu meðalaflamark á árinu 1984 samkvæmt ákvæðum reglugerðar 44/1984 eiga ekki rétt á almennu veiðileyfi með aflamarki, nema að því marki, sem afli þeirra sjálfra á árinu 1984 nam eða aflamarki samkvæmt 8. gr.

Samráðsnefnd samkvæmt 18. gr. skal meta að hve miklu leyti hvert slíkt skip telst hafa náð meðalaflamarki.

10. gr.

Velji útgerð fiskiskips almennt veiðileyfi með aflamarki sbr. 4. gr., er slíkt leyfi veitt með því skilyrði að afli skips af fisktegundum samkvæmt 7. gr. fari ekki fram úr því aflamarki, sem tilgreint er í veiðileyfi.

Aflamark hvers skips skal talið í heilum tonnum og miðað er við slægðan fisk með haus, að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni **0.80** en grálúðu með tölunni **0.92.**

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni **1.25** en grálúðu með tölunni **1.09.**

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan við 500 g telst ekki með í aflamarki skips.

Við línuveiðar í janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips en réttur línuskipa til framsals sbr. 20. gr. skerðist sem svarar öllum línuafla þess á því tímabili.

Afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað á árinu 1985, skal reiknast með 10% álagi, þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

11. gr.

Útgerðaraðili skal senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um afla á þar til gerðum eyðublöðum og skulu skýrslur þessar útfylltar eins og fyrir er mælt á þeim.

VI. KAFLI

Sóknarmark.

12. gr.

Sóknarmark er ákveðinn fjöldi sóknardaga á tilgreindum tímabilum. Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða aftur fyrr en liðnir eru a. m. k. þrír sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendum mörkuðum telst sá tími, sem fer til siglingar út til sóknarmarks.

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá línuveiðiskipum í janúar og febrúar.

13. gr.

Velji útgerð fiskiskips almennt veiðileyfi með sóknarmarki, sbr. 4. gr., er slíkt veiðileyfi veitt með því skilyrði, að sóknardagar fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili sbr. 15. gr. og þorskafli fari ekki yfir ákveðið hámark sbr. 16. gr.

14. gr.

Útgerð fiskiskips, sem valið hefur sóknarmark fyrir skip sitt, skal tilkynna Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 3 dögum eftir lok hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á botnfiskveiðum á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 11. gr.

Frávik vegna tafa í veiðiferðum allt að þremur dögum er heimilt með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum, sbr. 4. mgr. 24. gr.

Einnig er heimilt með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða enda hafi skip orðið að liggja í höfn a. m. k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana.

15. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskipa í IV. kafla:

Útgerðarflokkur 2, loðnubátar.

Tímabil 1 Mars–apríl	Tímabil 2 Maí–ágúst	Samtals
Sjávarútvegsráðuneytið ákveður fjölda sóknardaga loðnubáta þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á vertíðinni 1984/1985.		

Útgerðarflokkur 3, skelbátar.

Tímabil 1 Mars–apríl	Tímabil 2 Maí–ágúst	Samtals
25	45	70

Útgerðarflokkur 4, rækjubátar.
Suður- og Vesturland.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 sept.–des.	Samtals
30	35	45	110

Vestfirðir, Norðurland.

Tímabil 1 Apríl–maí	Tímabil 2 Júní–des.	Samtals
35	65	100

Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí	Tímabil 4 Ágúst–des.	Samtals
35	40	10	45	130

Útgerðarflokkur 6, humarbátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí	Tímabil 4 Ágúst–des.	Samtals
35	40	10	70	155

Útgerðarflokkur 7, síldarbátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–sept.	Tímabil 4 Okt.–des.	Samtals
35	40	60	30	165

Útgerðarflokkur 8, bátar án sérveiða.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–ágúst	Tímabil 4 Sept.–des.	Samtals
35	40	70	70	215

Útgerðarflokkur 9, togarar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–ágúst	Tímabil 4 Sept.–des.	Samtals
44	48	88	90	270

16. gr.

Fiskiskipi, sem fær almennt veiðileyfi með sóknarmarki er óheimilt á árinu 1985 að veiða meira magn af þorski en tilgreint er í töflu í 2. mgr. þessarar greinar, sbr. 6. gr., eða sem svarar þorskaflamarki þess sjálfs sbr. 7.—9. gr., að viðbættu 20% álagi, hvort sem reynist hærra.

Þorskaflahámark sóknarmarksskipa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðisflokk fiskiskipa, sbr. 6. gr. Miðað er við slægðan þorsk með haus.

Útgerðarflokkur 2.

Loðnuskip:	Þorskaflahámark fyrir loðnuskip verður ákveðið þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á vertíðinni 1984/1985.

Útgerðarflokkur 3.

Skelbátar:	10 brl. — 20 brl. : 30 lestir
	Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 50 lestir
	Stærri en 50 brl. — 110 brl. : 100 lestir
	Stærri en 110 brl. : 150 lestir

Útgerðarflokkur 4.

Rækjubátar:	10 brl. — 20 brl. : 40 lestir
	Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 80 lestir
	Stærri en 50 brl. : 100 lestir

Útgerðarflokkur 5.

Humar- og reknetabátar:	280 lestir

Útgerðarflokkur 6.

Humarbátar:	50 brl. og minni : 100 lestir
	Stærri en 50 brl. : 220 lestir

Útgerðarflokkur 7.

Síldarbátar:	110 brl. og minni : 300 lestir
	Stærri en 110 brl. : 400 lestir

Útgerðarflokkur 8.

Aðrir bátar:	10 brl. — 20 brl. : 100 lestir
	Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 180 lestir
	Stærri en 50 brl. — 110 brl. : 300 lestir
	Stærri en 110 brl. — 200 brl. : 400 lestir
	Stærri en 200 brl. : 450 lestir

Útgerðarflokkur 9.

	Svæði I	Svæði II
Togarar:	39 metrar og styttri : 450 lestir	900 lestir
	Stærri en 200 brl. — 500 brl. : 800 lestir	1500 lestir
	Stærri en 500 brl. : 700 lestir	1500 lestir

Varðandi útgerðarflokk 3 og 4 er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 15. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytilegra aflatekna af þeim sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar og febrúar reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámarks sbr. 2. mgr.

17. gr.

Þegar meta skal, við úthlutun veiðileyfa botnfiskafla, heildarþorskaflamark þeirra skipa, sem velja kunna sóknarmark, skal miða við að þau hefðu fengið almennt veiðileyfi með aflamarki samkvæmt 7.—9. gr.

VII. KAFLI

Samráðsnefnd og flutningur aflamarks o. fl.

18. gr.

Sérstök samráðsnefnd skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.

19. gr.

Tilkynna skal útvegsmönnum um úthlutun aflamarks eða sóknarmarks til þeirra eigi síðar en 31. janúar 1985. Afli og sókn hvers skips á tímabilinu 1. janúar til 31. janúar 1985 telst hluti af aflamarki eða sóknarmarki þess fyrir árið 1985.

Útvegsmenn eiga kost á að gera athugasemdir fram til 20. febrúar 1985. Samráðsnefnd, skv. 18. gr., skal fjalla um athugasemdir þeirra svo fljótt sem kostur er. Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar um breytingar á aflamarki.

20. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa, sem gerð eru út innan sömu verstöðvar, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa, sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði.

Tilkynna skal fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa til sjávarútvegsráðuneytisins og öðlast hann ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim, sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Skip, sem hafa almennt leyfi með sóknarmarki, geta ekki flutt þorskaflahámark sitt sbr. 16. gr. á önnur skip.

Aflamark fylgir skipi ekki sjálfkrafa við sölu þess. Um framsal aflamarks skipa, sem eigendaskipti verða á árið 1985, skulu gilda sömu reglur og um annað framsal aflamarks samkvæmt þessari grein og þarf til þess sérstakt samkomulag kaupanda og seljanda.

Samráðsnefnd, sbr. 18. gr., skal fjalla sérstaklega um aflamark þeirra skipa, sem eigendaskipti hafa orðið á árið 1984.

21. gr.

Þær útgerðir sem sæta lækkun á aflamarki vegna aflatekna af rækju-, humar-, skelfisk-, loðnu- og síldveiðum skulu að öllu jöfnu hafa forgang við úthlutun leyfa til slíkra veiða á árinu 1985.

Á hliðstæðan hátt er heimilt að auka aflamark þeirra skipa, sem kunna að fá úthlutað rýrari heimild á árinu 1985 til veiða á rækju, humri, skelfiski, loðnu eða síld og sætt hafa skerðingu vegna þeirra veiða.

Fái útgerð skips, sem ekki hefur haft leyfi til veiða á rækju, humri, skelfiski, loðnu eða síld úthlutað slíku leyfi á árinu 1985 skal skerða botnfiskleyfi þess á hliðstæðan hátt og gert var samkvæmt rg. 44/1984.

Sá fiskafli, sem veiðiskip fær við rækju- og humarveiðar telst til aflamarks þess sbr. 7. gr. og aflahámarks sbr. 16. gr. Ráðherra setur reglur í leyfisbréfi um annan afla utan aflamarks og þorskaflahámarks.

22. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur breytt áður veittu aflamarki og sóknarmarki allra veiðiskipa frá 8. apríl 1985 í ljósi álits Hafrannsóknastofnunarinnar á ástandi fiskistofnanna.

VIII. KAFLI

Eftirlit, viðurlög o. fl.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og skulu eftirlitsmenn þess m. a. styðjast við upplýsingar frá Ríkismati sjávarafurða og skýrslur Fiskifélags Íslands, sbr. 11. og 14. gr. Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og fiskkaupendum er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla af einstökum tegundum, um úthald og sjósókn sem þörf er á vegna þessa eftirlits.

24. gr.

Fari fiskiskip fram úr aflamarki einnar fisktegundar skal skerða aflamark þess á öðrum tegundum hlutfallslega,enda séu þessi frávik samanlögð innan við 10% af verðmæti aflamarks þess af öllum botnfisktegundum skv. reglum þessum miðað við gildandi fiskverð. Framangreint 10% hámark af verðmæti aflahámarks samkvæmt þessari grein gildir þó ekki um tilfærslu á aflamarki frá þorski yfir á aðrar tegundir.

Fari afli skipsins fram úr þessu 10% marki, skal fara með slík brot samkvæmt 26. gr., sbr. lög nr. 32. 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Sama gildir eigi skip ekki ónotað aflamark til jöfnunar innan 10% marksins.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa samkvæmt 20. gr. flyst heimild til 10% breytinga milli fisktegunda hlutfallslega frá því skipi, sem aflamarkið er flutt frá, yfir á það skip sem aflamarkið fær.

Skip, sem hafa almennt leyfi með sóknarmarki hafa ekki heimild til breytinga samkvæmt 1. mgr. Fari þau skip yfir þorskaflahámark samkvæmt 16. gr. eða stundi veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda á hverju tímabili, sbr. 15. gr. varðar það sömu viðurlögum og samkvæmt 2. mgr.

25. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 118 31. desember 1984. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 118 31. desember 1984, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1985

10. janúar 1985 9 Nr. 2

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,70 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 11,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis, skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,26 fyrir hverja kílówattsstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 11,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 59,60.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 1 130,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis	kr.	32 000,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300	kr.	25,70

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að tenging getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mæligrind og fyrir fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis . kr. 44 400,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 38,60

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fastaeignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 rúmmetrum.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 850,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1985, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 491/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 660 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfesta 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þangað til varanleg lausn hefur fundist varðandi útfellingu steinefna í vatni hitaveitunnar, gildir sú bráðabirgðaráðstöfun, að gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa.

II. KAFLI

5. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús kr. 5 940.
b) Vatnsgjald á ári pr. m^3 kr. 25,70. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5.gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar vanskilaskuldir, eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 400 m^3 kr. 40 400,00.
Hús 400—2 000 m^3 kr. 40 400,00, fyrir 400 m^3 og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 34,90.
Hús stærri en 2 000 m^3 kr. 96 400,00 fyrir 2 000 m^3 og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 27,95.
Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 5 364,00.

8. gr.

Gjöld skv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.
Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða og að fenginni heimild iðnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnu á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 400,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 671 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,74 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 9,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 73,00.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1985.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

a) Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitu fyrir árslok 1981 og tilheyrir I. áfanga verksins og það húsnæði fyrirhugaðs II. áfanga sem tengist eigi síðar en 6 mán. frá verklokum hans, greiðast heimæðagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis ..... kr. 45 600,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 57,90

b) Af öllu húsnæði sem síðar tengist viðkomandi áföngum sbr. a) lið greiðast heimæðagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis ..... kr. 63 000,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 85,90

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m^3.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 990,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1985. Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 672 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 9. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,00 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 13,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	kr.
a) fyrir mæla til og með $^3/_4$″	395,00
b) fyrir mæla 1″—2″	790,00
c) fyrir mæla stærri en 2″	1 580,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 240,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m^3	43 000,00 kr.
300— 2 000 m^3	43 000,00 kr. + 47,00 kr./m^3
2 000— 6 000 m^3	123 000,00 kr. + 38,70 kr./m^3
Það fellur ekki undir skilgreiningu þessa, þegar um er að ræða skipulagða áætlun flugferða sem farnar eru með leiguflugi.

Tilkynningar til flugmanna (NOTAM): Tilkynningar sem skipt er í tvo flokka, A og B flokk. Í A flokki eru upplýsingar um alþjóðaflugvelli og annað sem varðar alþjóðaflug. Í B flokki eru ýmsar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast, bæði fyrir sjónflug og blindflug innanlands.

Viðkoma án viðskipta: Viðkoma þegar loftfar hvorki tekur né skilur eftir farþega, póst eða vörur.

Þjónustuflug: Óreglubundið atvinnuflug, sem farið er í öðrum tilgangi en til flutnings á farþegum, pósti eða vörum eða flugkennslu. Flug sem fellur hér undir er m. a.:

a) Tækifærisflug og hringflug. b) Fræsáningarflug, áburðarflug eða annað slíkt flug. c) Flugferðir til landfræðiathugana, könnun á raflínum o. fl. d) Dráttarflug. e) Neyðarflug. f) Ljósmyndaflug. g) Auglýsingaflug.

II. Almenn ákvæði

2. gr.

Ferðir um íslenska lofthelgi eru háðar gildandi íslenskum reglum um loftferðir.

Með lofthelgi er í reglugerð þessari átt við loftrými innan lofthjúps jarðar, sem markast af 12 sjómílum frá grunnlínu í samræmi við lög nr. 41/1979.

3. gr.

Tilkynna skal flugmálastjórn flugáætlun fyrir hvert flug, skv. nánari reglum, sem birtar eru í flugmálahandbók (AIP) eða tilkynningum til flugmanna (NOTAM).

4. gr.

Loftför sem koma til Íslands frá öðrum löndum skulu nota tollflugvöll til fyrstu lendingar á Íslandi. Á sama hátt skulu loftför á leið frá Íslandi nota tollflugvöll til síðasta flugtaks áður en utan er haldið.

5. gr.

Ríkisloftför falla ekki undir reglugerð þessa.

6. gr.

Samgönguráðuneytið gefur út leyfi til loftferðastarfsemi í íslenskri lofthelgi, en flugmálastjórn leyfi til lendinga á íslenskum flugvöllum.

Hvers konar umsóknir um lendingarleyfi sem koma frá utanríkisráðuneytum eða sendiráðum erlendra ríkja, skulu sendar utanríkisráðuneytinu, hvort sem ríkin eru aðilar að Chicago-sáttmálanum eða ekki.

Umsóknir sem berast frá flugmálayfirvöldum annarra ríkja eða einstökum aðilum, skulu sendar flugmálastjórn.

Þegar rætt er um umsóknarfresti hér á eftir, eru laugardagar, sunnudagar og aðrir almennir hátíðis- og helgidagar ekki taldir með í þeim fresti.

III. Reglubundið áætlunarflug.

7. gr.

Óheimilt er að starfrækja reglubundið áætlunarflug um íslenska lofthelgi nema með leyfi samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Umsóknir um leyfi til að starfrækja reglubundið áætlunarflug um íslenska lofthelgi, sem berast frá aðilum í ríkjum sem aðild eiga að Chicago-sáttmálanum, skulu sendar flugmálastjórn.

Umsóknir aðila frá ríkjum sem ekki eiga aðild að Chicago-sáttmálanum, skulu sendar utanríkisráðuneytinu.

9. gr.

Erlendur aðili sem hyggst halda uppi reglubundnu áætlunarflugi um íslenska lofthelgi skv. loftferðasamningi milli Íslands og annars ríkis, má hefja þær án sérstaks leyfis, nema slíkt leyfi sé áskilið í samningnum, enda hafi hinn erlendi aðili tilskilda viðurkenningu heimalands síns.

Aðilar þeir, sem um ræðir í 1. mgr., skulu láta flugmálastjórn í té þau gögn, er hún kann að æskja, svo unnt sé að gefa nákvæm fyrirmæli um flugumferð þá sem um er að ræða.

IV. Óreglubundið flug.

10. gr.

Loftförum skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er nauðsynlegt að fá leyfi, áður en þeim er flogið inn í íslenska lofthelgi, enda þótt aðeins sé um yfirflug að ræða eða viðkomu án viðskipta. Leyfisumsókn skal berast utanríkisráðuneytinu a. m. k. 48 klst. áður en áætlað er að loftfarið komi inn í íslenska lofthelgi.

Í umsóknum skulu eftirfarandi atriði greind:

a) Fullt nafn og heimilisfang flytjanda.
b) Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c) Leið sú sem fljúga skal, ákvörðunarstaður og upplýsingar um hvar og hvenær skuli flogið inn í íslenska lofthelgi.

d) Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
e) Fjarskiptabúnaður og tíðni.
f) Markmið flugsins, fjöldi farþega og eðli og magn farms.

11. gr.

Loftförum skráðum í ríkjum sem eru aðilar að Chicago-sáttmálanum og ekki stunda reglubundið áætlunarflug, er heimilt að fljúga inn í íslenska lofthelgi og um hana stanslaust, eða nema þar staðar án viðskipta, án þess að þeim sé nauðsynlegt að fá til þess sérstakt leyfi.

12. gr.

Erlendir aðilar sem hyggjast standa fyrir óreglubundu flugi til Íslands og hafa þar viðkomu í því skyni að taka eða skilja eftir farþega, farm eða póst, verða að hafa til þess sérstakt leyfi.

Fyrir loftför, skráð í ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-sáttmálanum og óska leyfis til loftferða samkvæmt 1. mgr., skal umsókn send flugmálastjórn með þeim upplýsingum og fyrirvörum sem greinir í reglugerð um leiguflug.

Fyrir loftför, sem skráð eru í ríkjum sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, skal umsókn send utanríkisráðuneytinu og þá með a. m. k. fimm sólarhringa fyrirvara umfram þau tímamörk sem annars gilda.

V. Einkaflug.

13. gr.

Leyfi þarf ekki til einkaflugs um íslenska lofthelgi í erlendu loftfari sem skráð er í ríki sem er aðili að Chicago-sáttmálanum.

14. gr.

Fyrir loftför, sem skráð eru í ríkjum sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, þarf sérstakt leyfi til flugs um íslenska lofthelgi og skulu umsóknir um slík leyfi sendar utanríkisráðuneytinu a. m. k. 48.klst. áður en áætlað er að koma inn í íslenska lofthelgi.

Í umsóknunum skulu eftirfarandi atriði greind:
a) Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
b) Nafn, ríkisfang og heimilisfang eiganda og loftfars.
c) Leið sú sem fljúga skal, ákvörðunarstaður og upplýsingar um hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
d) Fjöldi þeirra sem í loftfarinu eru.
e) Fjarskiptabúnaður og tíðni.
f) Tilgangur flugsins og eðli og magn farms.

VI. Viðurlög, gildistaka o. fl.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, svo og afturköllun og synjun frekari leyfa fyrir sama aðila.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um komu, brottför og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenskt yfirráðasvæði nr. 107 4. maí 1972.

Samgönguráðuneytið, 7. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um leiguflug til og frá Íslandi.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI.

1. gr.

Með hugtakinu „leiguflug" í reglugerð þessari er átt við óreglubundið flug til flutnings á farþegum í loftförum, sem hafa hámarks flugtaksmassa 5700 kg eða meira eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleirum.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka einnig til leiguflugs með vörur, eftir því sem við á.

2. gr.

Leiguflug til og frá íslenskri lofthelgi er háð leyfi flugmálastjórnar.

Slíkt leyfi er óheimilt að framselja.

Leyfi til leiguflugs er ennfremur háð þeim skilyrðum, sem fram koma í reglugerð þessari. Að auki getur flugmálastjórn sett nánari reglur um skilyrði varðandi verðlagningu leiguferða.

Ef leiguferðir eru farnar í loftförum, sem ekki eru í eigu flytjandans eða hann hefur sambærileg umráð yfir samkvæmt leigusamningi, þarf til þess sérstakt leyfi.

3. gr.

Leyfi til leiguflugs hvort, sem er til eða frá Íslandi, skal veita að uppfylltum öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar. Þó getur samgönguráðuneytið takmarkað eða bannað alveg leiguflug, einstakar ferðir eða um tiltekinn tíma á tilteknum flugleiðum, þar sem reglubundið áætlunarflug er fyrir á meðan það er stundað, enda fullnægi framboð á áætlunarleiðum eftirspurn og áætlunarleyfishafi fullnægi þeim skilyrðum sem honum eru sett í leyfisbréfi um tíðni ferða, um þjónustu að öðru leyti, um far- og farmgjöld og annað, sem skilyrði kunna að verða sett um.

Við mat á því hvort áætlunarflug þjónar tilteknum stað augljóslega, skal taka mið af eftirfarandi:

a. Fjarlægð milli áætlunarflugvallar og hins tiltekna staðar.
b. Samgöngum milli þeirra: tíðni ferða, tíma sem þær taka og þeim samgöngutækjum sem völ er á.
c. Hvort ferðalag milli staðanna bakar ferðafólki mikla og óþarfa fyrirhöfn eða fjárútlát.

4. gr.

Loftför, sem notuð verða til leiguflugs til og frá Íslandi skulu tryggð fyrir slysum á farþegum og tjóni á varningi sem fluttur er, svo og tjóni sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna loftfarsins, í samræmi við reglur um vátryggingar vegna loftfara.

5. gr.

Flugmálastjórnn getur krafist þess, að umsóknir um leyfi til leiguflugs séu á þar til gerðum eyðublöðum.

6. gr.

Þegar rætt er um umsóknarfresti í þessari reglugerð, reiknast laugardagar, sunnudagar og almennir hátíðis- og helgidagar ekki með í þeim fresti.

II. KAFLI
ALFERÐIR
A. Skilyrði leyfisveitingar.

1. Flug frá Íslandi

7. gr.

Alferðir nefnist leiguflug þar sem allt hið leigða rými skal notað eingöngu til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

8. gr.

Alferð er ferð sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a. Ferðatilhögun sé þannig, að sameiginleg sé flugferð frá brottfararstað og til baka aftur, gisting og skoðunarferðir, ef einhverjar eru. Það telst einnig alferð ef flugferð er sameiginleg frá brottfararstað og til baka aftur og bifreið (langferða- eða bílaleigubíll) sem leigð er allan tíma ferðarinnar.

b. Við brottför frá Íslandi skulu þátttakendur hvers alferðarhóps eigi vera færri en 10 og bundnir við sömu ferðatilhögun á vegum sama leigutaka. Heimilt er að flytja fleiri en einn slíkan hóp í sama loftfari, enda fullnægi hver þeirra ákvæðum þessarar reglugerðar að öðru leyti.
Séu þátttakendur færri en 10, er engu að síður heimilt að fara ferðina, enda hafi leigutaki greitt fyrir a. m. k. 10 farþega. Auð sæti, sem með þessu móti kunna að skapast er óheimilt að selja nema allir þættir alferðarinnar fylgi jafnframt.

c. Brottför og heimför skal vera sameiginleg öllum þátttakendum í hverri alferð um sig. Sú skylda hvílir á flytjanda og leigutaka, að gæta þess, að allir þátttakendur í alferð komi saman heim. Sé það eigi unnt skal tilkynning þar um berast flugmálastjórn í síðasta lagi þegar eftir komu loftfarsins til Íslands.

d. Breytingar á flugáætlun þeirri sem var grundvöllur leyfis til alferðar eru háðar samþykki flugmálastjórnar.

e. Leyfi flugmálastjórnar eða staðfest afrit af því, skal vera í loftfari er flytur alferðarhópinn. Skylt er að sýna það fulltrúum flugmálastjórnar eða öðrum hlutaðeigandi opinberum starfsmönnum ef krafist er.

9. gr.

Þátttakendur í alferð skulu greiða fyrir alla þætti ferðarinnar. Endurgreiðsla vegna einstakra þátta ferðarinnar er óheimil.

10. gr.

Aðila, sem tekið hefur loftfar á leigu, til að nota í alferðum og skráður er leigutaki hjá flugmálastjórn, er óheimilt að framselja leigurétt sinn.

11. gr.

Nú fullnægir leigutaki ekki skyldum sínum samkvæmt samningi og er flytjandi engu að síður skyldur til að flytja þá farþega aftur til Íslands, sem hann hefur flutt þaðan.

2. Flug til Íslands.

12. gr.

Allt hið leigða rými í loftfari, hvort sem leigutaki er einn eða fleiri, má eingöngu nota til flutnings á þátttakendum í alferðum og farangri þeirra.

Að auki skal alferðin uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Í ferðinni sé innifalin flugferð til Íslands og til baka aftur, svo og gisting þann tíma sem dvalið er á Íslandi.
b. Í stað gistingar er heimilt að innifalinn sé bílaleigubíll þann tíma sem dvalið er á Íslandi, eða skipulagðar ferðir með langferðabílum þannig að innifalin sé svefnaðstaða og fæði.

13. gr.

Þátttakendur skulu greiða fyrir alla þætti ferðarinnar. Endurgreiðsla einstakra þátta ferðarinnar er óheimil.

14. gr.

Nú fullnægir leigutaki ekki samningsskyldum sínum skv. leigusamningi og er flytjanda engu að síður skylt að flytja til baka þá farþega sem hann hefur flutt til Íslands.

B. Umsóknir.

15. gr.

Nái umsókn til fjögurra alferða eða færri á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaksmánuðir eða minna, skal hún hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför í fyrstu ferðina.

Sé sótt um leyfi til fleiri en fjögurra alferða á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaksmánuðir eða minna, skulu umsóknarfrestir vera sem hér segir: Ef ferðirnar eru fyrirhugaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október skulu umsóknir hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 15. febrúar á því ári. Sé sótt um fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. mars, þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 1. október, næst á undan umræddu tímabili.

16. gr.

Í umsókn um leyfi till alferða skulu eftirtalin atriði greind:

a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími til og frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
e. Skilmálar alferðanna, svo sem einstök atriði dagskrár, gistingar, bílaleigubílar ef um slíkt er að ræða, hver greiðsla sé ákveðin fyrir hvern farþega o. s. frv.
f. Upplýsingar um vátryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

C. Farþegalistar.

17. gr.

Fyrir hverja alferð ber að útbúa farþegalista, og skal honum skilað til flugmálastjórnar í síðasta lagi 4 dögum eftir að alferðin hófst. Skal hann vera skýrt og skilmerkilega ritaður og innihalda eftirtaldar upplýsingar:

a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
b. Dagsetning, tímaáætlun og númer flugs.
c. Brottfarar- og ákvörðunarstað.

d. Nafn, nafnnúmer, heimilisfang og síma leigutaka.
e. Nöfn farþega, nafnnúmer og heimili.

Fljúgi einhver aðili án endurgjalds ber að taka það sérstaklega fram á farþegalistanum.

Séu fleiri en einn alferðarhópur í sömu flugferðinni ber að tilgreina brottför og heimkomu sérstaklega fyrir hvern hóp.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga ef sérstakar ástæður þykja til.

III. KAFLI
LEIGUFLUG FYRIR FÉLAGSSAMTÖK.
A. Skilyrði leyfisveitingar.

18. gr.

Allt rými loftfars skal leigt tilteknum félagssamtökum. Þó er heimilt að allt að þrjú slík félagssamtök hafi loftfar á leigu í sameiningu, enda hafi þau sameiginlegt markmið með fluginu.

19. gr.

Félagssamtök, sem sækja um leyfi til leiguflugs skulu hafa verið til í a. m. k. 2 ár þegar leyfið er veitt, hafa starfað jafnt og þétt og hafa annað markmið en ferðalög og skipulagningu þeirra.

Félagar í samtökum, sem sækja um leyfi til leiguflugs, skulu eigi vera fleiri en 5000.

Þátttakendur í leigufluginu skulu hafa verið skráðir félagar í samtökunum í a. m. k. 6 mánuði þegar ferðin hefst eða vera maki félaga eða barn undir 18 ára aldri, sem er á framfæri hans.

Aðild að viðkomandi félagssamtökum skal sanna með þeim hætti, sem talin er fullnægjandi, svo sem með framlagningu félagsskírteinis, kvittun fyrir greiðslu félagsgjalda, afriti úr félagatali eða öðrum sambærilegum hætti.

Formaður félagsskapar eða annar sem er í fyrirsvari fyrir hann, skal undirrita sérstakt eyðublað til staðfestingar á því að skilyrðum 19. og 22. gr. sé fullnægt.

B. Umsóknir.

20. gr.

Umsóknir um leyfi til leiguflugs fyrir félagssamtök skulu berast flugmálastjórn 15 dögum fyrir áætlaða brottför sé flogið til eða frá stöðum innan Evrópu. Ef um er að ræða flug til eða frá stöðum utan Evrópu er fresturinn 30 dagar.

21. gr.

Í umsókninni skulu eftirtalin atriði greind:
a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
d. Nafn, nafnnúmer, heimilisfang og sími leigutaka og afrit af leigusamningi.
e. Upplýsingar um vátryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari gagna eða upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

C. Farþegalistar.

22. gr.

Farþegalista ber að útbúa fyrir hverja leiguferð, sem farin er á vegum félagasamtaka. Listann skal senda flugmálastjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir brottför.

Að öðru leyti skal um farþegalistann búa í samræmi við ákvæði í 17. gr. þessarar reglugerðar, eftir því em við á.

IV. KAFLI
LEIGUFLUG TIL EIGIN NOTA.
A. Skilyrði leyfisveitingar.

23. gr.

Leigutaki skal hafa á leigu allt rými loftfarsins. Honum ber og að hafa ákveðið ákvörðunarstað flugsins.

Ferðina má ekki auglýsa í fjölmiðlum eða með öðrum opinberum hætti.

Leigutaki tekur á sig öll útgjöld varðandi ferðina og er honum óheimilt að taka endurgjald fyrir þátttöku í ferðinni og annað sem henni fylgir.

B. Umsóknir.

24. gr.

Umsóknir um leiguflug til eigin nota skulu berast flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför frá eða komu til Íslands.

25. gr.

Í umsókn um leyfi til leiguflugs til eigin nota skulu eftirfarandi atriði greind:

a. Nafn, nafnnúmer og heimili flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
e. Markmið ferðanna, sem sótt er um leyfi fyrir.
f. Upplýsingar um vátryggingar skv. 4. gr.

V. KAFLI
NÁMSMANNAFLUG.
A. Skilyrði leyfisveitingar.

26. gr.

Leigutaki skal hafa á leigu allt rými loftfarsins og vera viðurkennd menntastofnun eða nemendasamtök við slíka stofnun.

Þessir aðilar geta verið þátttakendur í leiguflugi fyrir námsmenn:

a. Nemendur í háskóla eða öðrum hliðstæðum menntastofnunum.
b. Fólk sem lokið hefur lokaprófi frá stofnun á því ári sem ferð er farin.
c. Nemendur á öðrum lægri skólastigum, hafi þeir lokið námsefni a. m. k. eins misseris við viðkomandi skóla.
d. Kennarar og annað starfsfólk viðkomandi skóla eða aðrir sem nauðsynlegir þykja til að leiða slíka hópa.
e. Makar námsmanna og börn undir 18 ára aldri, sem eru á framfæri námsmanna.

Leigutaki eða annar sem er í fyrirsvari fyrir hann, skal sanna að ákvæðum þessarar greinar sé fullnægt, með framlagningu nemendaskírteina, afrit úr nemendaskrá eða öðrum sambærilegum hætti sem fullnægjandi getur talist.

B. Umsóknir.

27. gr.

Nái umsókn til fjögurra flugferða eða færri á tímabili, sem telst tveir samliggjandi almanaksmánuðir eða minna, skal hún hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum áður en áætlað er að leggja upp í fyrstu ferðina.

Sé sótt um fleiri en fjórar leiguferðir á tímabili sem telst tveir samliggjandi almanaksmánuðir eða minna, skal umsóknarfrestur vera sem hér segir: Ef ferðirnar eru fyrirhugaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október skulu umsóknir hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 15. febrúar á því ári. Sé sótt um fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. mars, þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 1. október næst á undan umræddu tímabili.

28. gr.

Í umsókn um leyfi til námsmannaflugs skulu eftirfarandi atriði greind:

a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
e. Upplýsingar um vátryggingu skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

VI. KAFLI
LEIGUFLUG VEGNA SÉRSTAKRA VIÐBURÐA.

29. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til leiguflugs, sem farið er vegna sérstakra viðburða, svo sem íþróttaviðburða, listviðburða, ráðstefna o. s. frv.

A. Skilyrði leyfisveitingar.

30. gr.

Leigutaki skal hafa allt rými loftfarsins á leigu og mega ekki aðrir vera með í för en þeir sem hyggjast taka þátt í eða vera viðstaddir viðburðinn.

31. gr.

Brottför og heimför skal vera sameiginleg öllum þátttakendum í ferðinni og samrýmast þeim viðburði sem er tilefni ferðarinnar.

Í ferðini á að vera innifalið a. m. k. ferð fram og til baka, ferð frá flugvelli til þess staðar sem viðburður fer fram á og til baka aftur og aðgangur að honum.

Sérhver þátttakandi greiðir fyrir alla þætti ferðarinnar og er endurgreiðsla vegna einstakra þátta óheimil.

B. Umsóknir.

32. gr.

Umsóknir um leyfi til leiguflugs vegna sérstakra viðburða verða að hafa borist flugmálastjórn eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir áætlaða brottför eða komu til Íslands.

33. gr.

Í umsókn um leyfi til leiguflugs vegna sérstakra viðburða skulu eftirfarandi atriði greind:

a. Nafn, nafnnúmer og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
d. Nafn, nafnnúmer, heimili og sími leigutaka og afrit af leigusamningnum.
e. Viðburðurinn sem er tilefni ferðarinnar og einstakir þættir ferðarinnar.
f. Upplýsingar um vátryggingar skv. 4. gr.

Flugmálastjórn getur krafist frekari upplýsinga eftir því sem nauðsynlegt þykir.

VII. KAFLI
VIÐURLÖG GILDISTAKA OG FLEIRA.

34. gr.

Brot gegn reglum þessum varða afturköllun leyfa, synjun frekari leyfa og sektum eða varðhaldi.

35. gr.

Eftirlit með því að framangreindum reglum sé framfylgt er í höndum flugmálastjórnar. Getur flugmálastjórn krafið flytjanda, leigutaka eða farþega um þær upplýsingar sem þörf er talin á, til að ganga úr skugga um að ekki sé um ólögmætt athæfi að ræða.

36. gr.

Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar ef sérstökum ástæðum er til að dreifa.

37. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 22

REGLUR

14. janúar 1985

um breyting á reglum nr. 23 29. janúar 1982 um bráðabirgða-tollafgreiðslu gegn fjártryggingu.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Greiðsla skv. 1. gr. skal vera útreiknuð ríkissjóðsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 5000 krónur.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Fyrir tollmeðferð vöru samkvæmt reglum þessum skal greiða til viðkomandi tollstjóraembættis sérstakt afgreiðslugjald, 500 krónur, sem greiðist við fullnaðartollafgreiðslu vöru og rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. og 23. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUR

um uppgjör fyrir búvöruframleiðslu á verðlagsárinu 1983/1984, skv. 2. mgr. 9. gr. reglug. nr. 465/1983.

I. Almenn regla.

1. gr.

A) Bú með framleiðslu sem er í ærgildisafurðum 200 eða minna, verða undanþegin verðskerðingu ef þau eru aðaltekjuöflunarþáttur viðkomandi framleiðenda, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þó framleiðslan fari fram úr búmarki.

B) Réttur er til að færa 15% á milli kindakjöts og mjólkur svo sem verið hefur áður.

II. Verðskerðing kindakjöts.

2. gr.

A) Engin verðskerðing verði reiknuð á kindakjöt innan búmarks hjá framleiðendum á lögbýlum.
Reikna skal 25% verðskerðingu á það kjöt, sem er umfram búmark á lögbýlum, en þó skal felld niður verðskerðing á ærkjöti, ef framleiðendur hafa fellt allan stofninn haustið 1983 og hafa tilkynnt það til Framleiðsluráðs. Heimilt er að reikna aðeins 5% verðskerðingu á ærkjöt umfram búmark, hafi menn fækkað mikið en ekki fellt allan stofninn, þó þeir framleiðendur hafi ekki tilkynnt það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

B) Framleiðendur í þéttbýli sem hafa búmark, verði reiknuð 10% verðskerðing á kjötframleiðslu innan búmarks, en 25% á kjöt umfram búmark. 25% verðskerðing verði reiknuð á alla kjötframleiðslu hjá þeim sem ekkert búmark hafa.

III. Verðskerðing mjólkur.

3. gr.

A) Á mjólkurframleiðslu frá 90% búmarks upp að búmarki, að teknu tilliti til tilfærsluréttar samkvæmt lið 1. gr. B, fái 10% verðskerðingu, þó ekki á minni búum en 300 ærgildi eða minna skipt í hlutfalli við framleiðslu eins og á síðasta verðlagsári.

B) Mjólkurframleiðslan umfram búmark, sbr. þó lið 1. gr. B, fái 55% verðskerðingu.

C) Undanskilin allri verðskerðingu er mjólkurframleiðsla hjá eftirtöldum mjólkursamlögum:

	Lítrar
M.s. V-Barðstrendinga, Patreksfirði	817 361
M.s. Ísafirðinga, Ísafirði	1 497 439
M.s. Kf. Langnesinga, Þórshöfn	261 113
M.s. Kf. Vopnafirðinga, Vopnafirði	673 385
M.s. Kf. Fram, Norðfirði	567 371
M.s. Kf. Berufjarðar, Djúpavogi	385 813
	4 202 482

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40. 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskylda verður á Höfðagrund gagnvart Innesveg.

Auglýsing þessi taki gildi 21. janúar n. k.

Bæjarfógetinn á Akranesi.

Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.

Nr. 25 8. janúar 1985

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Hveragerðishreppi fyrir árið 1985.

1. gr.

Sorphreinsunargjald samkvæmt reglugerð um sorpheimtu í Hveragerði nr. 39/1983 fyrir árið 1985 verður kr. 900.00.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 26 8. janúar 1985

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Hveragerðishreppi fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir að fá að halda hund í Hveragerðishreppi, sbr. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 597/1982, verður kr. 3 000,00 fyrir árið 1985.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um (aðra) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, skal afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

	Kl.
Dalvíkur Apótek	
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:15—18
Apótek Grindavíkur	
Mánudaga—föstudaga	9—12:30 og 14—18
Nesapótek Seltjarnarnesi	
Mánudaga—föstudaga	9—19
Laugardaga	10—12
Aðfangadag og gamlársdag	9—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

11. janúar 1985 Nr. 28

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254 15. maí 1979, um hámarkstölu leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15 sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, sýslunefndar Strandasýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu Kverkár í Bakkafirði.

1. Félagið heitir Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu Kverkár í Bakkafirði. Heimili þess og varnarþing er Skeggjastaðahreppur N-Múlasýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Miðfjarðará og Litlu Kverká en þær eru Miðfjörður I, Melavellir, Miðfjörður II, Miðfjarðarnessel og Kverkártunga. Félagið starfar í tveim deildum. Deild I: Miðfjarðará að Fálkafossi og Litla Kverká að Klapparfossi. Deild II: Miðfjarðará frá Fálkafossi að upptökum.
3. Sérstakar 3ja manna undirstjórnir eru í hverri deild. Verkefni félags er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í júlímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt meðfylgjandi arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Miðfjarðará og Litlu Kverká í Bakkafirði.

Deild I.

Arður skiptist í 13 arðshluta, sem skiptast þannig milli jarða:

Miðfjarðarnessel	—	4	hlutir í Miðfjarðará og ½ hluti í Kverká.
Kverkártunga	—	2	hlutir í Miðfjarðará og ½ hluti í Kverká.
Miðfjörður I	—	1½	hluti í Miðfjarðará og 0 hluti í Kverká.
Melavellir	—	1½	hluti í Miðfjarðará og 0 hluti í Kverká.
Miðfjörður II	—	3	hlutir í Miðfjarðará og 0 hluti í Kverká.

Deild II:

Kverkártunga	50%
Miðfjörður	50%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

10. janúar 1985 Nr. 31

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Tunguóss í Fróðárhreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Efri og Neðri Hrísar og Þorgilsstaðir	90 einingar
Tunga	140 einingar
Kötluholt	303 einingar
Fagrahlíð	80 einingar
Tröð	80 einingar
Mávahlíð	307 einingar
Samtals	1000 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1985.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfsgreinasjóð Rotary á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 10. júlí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

Umdæmi 136

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir starfsgreinasjóð Rótary á Íslandi.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Starfsgreinasjóður Rótary á Íslandi." Sjóðurinn er stofnaður af Rótaryumdæminu á Íslandi í tilefni af 50 ára afmæli Rotary á Íslandi 13. september 1984. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000,00 frjáls framlög Rotarymanna á Íslandi.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnfé hans og öll önnur framlög í sjóðinn. Raungildi höfuðstóls sjóðsins má aldrei skerða. Ávaxta skal sjóðinn á þann hátt, sem ríkulegastur er talinn á hverjum tíma.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans og framlög, er honum berast og skal þeim varið til árlegrar veitingar viðurkenningar, sbr. 5. grein, nema sjóðsstjórn telji rétt að fella veitningu niður. Sé veiting viðurkenningar felld niður, ákveður sjóðsstjórnin hvort úthlutunarfénu skuli bætt við höfuðstól sjóðsins eða geymt til úthlutunar síðar.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi afrek, sem unnin eru í einhverri starfsgrein á umdæmissvæðinu eða fyrir merkar nýjungar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal leita eftir ábendingum um æskilega aðila til að hljóta viðurkenningu, sérstaklega frá Rótarymönnum.

7. gr.

Að jafnaði skal ákveða veitingu viðurkenningar fyrir umdæmisþing Rótary á Íslandi og tilkynna hana á umdæmisþingi, sbr. þó 4. gr.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og 5 til vara og skulu þeir kosnir af umdæmisráði til fimm ára, þannig að einn gangi úr stjórninni árlega. Umdæmisráð skipar einn þeirra formanna sjóðsstjórnar til eins árs í senn. Hverjum stjórnarmanni er aðeins heimil stjórnarseta fimm ár í senn.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní og skal sjóðsstjórnin semja reikninga hans árlega og leggja fyrir endurskoðendur. Umdæmisráð skipar tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn. Reikningarnir skulu einnig endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

10. gr.

Ákvæðum skipulagsskrár þessarar verður aðeins breytt með samhljóða samþykki sjóðsstjórnar, samþykki umdæmisráðs og samþykki dómsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. janúar 1985 Nr. 33

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld	Kr.
1.1 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	300
1.2 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	100
1.3 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	1 000
1.4 Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breytinga skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarmerkjum	300

2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t. d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiði eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfilhreyflum eru:

a) fyrir loftför allt að 5700 kg	2,00 kr/kg
b) fyrir loftför 5701—50000 kg	11 400 kr.
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	0,90 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	51 270 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	0,45 kr/kg

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um, hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.

3.3 Hálft árlegt skoðunar- og efitrlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiði eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:

	kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	1 500
b) fyrir hvert loftfar 2701-5700 kg	3 000
c) fyrir hvert loftfar 5701 — 50000 kg	10 000
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	15 000

4. Prófgjöld.

4.1 Fyrir bókleg próf greiðast eftirtalin gjöld:

a) einkaflugmannspróf	500
b) atvinnuflugmannspróf I. og II. flokks	1 000
c) blindflugspróf	750
d) flugkennarapróf	750
e) flugumsjónarmannspróf	1 000
f) flugvéltæknispróf	1 000
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf	500
h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	200

4.2 Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

5.1 Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 815 21. desember 1983 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1985

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 4,80 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af þunga þess.

2.2. Loftfar knúið hverfilhreyflum skal fyrir hverja skráða lendingu í innanlandsflugi á flugvöllum, sbr. gr. 1.3., greiða kr. 10,00 fyrir hver byrjuð 1.000 kg af þunga þess.

2.3. Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkvæmt kjarasamningi flugvallastarfsmanna í 10. lfl., þó ekki, ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 08,00—17,00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 24 klst.

3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,20 Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1.000 kg af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

4.6. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingargjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.

5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Eldsneytisgjald.

6.1. Af öllu eldsneyti til loftfara, sem selt er á þeim flugvöllum er gjaldskráin tekur til, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:

a) Flugbensín, kr. 1,00 á hvern lítra.

b) Þotueldsneyti, kr. 0,50 á hvern lítra.

6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

6.3. Heimilt er flugmálastjórn að endurgreiða gjaldið vegna eldsneytis, sem sannanlega er notað til millilandaflugs.

7. Flugskýlisgjald.

7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1.000 kg af þunga loftfars:

a) Innanlandsflug: Kr. 8,00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 120,00 á mánuði.

b) Millilandaflug: Samsvarandi 3,10 Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess.

8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 817 21. desember 1983 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1985

14. janúar 1985 81 Nr. 35

REGLUGERÐ

um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 20. janúar 1985, uns annað verður ákveðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

a. 65° 04′N — 24°27′V
b. 65° 07′N — 24°42′V
c. 65° 19′N — 24°36′V
d. 65° 08′N — 24°03′V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 35. Útgáfudagur 18. janúar 1985.

B 6

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Nr. 36 82 16. janúar 1985

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessa sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 267,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald	
400—2 000 m^3 =	29 300,00 kr. fyrir	400 m^3 22,50 kr/m^3 þar yfir
2 000—6 000 m^3 =	66 300,00 kr. fyrir	2 000 m^3 21,00 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3 =	146 800,00 kr. fyrir	6 000 m^3 17,70 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3 =	221 700,00 kr. fyrir	10 000 m^3 14,50 kr/m^3 þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 12,00
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 111,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 248,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 504,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 444 22. nóvember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 12,40
2. Um hemil, fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils .... kr. 3 400,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m^3.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4" ..... kr. 1 580,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" ..... kr. 2 230,00

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m^3 ..... kr. 29 500,00
400 til 2 000 m^3 ..... kr. 29 500,00
af 400 m^3 + ... kr. 24,90
á m^3 þar yfir að 2 000 m^3.
2 000 m^3 ..... kr. 69 300,00
+ ..... kr. 20,20
á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 2 630,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 332,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 678 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	kr/kWh	Fastar greiðslur í krónum Daggreiðslur	Árgreiðslur
	A-LÝSING			
A.1.	Með fastagjaldi	4,74	0,21	80,08/m²
A.2.	Án fastagjalds	12,54		
	B-HEIMILISNOTKUN OG FL.			
B.1.	Heimilisnotkun	3,57	0,81	299,00/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn	7,30		
	C-VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	4,74	2,73	998,00
C.2.	Með rofi 1½ klst. á dag	3,58		
C.3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,21	11,70	4 270,00
	D-HÚSHITUN			
D.1.	Án rofs	2,09		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	1,13		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	1,03		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	0,82		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	0,59		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	0,76		
D.7.	Rof	0,95		
	E-ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing			15 400,00 kW/ár
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		613,00	
	MÆLA-OG ROFALEIGA			
10	Einfasa		0,66	242,00
11	Einfasa með rofa		3,49	1 276,00
20	Þrífasa		2,58	943,00
21	Þrífasa með rofa		5,42	1 980,00
24	Þrífasa með 2 rofum		6,63	2 420,00
30	Þrífasa með aflmæli		4,12	1 507,00

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

A. 1 Til lýsingar og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×332 A. og 3×50 A. 220 V.

C. Vélar.

C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.

C. 2 Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1 1/2 klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín.

D. Hitun.

D. 3 Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14 1/2 klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið. Heimilt er einnig að áætla hlutdeild næturhitunar í heildar notkun og lækka verð í hlutfalli við það, ef hlutdeild næturhitunar er minni en 15% af heildarmælingu.

D. 6 Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.
Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefnd m.a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð dieselolíu á hverjum tíma.
d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. Að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D1.
g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

E. Annað.

E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E. 2 Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunnar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur aðalvara 220 V. kerfi Amp.	380 V. kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
2.01	2×35	1×35	7	9 990,00
2.02	2×60	1×60	13	12 000,00
2.03	3×60		22	14 600,00
2.04	3×100	3×60	38	20 400,00
2.05		3×100	66	29 700,00
2.06	2×200		76	33 000,00
2.07	3×350	3×200	132	51 500,00
2.08		3×350	231	84 400,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1×35 Amp.			3 700,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3×35 Amp.			7 400,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3×60 Amp.			12 500,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			476,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01	150	68 600,00
3.02	300	130 000,00
3.03	500	209 000,00
3.04	600	246 000,00
3.05	800	328 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig: Yj=(445,00+0,45×kVA) kr/m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj=(298,00+0,28×kVA) kr/m að viðbættum kr. 5 280,00 á hvern stólpa í umframlínu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 24% og verðjöfnunargjald 16% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 683 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 39 17. janúar 1985

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	11,00 kr. á kWh
1.2	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	5,70 kr. á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	4,00 kr. á kWh

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	6,31 kr. á kWh
	Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	18 990,00 kr. á ári.
	Aflgjald frá 3—5 kW	6 330,00 kr. á kW
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	1,59 kr. á kWh
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	5 630,00 kr. á kW á ári.
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	1,41 kr. á kWh
3.4	Til súgþurrkunar	
	Fast gjald	F1
	Orkugjald	1,75 kr. á kWh

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	2,48 kr. á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	

		Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði	Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði
4.2	Fast gjald	420,00 kr/kW/ári	6 630,00 kr/ári
	Orkugjald	1,39 kr/kWh	0,76 kr/kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Orkugjald	0,95 kr/kWh	0,61 kr/kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	4,00 kr. á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.
Föst gjöld.

F1		77,50 kr. á mán.
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	2,92 kr. á m² mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	1,72 kr. á m² mán.
F3		2210,00/ári.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, 25 m² eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... 420,00 kr. kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 790,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 417,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 163,00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 11 724,00
5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 121 22. febrúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 17. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald ..... 5,51 kr/kwh.
1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... 6,85 kr/kwh.
1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... 7 370,00 kr/kw/ár
Viðhaldsgjald ..... 8 129,00 kr/kw/ár
Gjald alls ..... 15 499,00 kr/kw/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... 4,43 kr/kwh.
2.2. Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.
Orkugjald ..... 2,49 kr/kwh.

3. Vélar o. fl.

3.1. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kw. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... 1,62 kr/kwh.
Aflgjald ..... 5 976,00 kr/kw á ári.

4. Hitun

4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 2,54 kr/kwh.
4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.
Orkugjald ..... 0,97 kr/kwh.
4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,63 kr/kwh.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 0,92 kr/kwh.
4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.
Orkugjald næturtaxti 9 stundir ..... 1,19 kr/kwh.
Orkugjald dagtaxti 15 stundir ..... 6,59 kr/kwh.

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b) Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrám.
d) Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Fastagjald

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr.
Orkumælir, einfasa	1 945,00
Orkumælir, þrífasa	4 280,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	4 788,00
Orkumælir fyrir sumarhús	6 225,00
Aflmælir	4 571,00
Aflmælar með straumspennum	5 079,00
Tvígjaldsmælir	4 593,00
Klukka	400,00

III Heimtaugargjald

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	25 080,00	816,00	6 688,00
3 × 63	27 170,00	816,00	11 550,00
3 × 100	43 120,00	1 254,00	14 630,00
3 × 200	85 250,00	2 068,00	
3 × 315	135 300,00	2 409,00	
3 × 400	172 700,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	306 900,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	515 900,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 420,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 391 31. ágúst 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

22. janúar 1985 Nr. 41

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

Sé tollverð innfluttrar vöru eða einhver hluti þess tilgreindur í erlendri mynt skal breyta því eða hluta þess í innlenda mynt miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi er sölugengi erlendrar myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi, þannig ákveðið, gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánaðuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. og 6. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlendrar myntar skv. 1. mgr. fellur úr gildi ef skráning Seðlabankans á sölugengi hennar fellur niður eða tollafgreiðslugengi er breytt skv. 3. gr.

Hafi skráning á sölugengi erlendrar myntar verið felld niður er fyrsta sölugengi myntar sem Seðlabankinn skráir að nýju það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Verði breyting, 5% eða meiri, á sölugengi einnar eða fleiri erlendrar mynta milli gengisskráninga Seðlabankans ákveður fjármálaráðuneytið með auglýsingu nýtt tollafgreiðslugengi er gildi frá og með útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda sem hún er birt í til loka mánaðarins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendri mynt sem ekki er skráð í almennri gengisskráningu Seðlabankans, skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. og 6. gr.

5. gr.

Hafi innflytjandi vöru, áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, sbr. 2. mgr. 2. gr., afhent tollstjóra skjöl til tollmeðferðar á vöru og þau eru að öllu leyti fullnægjandi skv. 1. tl. 14. gr. tollskrárlaga til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað eða þarfnast aðeins leiðréttingar vegna endurútreiknings aðflutningsgjalda vegna breytinga sem orðið hafa á tollafgreiðslugengi frá því að varan var upphaflega tekin til tollmeðferðar, er heimilt að miða gjöld af henni við það tollafgreiðslugengi sem síðast gilti, enda sé leiðréttingu aðflutningsskýrslu og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan fimm virkra daga talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis, sbr. þó 6. gr. Sama skal gilda hafi innflytjandi vöru afhent tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna hennar og sannanlega greitt kröfu hennar vegna í banka áður en tollafgreiðslugengi fellur úr gildi, enda sé tollstjóra afhentur bankastimplaður vörureikningur og fullnaðartollafgreiðslu vörunnar lokið innan fimm virkra daga talið frá og með gildistökudegi hins nýja tollafgreiðslugengis.

Leiði ekki breytingar á tollafgreiðslugengi, eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið lögð inn hjá tollstjóra, til hækkunar aðflutningsgjalda umfram 700 kr., er heimilt að tollafgreiða viðkomandi vöru án endurútreiknings og leiðréttingar aðflutningsskýrslunnar. Fjárhæð þessi er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 1984 (185 stig) og breytist í samræmi við hana.

6. gr.

Vöru sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn fjártryggingu í peningum skv. 21. gr. tollskrárlaga, skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gilti þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda sé gætt frestsskilyrða 2. og 6. gr. reglna nr. 23/1982 við fullnaðartollafgreiðslu.

Ökutæki sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan þriggja mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutningur hefur verið heimilaður á umfram þrjá mánuði og eigi eru endurútflutt, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

Vöru sem heimilaður er tímabundinn innflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollskrárlaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu vöru var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldarviðurkenning sem ber hæstu vexti verið gefin út til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, varan verði eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákveður. Sé trygging sett með öðrum hætti skal miða við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er við fullnaðartollafgreiðslu.

7. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendrar myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við ákvæði 21. gr. tollskrárlaga, sbr. reglur nr. 23/1982. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendrar myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða fyrir gjaldeyrisyfirfærslur vegna innfluttra vara. Ríkissjóðsgjöld, við það miðuð, skulu innheimt án álags skv. 2. gr. reglna nr. 23/1982, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við tollafgreiðslugengi það sem gildi tekur er sölugengi erlendrar myntar er skráð að nýju og skal innflytjandi vegna lokauppgjörs afhenda viðkomandi tollstjóra fullnægjandi aðflutningsskjöl innan fimm virkra daga frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 25/1983 um sama efni og reglugerð nr. 316/1983 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

8. janúar 1985 Nr. 42

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 480/1984 um innheimtu þinggjalda á árinu 1985.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1983 og 1984 að tekjuskattsstofn hans á tekjuárinu 1984 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1983, eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 25%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Bolungarvík.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum byggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Bolungarvík, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

	%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1,50
Tvíbýlishús og raðhús	1,00
Fjölbýlishús	0,75
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,00
Opinberar byggingar	1,50
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsnæði	0,75
Aðrar byggingar	1,25

Gjald af húsnæði til atvinnurekstrar, minna en 500 m^3, skal þó aldrei vera lægra en það yrði, ef viðkomandi húsnæði væri gjaldlagt sem íbúðarhúsnæði. Af kjöllurum og rishæðum, sem ekki eru nýtt til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálft gjald. Sama gildir um bifreiðageymslur, af þeim skal greiða hálft gjald þeirrar húsgerðar, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Stærðir bygginga skal reikna skv. IST. 50.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðarbyggingar skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð.

	m^3
1. Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500
2. Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	400
3. Íbúðir í fjölbýlishúsum	300

Í öðrum byggingum skal við útreikning lágmarks rúmmáls til A-gjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð, skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins, um þá upphæð, sem svarar til gjalds hússins, sem rifið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr. nýja hússins.

Hafi ákvæðum 3. gr. um lágmarksstærðir verið beitt við álagningu gatnagerðargjalds, skulu viðbyggingar vera gjaldfrjálsar að svo miklu leyti sem þær falla enn innan lágmarksstærðanna.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. skulu breytast til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar gefinni út af Hagstofu Íslands. Skulu gjöldin reiknuð miðað við byggingarvísitölu og byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma þegar teikning er samþykkt í bygginganefnd.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 2. gr. skulu vera sem hér segir:

a) Greiða skal 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu.
b) Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt og skulu taka breytingu í samræmi við ákvæði 4. greinar.
c) Gjöld samkvæmt ákvæðum 7. gr. skal greiða áður en byggingaframkvæmdir hefjast.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæðum b) og c) liða þessarar greinar og semja um aðra gjaldfresti, þegar sérstaklega stendur á.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði eins rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarks gjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi.

8. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

9. gr.

Sé ekki innt af hendi greiðsla á hluta gatnagerðargjalds sbr. ákvæði a) liðs 6. greinar, fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi.

10. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Framkvæmdir teljast hafnar er undirstöður hafa verið steyptar. Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er bæjarsjóði að haga endurgreiðslu sem hér segir:

a) Eftir 3 mánuði endurgreiðast 50%.
b) Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 6 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar sú úthlutun fer fram.

Nýti bæjarsjóður heimild til að haga endurgreiðslu svo sem að framan segir skal greiða almenna innlánsvexti af innstæðu fyrri lóðarhafa, sem ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur.

Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum, skal sama gilda um endurgreiðslu, utan það að vextir greiðast þá ekki.

11. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og/eða aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfis greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem áður var geitt af sama áfanga.

12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega þegar byggingar eru afbrigðilegar og sérhæfar um notkun og annað slíkt.

Með greiðslu A-gjalda er einnig greitt fyrir stofngjald vatnsveitu og stofngjald holræsis og skulu 20% af gjaldinu renna til vatnsveitu og 80% til gatna- og holræsagerðar. Heimilt er þó bæjarstjórn að ákveða aðra skiptingu.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og frágang gangstétta.

13. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Bolungarvík, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

14. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

	%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,00
Tvíbýlishús	2,00
Fjölbýlishús	1,50
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,00
Opinberar byggingar	3,00
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsnæði	1,50
Aðrar byggingar	2,50

Gjald af húsnæði til atvinnurekstrar, minna en 500 m^3 skal þó aldrei vera lægra en það yrði, ef viðkomandi húsnæði væri gjaldlagt sem íbúðarhúsnæði.

Af kjöllurum og rishæðum, sem ekki eru nýtt til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálft gjald. Sama gildir um bifreiðar geymslur, af þeim skal greiða hálft gjald þeirrar húsgerðar, sem á lóðinni eru.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluta þess skal lóðarhafi greiða kr. 20,00 af hverjum fermetra lóðar.

15. gr.

Gjald skal miðað við stærð íbúðarbygginga samkvæmt samþykktum teikningum. Ef ekki eru fyrirliggjandi teikningar af eldri húsum skal gjaldið miðað við stærð húss og lóðar samkvæmt gildandi fasteignamatsskráningu.

Lágmarksstærð húseigna til álagningar skal miða við 250 m^3.

Í öðrum byggingum en íbúðarbyggingum skal við útreikning lágmarksrúmmáls miða við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

16. gr.

Gjald skv. 14. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar og síðan viðbyggingarkostnað vísitöluhúss og vísitölu byggingarkostnaðar á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fara fram við hlutaðeigandi götu. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miða við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

17. gr.

Af álögðu gjaldi falla 20% í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið, eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán þau, er Byggingasjóður veitir til gatnagerðar með bundnu slitlagi, og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Af lokagreiðslu greiðist hvorki vextir né verðbætur eftir að liðin eru 4 ár frá útgáfu skuldabréfsins.

Staðgreiði lóðarhafi álagt gatnagerðargjald skv. 14. gr. er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

18. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fresta innheimtu álags B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. 11. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga og húsnæðið er ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir viðkomandi.

Skilyrði fyrir frestun innheimtu er að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi fasteign og verði endurálagt í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, að forsendur frestunarinnar bresti.

III. KAFLI

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 2. og 4. gr., hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

20. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir í öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með skv. 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 403 frá 18. desember 1974 um gatnagerðargjöld í Bolungarvíkurkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

B 7

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er það friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnsfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar, lína um Skorarlæk frá ósi í Skorarvatn og meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan bein lína úr austasta hluta vatnsins í þá kvísl, við upptök sem næst gengur vatninu og fellur í Furufjarðarós, ásamt 200 m. breiðri spildu þar suður af.

Reglur þessar gildi um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja á landi utan vega og merktra slóða er bönnuð nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar, svo sem viðhald túna og garða.
4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um, að ekki sé spillt gróðri, dýralífi, minjum, mannvirkjum, né öðrum verðmætum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið. Þó tekur þetta ekki til hesta þeirra, sem ferðast um landið, meðan á ferð þeirra stendur.
7. Á tímabilinu 25. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda um eigið land.
8. Náttúruverndarráð hefur samráð við Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um nánari framkvæmd á reglum þessum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 366/1975 um friðland á Hornströndum.

Menntamálaráðuneytið, 21. janúar 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

HORNSTRANDIR
FLJÓTAVÍK
Látrar
AÐALVÍK
GRÆNAHLÍÐ
Hesteyri
HESTEYRARFJÖRÐUR
FANNA-
FJALL
VEIÐILEYSUFJÖRÐUR
HORNBJARG
HORNVÍK
ALMENNINGAR
BARÐSVÍK
KVÍARFJALL
LÓNAFJÖRÐUR
FURUFJÖRÐUR
HRAFNSFJÖRÐUR
LEIRUFJÖRÐUR
Skorarvatn
SKORARHEIÐI
DRANGA-
JÖKULL
JÖKULFIRÐIR
GEIRSFJALL
1:250 000
1 0 1 2 3 4 5

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnslagnir á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps, nema annað sé fram tekið hér á eftir.

2. gr.

Vatnsveita Árskógshrepps er eign Árskógshrepps og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirstjórn hreppsnefndar Árskógshrepps. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs Árskógshrepps til endurskoðunar og samþykktar. Hreppsnefnd kýs þriggja manna vatnsveitustjórn sem annast innheimtu og rekstur vatnsveitunnar og framkvæmdir.

3. gr.

Hver sá er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

4. gr.

Hver sá sem á húseign (íbúðarhús) við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, getur fengið lagða heimæð að húsinu inn að stofnkrana. Húseignin skal vera á skipulögðu svæði og reist með samþykki byggingarnefndar. Áður skal húseigandi hafa sótt um tengingu til vatnsveitunnar og greitt tilskilin tengigjöld.

Vatnsnot til annarra þarfa en almennra nota skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar sem fyrir eru geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem þess óska fyrir vatni til annarra þarfa en heimilis, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði veitunefndar, sé þess krafist.

Vatnsveitan skal koma fyrir brunahönum í samráði við fulltrúa slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis veitustjóra, nema slökkviliði.

5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að stofnkrana innanhúss.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Eigi er vatnsveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum og tækjum innanhúss á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vatnsnotendur skulu gæta þess sérstaklega að ekki frjósi í vatnsæðum. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn til hans og annast viðgerð á hans kostnað.

6. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

8. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinni við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Veitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitunnar eftir ástæðum, til þess að tryggja neytendum vatn sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissan tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar ef við verður komið, með svo rúmum fyrirvara sem auðið er.

9. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum á svæði vatnsveitunnar.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisnota. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m^3. Nú er vatn notað án mælis og skal þá hreppsnefnd ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun hreppsnefndar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

10. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

11. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli sbr. 9. gr. sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rífur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkv. almennum hegningarlögum. Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúss kerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

12. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitu. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess að húseigandi geri sérstaklegar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

13. gr.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu. Séu þessar æðar tengdar í sjálfvirkt blöndunartæki skal vera einstreymisloki á hvorri æð, við hlið blöndunartækis. Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. Setja skal einstreymisloka við hvert vatnsinntak til að tryggja að heitt vatn geti ekki runnið út í dreifikerfi vatnsveitunnar. Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

14. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Árskógshrepps, Eyjafjarðarsýslu.

Vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum fasteignum á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við veituna. Sama gildir um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Árskógshrepps, á þær skal ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal vera 0,18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra.

Lágmark og hámark vatnsskatts skal þó miða við eftirtalinn gjaldstuðul á rúmmetra húss að viðbættum 0,18% af fasteignamati lóða þeirra.

	Lágmarks gjaldstuðull kr./m³	Hámarks gjaldstuðull kr./m³
1. flokkur Vörugeymslur og annað	3,60	4,70
2. flokkur Íbúðarhúsnæði, bílskúrar	4,70	5,60
3. flokkur Iðnaðarhúsnæði	5,60	6,10
4. flokkur Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	6,10	7,00

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 500,00.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss svo og lágmarksupphæð skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

3. gr.

Af jörðum á svæði Vatnsveitu Árskógshrepps skal vatnsskattur vera 0,18% af fasteignamati jarðanna. Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0,18% af mati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 4,70 á m³ íbúðarhúss og tilsvarandi skal hámark vatnsskatts vera 0,18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 5,60 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður veitunefnd skattinn.

5. gr.

Aukavatnsskattur.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, (vinnslustöðvar) útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 3,60 fyrir hvern teningsmetra vatns.

8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20 til 32 mm. mælir	351,00
40 mm.	455,00
50 mm.	876,00
80 mm.	1 157,00
100 mm.	2 315,00

Heimæða- og tengigjöld.

9. gr.

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkrana húss skal ákveðinn af hreppsnefnd Árskógshrepps.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

10. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 6 gjalddögum í lok hvers tveggja mánaða tímabils.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfaraveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun. Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

13. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

14. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum, getur hreppsnefnd að fengnum tillögum veitunefndar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmarks- og hámarksvatnsskatt, aukavatnsskatt, mælaleigu, um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148 18. mars 1982.

Stafliðir a—g í 3. gr. orðist svo:

a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 6 250 á ári fyrir vatnsnotin.
b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg. sementsnotkun, kr. 1.60.
c) Vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2,00 og fyrir hverja slátraða sauðkind.
d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,10 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar skal greiða kr. 2,20 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 6,30 fyrir hvert landað tonn.
f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 7,80 á hverja smálest af innvegnum fiski.
g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 27,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 275,00. Til annarra skipa kr. 37,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 375,00. Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

24. janúar 1985 Nr. 48

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 60 21. febrúar 1973.

7. gr. orðist svo:

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks, skal greiða kr. 8 fyrir hvert landað tonn hráefnis.

Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 10 000 á ári fyrir vatnsnotkun.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir

Nr. 49 22. janúar 1985

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 479 20. desember 1984.

1. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: Fyrir skoðun tengi- og festivagns sem færa ber til almennrar skoðunar skal greiða 240,00 króna árlegt skoðunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1985

30. janúar 1985 109 Nr. 50

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 17,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 4 500,00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (einn mæli eða einn heimil) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis eða heimils sem hér segir:

	kr.
a) fyrir mæla eða hemla að $^3/_4''$	150,00
b) fyrir mæla eða hemla $1''$—$2''$	330,00
c) fyrir mæla eða hemla $3''$ og stærri	660,00

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 450,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Stofngjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m^3	Stofngjald	
Allt að 400	47 100,00 kr.	
400— 2 000	47 100,00 kr. fyrir	400 m^3 + 39,00 kr/m^3 þar yfir
2 000— 6 000	109 500,00 kr. fyrir	2 000 m^3 + 33,00 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000	241 500,00 kr. fyrir	6 000 m^3 + 29,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000	357 500,00 kr. fyrir	10 000 m^3 + 25,00 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 800,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 850,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 21 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 30. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. janúar 1985 Nr. 51

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Almennir taxtar.

A.1	Almenn notkun:		
	Fast gjald	1 400,00	kr/ár
	Orkugjald	3,60	kr/kWh
A.2	Mannvirkjagerð:		
	Fast gjald	2 800,00	kr/ár
	Orkugjald	5,40	kr/kWh

Afltaxtar.

B.1	Aflmæling:		
	Fast gjald	23 800,00	kr/ár
	Aflgjald	4 540,00	kr/kW/ár
	Orkugjald	0,90	kr/kWh
B.2	Úti- og götulýsing	16 500,00	kr/kW/ár

Hitunartaxtar.

C.1	Órofin hitun:		
	Fast gjald	4 270,00	kr/ár
	Orkugjald	2,33	kr/kWh
C.2	Daghitun, rofin:		
	Fast gjald	2 850,00	kr/ár
	Orkugjald	0,99	kr/kWh
C.3	Næturhitun:		
	Fast gjald	2 850,00	kr/ár
	Orkugjald	0,52	kr/kWh

Sumartaxti.

S.1	Aflmæling:		
	Aflgjald, 1. maí — 30. sept.	349,00	kr/kW/mán
	Aflgjald, apríl og október	1 330,00	kr/kW/mán
	Orkugjald	0,76	kr/kWh

Skammstafanir.

Tákn	Eining	Skýring	Tákn	Eining	Skýring
A	amper	straumur	kW	kílówatt	afl
h	klukkustund	tími	kWh	kílówattstund	orka
kV	kílóvolt	spenna	m	metri	lengd
kVA	kílóvoltamper	sýndarafl			

Gjaldskrá.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld:

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Fast gjald	1 400,00 kr/ár
Orkugjald	3,60 kr/kWh

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Fast gjald	2 800,00 kr/ár
Orkugjald	5,40 kr/kWh

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Fast gjald	23 800,00 kr/ár
Aflgjald	4 540,00 kr/kW/ár
Orkugjald	0,90 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	7 960,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	8 540,00 kr/kW/ár
Gjald samtals	16 500,00 kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði Rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxtar.

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald	4 270,00 kr/ár
Orkugjald	2,33 kr/kWh

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Fast gjald	2 850,00	kr/ár
Orkugjald	0,99	kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	2 850,00	kr/ár
Orkugjald	0,52	kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 9.00 til 21.00.

S. Sumartaxti.

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi:

Lágmarksaflgjald 75 kW, 1. maí — 30. sept.	26 175,00	kr/mán.
Aflgjald, 1. maí — 30. sept.	349,00	kr/kW/mán
Aflgjald, apríl og október	1 330,00	kr/kWh
Orkugjald	0,76	kr/kWh

Ekki er heimilt að selja orku á þessum taxta frá 1. nóvember til 31. mars.

3. gr.

Mæling:

3.1 Mælitæki. Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

3.2 Mælaleiga.

Ársleiga fyrir eftirtalin mælitæki skulu vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	273 kr.
Orkumælir, þrífasa	1090 kr.
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	1840 kr.
Aflmælir	1770 kr.
Aflmælir með straumspennum	2770 kr.
Tvígjaldsorkumælir	1770 kr.
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	2770 kr.
Móttökuliði, einpóla	1230 kr.
Móttökuliði, þrípóla	1770 kr.

Mælaleiga fyrir ofangreind tæki, sem notuð eru til mælingar við sölu rafmagns er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld:

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Heimtaugagjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugagjöld kr.
63 A	1-fasa	20 100
63 A	3-fasa	22 300
100 A	3-fasa	35 400
200 A	3-fasa	70 800
315 A	3-fasa	111 600
400 A	3-fasa	141 700
630 A	3-fasa	223 000
710 A	3-fasa	251 500
1200 A	3-fasa	425 000

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A	1-fasa	3 990	595	7 540
63 A	3-fasa	5 630	595	8 750
100 A	3-fasa	5 950	776	10 050

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólp innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykkt borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla Rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

7. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

8. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 384 kr.

9. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 722 kr.

10. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 722 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

11. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

12. gr.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

13. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

14. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að taka gildi 1. febrúar 1985. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 7, 8. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1	Til almennrar lýsingar.		
	Orkugjald	kr.	5,51 kWh
1.2	Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.		
	Orkugjald	kr.	6,85 kWh
1.3	Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:		
	Aflgjald	kr.	7 370,00 kW/ár
	Viðhaldsgjald	kr.	8 129,00 kW/ár
	Gjald alls	kr.	15 499,00 kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.		
	Orkugjald	kr.	4,43 kWh
2.2	Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.		
	Orkugjald	kr.	2,49 kWh

3. Vélar o. fl.

3.1	Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.		
	Orkugjald	kr.	1,62 kWh
	Aflgjald	kr.	5 976,00 kW á ári

4. Hitun.

4.1	Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.		
	Orkugjald	kr.	2,54 kWh
4.2	Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.		
	Orkugjald	kr.	0,97 kWh
4.3	Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.		
	Orkugjald	kr.	3,63 kWh
4.4	Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.		
	Orkugjald	kr.	0,92 kWh
4.5	Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.		
	Orkugjald næturtaxti 9 stundir	kr.	1,19 kWh
	Orkugjald dagtaxti 15 stundir	kr.	6,59 kWh

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrám.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 1 945,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 4 280,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 4 788,00
Orkumælir fyrir sumarhús	kr. 6 225,00
Aflmælir	kr. 4 571,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 5 079,00
Tvígjaldsmælir	kr. 4 593,00
Klukka	kr. 400,00

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	25 080,00	816,00	6 688,00
3 × 63	27 170,00	816,00	11 550,00
3 × 100	43 120,00	1 254,00	14 630,00
3 × 200	85 250,00	2 068,00	
3 × 315	135 300,00	2 409,00	
3 × 400	172 700,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	306 900,00	—	
3 × 1200	515 900,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun ..... kr. 420,00

Ef fasvikstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 404 1. nóvember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1985.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 53 29. janúar 1985

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.
Frá og með 1. ágúst 1983, er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 3,62 kr.

Skammstafanir:

kw = kílówatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílówattstund orka, d = dagur, a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

I. KAFLI
RAFMAGNSSALA.

Gjaldskrárliður	Orkuverð g/kwh	Orkuverð kr/kwh	Aflverð og fastagjöld Ársgreiðslur g/a	kr/a
A1 (Lýsing)	1	3,62	30	108,60 á fermetra, skilyrt notkun
A2	2	7,24		lágmark 1200 kwh/a
A3	3	10,86		
B1 (Heimili)	1	3,62	180	652,00 á herbergi, skilyrt notkun
C1 (Vélar)	1	3,62	600	2 172,00 á kw, ástimpluð
C2	0,3	1,09	1600	5 792,00 á árskílówatt
	g/kwh	kr/kwh		kr/kwh
D1 Húshitun	0,603	2,22		Án rofs , 3,11 til annarra nota
D2 —	0,342	1,24	Rof	1,5 h/d , 1,74 til annarra nota
D3 —	0,321	1,16	Rof	2,5 h/d , 1,62 til annarra nota
D4 —	0,261	0,95	Rof	4,5 h/d , 1,33 til annarra nota
D5 —	0,181	0,65	Rof	14,6 h/d , 0,91 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxta D1—5, samtals 40,0%.

E. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 4,71 kr/kwh.

F. Mæla- og rofagjöld.

		Árgjöld g/a	Árgjöld kr/a	Daggjöld kr/d
F10	Einfasa mælir	300	1 086,00	2,98
F11	Einfasa mælir m. rofa	900	3 258,00	8,93
F20	Þrífasa mælir	600	2 172,00	5,95
F21	Þrífasa mælir m. rofa	1200	4 344,00	11,90
F30	Aflmælir	2800	10 136,00	27,80

Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

Skýringar á töxtum:

A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólffflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1 — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.

A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.

A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.

B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m^2 reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrýmis og minnstu ársnotkun gilda sömu ákvæði og fyrir taxta A1.

C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafl, samanlagt reiknað í heilum kw.
C2: Mesta ársálag mælt um mestafl-mæli.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
e) að notkun sé minnst 6000 kwh. á ári.

E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvarar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

II. KAFLI

Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 220 V kerfi A	380 V kerfi A		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu g = 3600 + 130 × kVA Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T1	2 × 60	1 × 60	0,22 × 60	= 13	5 360	19 400,00
T2	3 × 60		0,38 × 60	= 22	6 570	23 800,00
T3	3 × 100	3 × 60	0,38 × 100	= 38	8 730	31 600,00
T4		3 × 100	0,66 × 100	= 66	12 510	45 300,00
T5	3 × 200		0,38 × 200	= 76	13 860	50 200,00
T6	3 × 350	3 × 200	0,66 × 200	= 132	21 420	77 500,00
T7		3 × 350	0,66 × 350	= 231	34 780	126 000,00
T8				= 300	44 100	160 000,00
T9				= 500	71 100	257 000,00
T10				= 800	111 600	404 000,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) **Um heimtaugar:**

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: **Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra,** að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) **Um spennistöðvar:**

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **Almennt:**

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á rekstrarkostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef rekstrarkostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 684 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um hækkun hafnargjaldskráa.

Í samræmi við 1. og 2. mgr. 13. gr. hafnalaga nr. 69/1984 staðfestir ráðuneytið hér með 29,6% hækkun á þargreindum gjaldskrárliðum eftirtalinna hafnarsjóða frá og með 1. febrúar 1985 að telja:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og nr. 51/1984.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980, sbr. reglugerð nr. 52/1984.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og nr. 320/1984.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 54/1984.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 55/1984.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 56/1984.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 57/1984.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 58/1984.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259/1975, sbr. reglugerð nr. 59/1984.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 60/1984.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 61/1984.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 62/1984.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 63/1984.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns, nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 64/1984.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 65/1984.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 66/1984.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 67/1984.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 68/1984.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 69/1984.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 70/1984.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduósshrepps, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr.71/1984.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 72/1984.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 256/1975, sbr. reglugerð nr. 73/1984.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 74/1984.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 75/1984.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 76/1984.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1976, sbr. reglugerð nr. 77/1984.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 173/1975, sbr. reglugerð nr. 78/1984.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 79/1984.

30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981 sbr. reglugerð nr. 80/1984.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 81/1984.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 82/1984.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 83/1984.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 84/1984.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 85/1984.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 86/1984.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975, sbr. reglugerð nr. 87/1984.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 88/1984.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 89/1984.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 90/1984.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupsstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 91/1984.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 92/1984.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 93/1984.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 94/1984.
45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 95/1984.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 96/1984.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 97/1984.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns, nr. 114/1975, sbr, reglugerð nr. 98/1984.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981, sbr. reglugerð nr. 99/1984.
50. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og 100/1984.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 101/1984.
52. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 102/1984.
53. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum nr. 413/1975, sbr. reglugerð nr. 103/1984.
54. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vogahafnar í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 104/1984.
55. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr.105/1984.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Ólafur S. Valdimarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um niðurfellingu auglýsingar nr. 85/1982 um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Auglýsing nr. 500 10. desember 1982 um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi er felld úr gildi frá og með 1. febrúar 1985 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 35/1985 um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frá og með 2. febrúar 1985, uns annað verður ákveðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°04'30"N — 24°21'00"V
2. 65°07'00"N — 24°42'00"V
3. 65°19'00"N — 24°36'00"V
4. 65°07'15"N — 24°01'30"V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. janúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 5, nr. 50—56. Útgáfudagur 1. febrúar 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1985

31. janúar 1985 125 Nr. 57

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 2. febrúar 1985 skal gjald þetta nema kr. 6,30 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 2. febrúar 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 434/1984 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 2. febrúar 1985, skal greiða kr. 0,58 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 2. febrúar 1985, skal tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður er skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 2. febrúar 1985.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr., 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 434/1984 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1985.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

B 9

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshöfn nr. 488, 21. október 1975.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Höfnin á Þórshöfn takmarkast af beinni línu sem hugsast dregin úr Bakkahorni í Laxártanga. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu meðfram Lónafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráuneytið 24. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 59 16. janúar 1985

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. gr.

1. Biðskylda skal vera á öllum húsagötum vestan Birkigrundar.
2. Biðskylda skal vera á öllum húsagötum sem liggja að Furugrund mili Birkigrundar og Nýbýlavegar.
3. Biðskylda skal vera á Ástúni á gatnamótum Ástúns og Furugrundar.
4. Biðskylda skal vera á Daltúni á gatnamótum Daltúns og Ástúns.
5. Biðskylda skal vera á Brekkutúni á gatnamótum Brekkutúns og Ástúns.
6. Biðskylda skal vera á Grænatúni á gatnamótum Grænatúns og Ástúns.
7. Biðskylda skal vera á Álfatúni á gatnamótum Álfatúns og Grænatúns.
8. Biðskylda skal vera á Vallhólma á gatnamótum Vallhólma og Grænatúns.
9. Biðskylda skal vera á Stórahjalla gagnvart ónefndri götu sem liggur að Kaupgarði frá Nýbýlavegi.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi 16. janúar 1985.

Ásgeir Pétursson.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 57—59. Útgáfudagur 1. febrúar 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1985

14. janúar 1985 127 Nr. 60

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjavíkurborgar og fundasköp borgarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan borgarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 borgarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir borgina og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hennar, til lykta ráðið án umsagnar borgarstjórnar.

Borgarstjórninni ber að gæta hagsmuna borgarinnar í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Borgarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum borgarinnar.

1. Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld borgarinnar fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
2. Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn borgarinnar, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun og ennfremur, að eignir borgarinnar séu tryggilega varðveittar.
3. Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga borgarinnar eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Borgarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda borgarinnar. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Borgarstjórn kýs borgarstjóra, borgarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga borgarinnar. Ennfremur skipar hún starfsmenn borgarinnar skv. þeim reglum, er um getur í 38. gr.

D. Borgarstjórn setur reglur um stjórn borgarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna borgarinnar, ákveður gjaldskrár borgarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

II. KAFLI

Fundasköp borgarstjórnar.

3. gr.

Á fyrra fundi borgarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs borgarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings borgarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi borgarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varforseti verður varanlega forfallaður frá störfum í borgarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

5. gr.

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Borgarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan borgarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Borgarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er borgarstjórn að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef 5 borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

8. gr.

Borgarstjóri semur dagskrá borgarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir borgarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar borgarstjórnar á ályktunum sínum.

2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið borgarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af borgarstjóra, borgarráði, lögmæltri nefnd eða borgarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem borgarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnar, skal tilkynna það borgarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en mánudag næstan fyrir fund.

Borgarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum borgarfulltrúum dagskrá næsta borgarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem borgarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 2. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, er send verði borgarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema borgarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað borgarstjórnar skal auglýsa fundi borgarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

Dagskrá borgarstjórnarfunda skal með sama fyrirvara send dagblöðum í Reykjavík.

Heimilt er að fella niður auglýsingu og tilkynningu til blaða, skv. þessari grein, ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara, að slíku verði ekki við komið, eða hafa skemmri fyrirvara en greindir eru í 1. og 2. mgr.

10. gr.

Borgarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Borgarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna borgarinnar, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Borgarstjóri og hver borgarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og borgarstjórn á úrskurðarvald um.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál telst ekki samþykkt, nema meira en helmingur viðstaddra borgarfulltrúa greiði því atkvæði.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Borgarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun borgarinnar, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að borgarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, borgarstjóri óskar eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er borgarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver borgarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal vera í ræðustól, meðan hann talar, nema forseti leyfi annað.

Borgarstjórn getur heimilað, ef ⅔ borgarfulltrúa samþykkja, að maður utan borgarstjórnar megi tala á borgarstjórnarfundi.

15. gr.

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir borgarfulltrúar tvisvar. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver borgarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við borgarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Borgarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í borgarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert undan fella, sem fram hefur komið á fundi borgarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Borgarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti ásamt því, sem fært hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja. Ef borgarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd þriggja borgarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

19. gr.

Borgarstjórn getur ákveðið að bera einstök mál undir atkvæði borgarbúa eða leita álits þeirra með öðrum hætti, þegar ástæða þykir til. Niðurstöður slíkrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar eru ekki bindandi fyrir borgarfulltrúa.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að sækja fundi borgarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem borgarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í borgarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti borgarstjórnar, setið í borgarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Borgarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl borgarinnar.

22. gr.

Hver borgarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í borgarstjórn, skv. ákvörðun hennar.

23. gr.

Ef borgarfulltrúi forfallast tekur varafulltrúi sæti hans eftir ákvæðum 2.—4. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Forfallist fulltrúi, sem kosinn hefur verið í nefnd eða til annarra starfa, á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa til að taka sæti hans, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Séu aðal- og varafulltrúi báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa úr hópi aðal- og varaborgarfulltrúa sinna í sætið til bráðabirgða.

24. gr.

Borgarstjórn getur veitt borgarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá borgarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI
Um borgarráð.

25. gr.

Á fundi borgarstjórnar í júní skulu kosnir fimm borgarfulltrúar í borgarráð og jafnmargir til vara. Kosning borgarráðs gildir, uns nýtt borgarráð hefur verið kosið.

Borgarstjóri á sæti í borgarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Borgarráð kýs sér formann og varaformann.

Flokkur, sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki fulltrúa í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Borgarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku. Aukafund skal halda, ef borgarstjóri ákveður það eða tveir borgarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Borgarstjóri undirbýr dagskrá borgarráðsfunda og sér um, að hún verði send borgarráðsmönnum. Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar borgarráðs.

Borgarráð ræður fundarritara utan borgarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu hvert mál fær.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

Fundargerðir nefnda skulu lagðar fram í borgarráði til kynningar, áður en þær koma á dagskrá borgarstjórnar til umfjöllunar eða staðfestingar.

26. gr.

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Reykjavíkurborgar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum borgarstjórnar.

Borgarráð tekur, skv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun borgarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í borgarráði né við borgarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar, sbr. 1. mgr. 7. gr., telst málið eigi til lykta leitt, ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn, eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn og staðfesting, sbr. 2. mgr. 7. gr. berst borgarstjórn innan þriggja sólarhringa.

27. gr.

Borgarráð hefur eftirlit með fjárstjórn borgarinnar, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun borgarinnar og sér um, að reikningar hennar séu samdir. Við undirbúning að fjárhagsáætlun ár hvert skal borgarstjóri auglýsa eftir ábendingum og tillögum borgarbúa um mál, er varða gerð fjárhagsáætlunar, og skal borgarráð hafa þær til hliðsjónar við tillögugerð sína.

Borgarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað af borgarstjóra eða borgarráði.

V. KAFLI

Um borgarstjóra.

29. gr.

Borgarstjórn ræður borgarstjóra. Ráðningartími skal vera til loka kjörtímabils borgarstjórnar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma er 3 mánuðir.

Nú næst ekki meirihluti í borgarstjórn fyrir ráðningu borgarstjóra og getur þá ráðherra ákveðið, að borgarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

Borgarstjórn getur ákveðið að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík og skal þá ákveðið í reglugerð, hvernig störfum skuli skipt á milli þeirra.

30. gr.

Borgarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem borgarstjórn gerir og framkvæmd á málefnum borgarinnar yfirleitt að því leyti, sem borgarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

31. gr.

Borgarstjóri á sæti á fundum borgarstjórnar og borgarráðs, sbr. 25. gr. og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem borgarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann borgarfulltrúi (borgarráðsmaður). Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum borgarstjórnar og borgarráðs.

32. gr.

Nú samþykkir borgarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur borgarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Borgarstjóri skal senda borgarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur borgarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar borgarstjórnar ályktunum borgarráðs, sbr. 2. mgr. 26. gr.

33. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt borgarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki borgarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr borgarsjóði, nema borgarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð borgarráðs til slíks.

34. gr.

Borgarritari (varaborgarritari) gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum nema borgarstjóri feli það öðrum. Borgarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, ennfremur getur borgarstjóri falið öðrum aðilum meðferð ákveðinna málaflokka í umboði sínu, en þá skv. nánari reglum, er borgarstjórn setur um þau málefni.

Borgarritari skal vera embættisgengur lögfræðingur. Hann hefur með höndum daglega stjórn á fjármálum borgarinnar og umsjón með skrifstofum hennar.

Borgarverkfræðingur hefur í umboði borgarstjóra með höndum yfirstjórn verklegra framkvæmda borgarinnar og annarra tæknilegra málefna, nema meðferð þessara mála sé sérstaklega fengin öðrum.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

35. gr.

Borgarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga borgarinnar og fyrirtækja hennar.

Borgarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VII. KAFLI

Um kosningu nefnda o. fl.

36. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:
   1. Fimm borgarfulltrúa í borgarráð og fimm til vara.
   2. Tvo endurskoðendur borgarreikninga og tvo til vara.
   3. Kjörstjórnir við borgarstjórnarkosningar:
      a. Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
      b. Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn.
      c. Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn.
   4. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
      a. Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn.
      b. Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn.

B. Til fjögurra ára:
   1. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara.
      Formannskjör.
   2. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
   3. Fimm menn í heilbrigðisráð og fimm til vara.
      Formannskjör.
   4. Fimm menn í heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs og fimm til vara.
   5. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
   6. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
      Formannskjör.
   7. Tvo menn í almannavarnanefnd.
   8. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
   9. Fimm menn í umhverfismálaráð og fimm til vara.
      Formannskjör.
   10. Fimm menn í menningarmálanefnd Reykjavíkur og fimm til vara.
       Formannskjör.
   11. Þrjá menn í skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík og þrjá til vara.

12. Þrjá menn í stjórn verkamannabústaða í Reykjavík og þrjá til vara.
13. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur og fjóra til vara.
14. Þrjá menn í stjórn Landsvirkjunar og þrjá til vara.
15. Þrjá menn í húsaleigunefnd og þrjá til vara.
16. Tvo menn í skólanefnd húsmæðraskóla og tvo til vara.
17. Tvo menn í svæðisstjórn um málefni fatlaðra og tvo til vara.

C. Borgarstjórn kýs einn mann eða tvo í stjórnir sparisjóða í Reykjavík, eftir því sem samþykkt hvers sjóðs segir til um, svo og tvo endurskoðendur.

37. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum:

A. Til fjögurra ára:
1. Fimm menn í stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í útgerðarráð og fimm til vara. Formannskjör.
3. Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Formannskjör.
4. Fimm menn í stjórn veitustofnana og fimm til vara. Formannskjör.
5. Fimm menn í stjórn S. V. R. og fimm til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
7. Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
8. Fimm menn í íþrótta- og tómstundaráð og fimm til vara. Formannskjör.
9. Fimm menn í stjórn dagvista barna og fimm til vara. Formannskjör.
10. Tvo borgarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og tvo til vara.

B. Í aðrar nefndir, sem stofnaðar kunna að verða, svo og stjórnarmenn sjóða og endurskoðendur, eftir því sem samþykktir eða skipulagsskrár mæla fyrir um.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt borgarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur borgarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem borgarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími borgarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða hagsmunahópum öðrum, þegar þær hafa til meðferðar mál, sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt, áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn borgarinnar.

39. gr.

Borgarstjórn ræður forstöðumenn og aðra yfirmenn stofnana og deilda og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð um sérmál tiltekinnar stofnunar. Borgarstjórn getur falið borgarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó borgarstjórn (borgarráði) að ráða í stöðu án slíkrar auglýsingar.

Borgarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá borginni, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna borgarinnar gilda ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því, sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum borgarstjórnar, sbr. reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967 með síðari breytingum.

Borgarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Breytingar á kjöri nefnda eða ráða koma til framkvæmda að loknum borgarstjórnarkosningum 1986.

Þrátt fyrir ákvæði um kjör fimm fulltrúa í heilbrigðisráð, heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs og barnaverndarnefnd skal kjósa sjö fulltrúa og jafnmarga til vara þar til breytt hefur verið ákvæðum laga, sem kveða á um fjölda kjörinna fulltrúa.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað að undanskildum ákvæðum 1. gr. og 2. mgr. 7. gr. sem öðlast gildi við kosningar til borgarstjórnar á árinu 1986.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 61 29. janúar 1985

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 22 900 á ári. Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

29. janúar 1985 Nr. 62

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. janúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur sá aðalskipulagsuppdráttur fyrir Reyðarfjörð sem staðfestur var af ráðuneytinu 4. ágúst 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. janúar 1985 Nr. 63

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

a) Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald, sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
b) Fyrir hverja slysamóttöku gjald, sem er 30% af B-lið slysastofutaxta sjúkrahúsa.
c) Fyrir hverja blóðmeina- og meinefnarannsókn gjald, sem er 60% af sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki öðru en ríkisstarfsmönnum.

Á reikningi skal tekið fram nafn og samlagsnúmer sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert það var.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. a) og b) tekur þeim breytingum, sem verða á tilvitnuðum textum, samkvæmt ákvörðun daggjaldanefndar. Gjald skv. 1. gr. c) tekur breytingum í samræmi við sérfræðingagjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. mars 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 16. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 64 29. janúar 1985

REGLUGERÐ

um mönnunarnefnd.

1. gr.

Nefndin heitir Mönnunarnefnd og heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

2. gr.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

A. Vegna fiskiskipa og annarra skipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og 2 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna. Auk þess tilnefnir F. F. S. Í. 1 mann tímabundið sem komi frá félagi sem málið varðar hverju sinni.

Samtök útvegsmanna tilnefna 3 menn í nefndina.

B. Um mönnun flutningaskipa, farþegaskipa, varðskipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og 3 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna.

Samtök útgerða tilnefna 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra og skipstjórnarmanna.

Með sama hætti skulu tilnefndir varamenn í mönnunarnefnd.

3. gr.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

4. gr.

Samtök útvegsmanna, útgerð kaupskipa, varðskipa og annarra skipa eða stéttarfélag geta lagt fyrir nefndina til úrskurðar beiðni um breytingu á mönnun skips frá ákvæðum laganna.

5. gr.

Til að fjalla um ákveðin mál kveður formaður til fulltrúa þeirra samtaka yfirmanna sem málið varðar, ásamt jafn mörgum fulltrúum samtaka útgerða eða útvegsmanna. Tilkvaddir nefndarmenn hafa hver eitt atkvæði. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ekki skulu

færri en fjórir nefndarmenn taka ákvörðun um einstök mál, jafn margir frá samtökum yfirmanna og útgerðar eða útvegsmanna, auk formanns. Varaformaður getur, eftir ákvörðun formanns, tekið þátt í umræðum um mál, en hefur ekki atkvæðisrétt.

6. gr.

Mönnunarnefnd heldur fundi eftir þörfum og formaður nefndarinnar boðar fundi og stjórnar þeim. Hann skal sjá um að mál, sem lögð eru fyrir nefndina, séu rekin án óþarfa tafa.

7. gr.

Sem fyrst að málsmeðferð lokinni, kveður nefndin upp rökstuddan úrskurð.

Úrskurðir skulu færðir í sérstaka gerðarbók og vera undirritaðir af formanni. Formaður sér um að úrskurðir séu kynntir málsaðilum, samgönguráðuneyti, Siglingamálastofnun, lögskráningarstjóra og öðrum þeim sem ástæða þykir til.

Úrskurði mönnunarnefndar er heimilt að kæra til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Nefndarmönnum, varamönnum þeirra, embættismönnum, sérfræðingum og öðrum þeim, sem tekið hafa þátt í störfum nefndarinnar, er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir hafa komist að í störfum sínum fyrir nefndina eða á fundum hennar.

9. gr.

Mönnunarnefnd heldur gerðarbók um störf sín og skulu formaður og ritari skrifa undir bókanir í lok hvers fundar. Í fundargerðarbókina skal færa stað og stund fundar og skrá hverjir nefndarmanna eða varamanna sitja fundinn, númer máls og hver er umsækjandi, framlögð gögn, nöfn þeirra sem mæta fyrir aðila og annarra er kynnu að sitja fundinn. Jafnframt skal færa í fundargerðarbók stutta lýsingu á umræðum og/eða málflutningi, þar sem greint sé frá kröfum aðila, fullyrðingum og mótmælum að svo miklu leyti sem þetta kemur ekki fram í framlögðum gögnum. Skýringar og málflutningur til rökstuðnings kröfu, mótmæla eða athugasemdir skulu ekki færðar í fundargerðarbók, nema formaður ákveði það, þegar sérstaklega stendur á.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun til nefndarmanna samkvæmt mati þóknananefndar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 112 31. desember 1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum nr. 113 31. desember 1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum og tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 29. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um námsmat í grunnskóla.

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mat á námi þeirra sem stunda nám í grunnskóla, eða öðrum stofnunum sem annast fræðslu á grunnskólastigi. Reglugerðin gildir einnig um börn sem tilgreind eru í 50., 51. og 52. gr. laga að svo miklu leyti sem viðkomandi stofnanir, kennarar og sérfræðingar telja við eiga í hverju einstöku tilviki.

2. gr.

Tilgangur námsmats í grunnskóla er að:

a) Veita nemendum upplýsingar um gengi þeirra í náminu.
b) Örva nemendur til að leggja sig fram við námið.
c) Veita kennurum og nemendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins.
d) Veita kennurum, foreldrum eða forráðamönnum nemenda upplýsingar um námsárangur.
e) Veita framhaldsskólum upplýsingar um árangur nemenda við lok náms í grunnskóla.

3. gr.

Námsmat fer fram á vegum skóla annars vegar og fræðsluyfirvalda hins vegar. Meginábyrgð á námsmati hvílir á hlutaðeigandi skóla. Námsmat á vegum skóla byggir á markmiðum náms og kennslu, bæði markmiðum aðalnámsskrár og þeim markmiðum sem hlutaðeigandi skóli, kennari eða nemendur og kennari sameiginlega hafa sett innan ramma gildandi laga og reglugerða. Námsmat á vegum fræðsluyfirvalda byggir á markmiðum námsskrár nema annað hafi verið tilkynnt með nægum fyrirvara.

II.

Námsmat á vegum skóla.

4. gr.

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með gengi nemenda, sbr. 3. gr. Með námsmatinu skal kanna:

a) Námsárangur hvers nemanda miðaða við sett markmið.
b) Hversu skólastarfið stuðlar að auknum þroska, vekur áhuga og vellíðan og örvar nemandann til að leggja sig fram.

Námsmat skal vera fastur liður skólastarfinu og fara stöðugt fram allan námstímann (sbr. 56. gr. grunnskólalaga).

Ráðuneytið skal veita skólum leiðbeiningar um námsmat (sbr. 58. gr. grunnskólalaga).

5. gr.

Í lok skólaárs eða námsáfanga skal gefa nemendum vitnisburð (sbr. 57. gr. grunnskólalaga). Skal annars vegar miða hann við hvernig nemandanum hefur gengið að ná markmiðum námsins og hins vegar veita umsögn um framfarir, ástundun og aðra þætti, sem

skólinn leggur áherslu á. Ekki er nauðsynlegt að vitnisburður sé bundinn námsgreinum og gefinn fyrir þær hverja um sig.

Vitnisburður skal vera nemendum og forráðamönnum þeirra til leiðbeiningar og aðstoðar. Þegar vitnisburður er gefinn skal fyrst og fremst leitast við að draga fram þá þætti sem nemandanum tekst vel við. Þó skal ekki sniðganga þá þætti sem eru ófullnægjandi svo að leita megi orsaka þeirra og leiða til úrbóta.

Vitninsburð um námsárangur má gefa með mismunandi hætti eftir ákvörðun hvers skóla, nema á síðasta ári grunnskóla, þar sem gefa skal í heilum tölum 1-10. Nota má umsagnir í stuttu hnitmiðuðu máli, orð, setningar, tölur eða önnur tákn. Á vitninsburðarblaði skal geta um merkingu þeirra einkunna sem notaðar eru. Ef fimm stiga kvarði er notaður svarar

hæsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b.
80-100% markmiða,

önnur einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b.
60-79% markmiða,

þriðja einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b.
40-59% markmiða,

fjórða einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b.
20-39% markmiða,

lægsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b.
0-19% markmiða.

Skólar hafa frjálst val um heiti einkunna.

Ef skóli telur nauðsynlegt að veita fíngerðum einkunnakvarða, skal nota heilu tölurnar 1-10 og skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi merkingu þeirra.

10	u.þ.b.	95–100%	markmiða náð
9	—	85– 94%	markmiða náð
8	—	75– 84%	markmiða náð
7	—	65– 74%	markmiða náð
6	—	55– 64%	markmiða náð
5	—	45– 54%	markmiða náð
4	—	35– 44%	markmiða náð
3	—	25– 34%	markmiða náð
2	—	15– 24%	markmiða náð
1	—	0– 14%	markmiða náð

Ekki skal reikna meðaltal einkunna.

6. gr.

Almennt skal miða við þá reglu í skólum, þar sem bekkjarkerfi er, að nemendur færist upp um einn bekk á ári. Frávik frá þessu skulu ákveðin af skólastjórn og forráðamönnum nemandans. Hafa skal samráð við aðalkennara hans og fá umsagnir annarra kennara nemandans svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla. Gildir þetta hvort sem ætlunin er að seinka eða flýta nemanda í námi.

III.

Samræmd próf.[1])

7. gr.

Markmið samræmdra prófa er

a) að láta skólum í té upplýsingar um árangur í prófgreinum á landinu öllu eða á einstökum svæðum, sem gerir þeim kleift að bera prófárangur nemenda sinna saman við árangur stærri hópa.
b) Að veita framhaldsskólum upplýsingar um námsárangur nemenda til viðbótar skólamati.

8. gr.

Hver nemandi skal við lok grunnskóla ganga undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni hvort samræmd próf skuli lögð fyrir allan árganginn í öðrum greinum og þá hverju. Með samræmdum prófum skal leitast við að prófa grundvallaratriði.

9. gr.

Gerð samræmda prófa fer fram á vegum menntamálaráðuneytisins og skal við prófgerðina leita ráðgjafar sérfróðra manna um námsmat og í viðkomandi námsgrein. Úrlausnir skulu metnar í skólunum eftir reglum sem ráðuneytið gefur út. Niðurstöður skal senda menntamálaráðuneytinu sem sér um nánari úrvinnslu. Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 upp í 10.

10. gr.

Skólum er skylt að halda samræmd próf og nemendum skylt að þreyta þau nema önnur neðantalinna ástæðna hindri það:

a) Forföll vegna veikinda.
b) Undanþágu frá próftöku.

Heimilt er að veita einstökum nemendum undanþágu frá því að taka próf ef forráðamenn þeirra sækja um slíkt og tilgreina rökstuddar ástæður enda mæli skólastjórn, aðalkennari hlutaðeigandi bekkjardeildar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla með slíkri umsókn. Hafi nemandi fengið undanþágu frá því að þreyta samræmt próf skal geta um það á viðtnisburðarblaði. Ráðuneytið getur, sbr. 65. gr. grunnskólalaga, veitt einstaka skólum undanþágu frá því að halda samræmd próf í einstökum greinum enda liggi fyrir rökstudd greinargerð viðkomandi skóla fyrir upphaf skólaárs.

11. gr.

Ef nemandi forfallast vegna veikinda við samræmt (samræmd) próf, skal skólinn gefa nemandanum einkunn(ir) í þeirri (þeim) grein(um), sbr. 9. gr. sem hann tók ekki próf í. Skal þá höfð hliðsjón af því hvernig háttað er sambandi milli vitnisburðar skólans að vori og einkunna á samræmdum prófum hjá öðrum nemendum í sama skóla. Fleiri en einn aðili skal gefa þessa einkunn, t. d. skólastjóri og kennari í greininni. Við „samræmda“ einkunn sem gefin er á þennan hátt skal skrifuð athugasemdin: „Var veik(ur). Skólamat“.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við fræðslustjóra skipa skólum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa (sbr. 61. gr. grunnskólalaga):

Ráðuneytið skipar ennfremur prófdómara til starfa við samræmd próf (sbr. 61. gr. grunnskólalaga). Við skipun prófdómara skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

1) Samræmd próf merkir hér próf sem lagt er fyrir allan árganginn á sama tíma. Innan prófsins geta verið jafngildir valþættir, sem miðast þó við sömu megin markmið.

Prófdómarar hafa eftirlit með því að fyrirgjöf sé samkvæmt reglum og skera úr um vafaatriði og ágreiningsmál í fyrirgjöf.

Ráðuneytið er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til, að skipa trúnaðarmann til eftirlits við námsmat í lokabekk skóla þar sem skóla lýkur fyrr en með 9. bekk.

Ráðuneytið setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

13. gr.

Fræðsluyfirvöldum er heimilt að leggja fyrir próf eða kannanir í einstökum námsþáttum á einstökum námsárum á landinu öllu, í tilteknum landshlutum eða ákveðnum skólum.

IV.

Brautskráning úr grunnskóla.

14. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi frá skírteini er votti að hann hafi lokið því (sbr. 59. gr. grunnskólalaga). Einnig skal nemandinn fá vitnisburðarblað. Á það skal skrá valgreinar nemandans, vitnisburð skólans og úrslit samræmdra lokaprófa. Menntamálaráðuneytið gefur út staðal fyrir slík skírteini.

15. gr.

Þeir sem eru 16 ára eða eldri og óska að þreyta samræmd próf utan skóla í 9. bekk hafa rétt til þess.

V.

Ýmislegt.

16. gr.

Öll gögn sem veita upplýsingar um námsárangur og gengi einstaklinga í skóla, eru trúnaðarmál skólastjórnar og fræðsluyfirvalda og er þeim óheimilt að veita öðrum en nemendum sjálfum og forráðamönnum þeirra upplýsingar þar um nema nauðsyn beri til:

a) Vegna flutninga nemenda milli skóla.
b) Vegna athugana sem gerðar eru innan skóla, af fræðsluyfirvöldum eða vegna starfa á vegum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla.
c) Vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu um einstaklinga og skal menntamálaráðuneytið veita slíkt leyfi.

Um varðveislu þessara upplýsinga fer eftir ákvæðum reglugerðar um þjóðskjalasafn Íslands.

17. gr.

Fræðslustjórar skulu fylgjast með því hver í sínu umdæmi að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í grunnskólum og sérstofnunum, sem annast fræðslu á grunnskólastigi.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 61. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 141/1980 um námsmat í grunnskóla svo og önnur ákvæði sem fara í bága við þessa reglugerð.

Menntamálaráðuneytið, 21. janúar 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun á Stokkseyri fyrir árið 1985.

1. gr.

Upphæð storphreinsunargjalds á Stokkseyri fyrir árið 1985 skal vera kr. 500 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 431/1984.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. janúar 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Sérhver húseign í Bessastaðahreppi skal vera tengd rotþró af nægjanlegri stærð. Skal slík rotþró og staðsetning hennar viðurkennd af heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Annað hvert ár skal fara fram tæming og hreinsun allra rotþróa skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal unnin á vegum Bessastaðahrepps og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi gera tillögur um verktilhögun og annað er skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu skal sérhver húseigandi greiða gjald skv. sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum eins og önnur holræsagjöld til Bessastaðahrepps. Skal gjald þetta vera hálft holræsagjald eins og það er á hverjum tíma en þó skal heimilt að innheimta aukagjald af þeim húseignum, þar sem um óeðlilega mikinn kostnað er að ræða við tæmingu og hreinsun, þó aldrei meira en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

29. janúar 1985 Nr. 68

SAMÞYKKT

um holræsa- og rotþróargjöld í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Holræsagjald skal vera 0,05% af fasteignamati húseigna í Bessastaðahreppi og rotþróargjald 0,025% af fasteignamati húseigna í Bessastaðahreppi.

Þessir tveir gjaldstofnar leggjast aldrei báðir á sömu fasteign.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

29. janúar 1985 Nr. 69

SAMÞYKKT

um sorphreinsigjald á Selfossi fyrir árið 1985.

1. gr.

Sorphreinsigjald á Selfossi fyrir notanda, sbr. 2. gr. samþykktar um sorphreinsun á Selfossi frá 11. mars 1983, skal vera kr. 375,00 fyrir árið 1985.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALD

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar, sem staðfest var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 11. mars 1983, skal vera kr. 2 200,00 fyrir árið 1985. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1984.

2. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Nr. 71 30. janúar 1985

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 337/1983, um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

Við staflið b. í 2. gr. 1. málsgr. bætist: og er þá um að ræða leyfis-, hreinsunar- og tryggingagjald, en heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um að tryggja alla skráða hunda á svæðinu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi.

2. gr.

Við niðurlag stafliðar b. í 2. gr. bætist: Hverjum hundaeiganda, öðrum en ábúendum á lögbýlum með fjárhunda, er leyfilegt að eiga að hámarki tvo hunda samtímis.

3. gr.

Stafliður C. í 2. gr. um tryggingar hunda falli niður og breytast stafliðir í samræmi við það.

4. gr.

Ofangreind samþykkt Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestast hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi fyrir árið 1985.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1985 skal vera kr. 3 000,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflið b í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, kr. 4 000,00 í annað skipti og kr. 5 000,00 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind ákvörðun Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

1. febrúar 1985 Nr. 73

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

12. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá komudegi flutningsfars er flutti vörurnar til landsins.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af gagnavinnsluvélum o. fl.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 3.17 í 6. gr. fjárlaga nr. 133 31. desember 1984, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 75 1. febrúar 1985

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

1. gr.

12. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollfyrivöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá komudegi flutningsfars er flutti vörurnar til landsins.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR. 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílasímum) sem tollafgreiddir verða árið 1985.

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalbúnaði, sleða (kassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Skilyrðis 2. mgr. i. f. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að í sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lið 3.23 í 6. gr. fjárlaga 133 31. desember 1984 og lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

7. febrúar 1975 Nr. 77

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður á Þórsgötu verða bannaðar utan sérstaklega afmarkaðra bifreiðastæða.

Bifreiðastöðubann að norðanverðu við götuna fellur úr gildi.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. febrúar 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 370,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 68,60
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 36 600,00
251— 500 m^3	kr. 36 600,00 + 87,70 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 58 500,00 + 51,20 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 110 000,00 + 32,90 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 258 000,00 + 25,80 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 25 700,00 sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 370,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1985, 185 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1985, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 400 21. maí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 79 7. febrúar 1985

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli ..... kr. 1 040,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli 52,30
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Eftirfarandi reglur gilda við skipti yfir í verðmætari íbúð:

A. Þegar um er að ræða íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980 skal íbúðareigandi greiða út í peningum 20% af verðmismun íbúðanna, en verðmismunurinn reiknast þá út frá endursöluverði beggja íbúðanna.
   Þegar íbúðin, sem látin er af hendi, er byggð fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, en íbúðin, sem tekið er við, byggð eftir gildistöku laganna, þá skal íbúðareigandi greiða út í peningum 10% af verðmismun íbúðanna. Íbúðir byggðar eftir gildistöku l. nr. 60/1984 geta tekið hvort sem er 10% eða 20% hlutfall, eftir því hvort upphafslán er 80% eða 90%. Verðmismunurinn reiknast út frá endursöluverði eldri íbúðarinnar og söluverði yngri íbúðarinnar (kostnaðarverði), ef hún er ný, en ella endursöluverði hennar.
B. Fjárhæð sú, sem íbúðareigandinn á rétt á að fá greidda út við sölu eigin íbúðar, gengur óskipt upp í kaupverð hinnar íbúðarinnar til viðbótar greiðslu samkvæmt A.
C. Fjárhæð láns úr Byggingarsjóði verkamanna út á íbúðina, sem tekið er við, markast af kaupverði hennar, að frádregnum greiðslum samkvæmt A. og B. og að frádregnum yfirteknum lánum.

39. gr.

Stjórn verkamannabústaða getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu þegar um er að tefla hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

40. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal auglýsa endursöluíbúðir rækilega innan sveitarfélagsins og eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ef tilefni gefast.

41. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði samkvæmt 23. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur sem uppboðshaldari hefur samkvæmt uppboðsskilmálum til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Kvöð um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar eru samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðum, nema viðkomandi sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti.

Nú neytir sveitarfélag forkaupsréttar samkvæmt 31. gr. og selur íbúðina aftur manni sem búsettur er í sveitarfélaginu og uppfyllir önnur skilyrði til þess að kaupa verkamannabústað samkvæmt 44. gr. laga nr. 60/1984. Er þá heimilt að veita kaupanda lán úr Byggingasjóði verkamanna, þannig að lán sjóðsins nemi allt að 80% af kaupverði íbúðarinnar að meðtöldum lánum uppfærðum sem á íbúðinni hvíla.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 60 1. júní 1984, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

7. febrúar 1985 Nr. 90

REGLUGERÐ

um byggingarsamvinnufélög.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

2. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi sem kveðið er á um í 1. gr., geta byggingarsamvinnufélög notað eftirfarandi:

1. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis sbr. d. lið 78. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
3. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessi taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag" og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

3. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984 og eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög er miði m. a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust. Lágmarkstala stofnenda í byggingarsamvinnufélagi sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneyti.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna slíkar hugmyndir bréflega til allra félagsmanna, með bréfinu skulu fylgja tillögur þær sem fyrir liggja um sameiningu. Allar tillögur um sameiningu skulu ræðast á tvennum almennum félagsfundum í hverju félagi, og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir skv. samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

4. gr.

Fjáröflun byggingarsamvinnufélags sé með eftirtöldum hætti:

1. Til rekstrar félagsins.
   1.1. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
2. Til að standa straum af byggingarkostnaði þeirra framkvæmda sem ákveðnar eru skv. 79. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
   2.1. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns sbr. lið 1. í 2. gr. reglugerðar þessarar, framlag félagsmanns leggst í stofnsjóð og færist á nafn hans og er séreign hans.
   Stofnsjóðsinnistæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau bestu og eru á almennum innistæðureikningum viðskiptabankanna á hverjum tíma.
   Stofnsjóðsinnistæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki, sem hann á aðild að og ganga þá, ásamt vöxtunum, upp í byggingarkostnað.
   Stofnsjóðsinnistæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það. Við úrsögn úr félaginu skal félagsmaður fá endurgreidda stofnsjóðsinnistæðu sína að viðbættum vöxtum.

2.2. Með lánum skv. 11. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn heimilt að veita undanþágu frá því skilyrði ef tryggilega er kveðið á um á hvaða verkstigi lokaáfanga skuli skilað.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélögum er heimilt að stofna varasjóð sbr. c. lið 78. gr. laga nr. 60/1984.

Tillög í varasjóð mega nema allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu ennfremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem skv. ákvæðum reglugerðar þessarar renna í stofn- og rekstrarsjóð.

Færa skal sérstakan reikning yfir varasjóð viðkomandi félags. Þar skal koma fram skipting varasjóðs á hvern byggingarflokk hjá félaginu. Varasjóð má ávaxta sem rekstursfé félags t. d. til kaupa á tækjum, þá með þeim hætti að varasjóður eigi ávallt tryggingar í eignum sem félagið á og að honum séu reiknaðir hæstu leyfilegir vextir af fjármagni því sem í rekstrinum er á hverjum tíma.

Heimilt er einnig að varasjóður taki þátt í kostnaði sem til fellur vegna málaferla og úrbóta sem teljast til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki. Einnig skal heimilt að nota allt að 30% hluta varasjóðs til að standa undir sameiginlegum kostnaði við meiri háttar viðhald á hverjum einstökum byggingarflokki. Slík notkun varasjóðs er háð samþykki stjórnar viðkomandi byggingarflokks og stjórnar byggingarsamvinnufélagsins.

6. gr.

Stjórnir byggingarsamvinnufélags skipa félagsmönnum í byggingarflokka eftir því sem reglugerð þessi og samþykki viðkomandi félags segja til um.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveða á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal ennfremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilinn 1/5 hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

7. gr.

Hver byggingarflokkur skal kjósa sér þriggja manna stjórn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikning byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptum.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar.

Íbúðareigendur byggingarflokka sem fengið hafa afsal fyrir íbúðum sínum geta skriflega farið fram á að stjórn félagsins taki að sér málarekstur fyrir hönd viðkomandi byggingarflokks. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum.

9. gr.

Stjórn félags skal láta gera ýtarlega áætlun um byggingarframkvæmdir ásamt greinargerð um öflun nauðsynlegs fjármagns til framkvæmdanna áður en hafist er handa um þær.

Óheimilt er að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en húsnæðismálastjórn hefur staðfest framkvæmdaáætlun félagsins.

10. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að vera, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu skv. mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdarbörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

11. gr.

Byggingarsamvinnufélög geta óskað eftir aðstoð Húsnæðisstofnunar ríkisins og skal hún þá vera stjórnum félaga til leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Ennfremur skal hún með lánum skv. 29. gr. laga nr. 60/1984 stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

12. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikinga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum er nemi allt að 30 þús. kr. nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum. Sektir skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins, (varasjóð viðkomandi félags).

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. kafla laga nr. 60/1984, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um staðalíbúðir.

1. gr.

Staðalíbúð er hugtak, sem notað er til þess að ákvarða fjárhæðir lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skv. l. nr. 60/1984, sbr. rgl. nr. 88/1985, nr. 89/1985 og þessa reglugerð.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skulu gera ítarlega áætlun um byggingarkostnað þriggja flokka staðalíbúða, sem miðast við rýmisþörf eftirtalinna fjölskyldustærða:

1) Staðall I: Gildir fyrir einstakling.
2) Staðall II: 2—4 manna fjölskylda.
3) Staðall III: 5 manna fjölskylda og stærri.

Við útreikning á stærðum íbúða innan hvers staðals, skal fara eftir íslenskum staðli um það efni.

Fjölskylda teljast foreldrar og börn þeirra undir 18 ára aldri nema sýnt sé fram á að fleiri séu innan sömu fjölskyldu. Heimilt er að taka sérstakt tillit til þess ef fyrirhugað er að taka inn á heimili umsækjanda aldrað fólk, sem ekki getur séð um sig sjálft, og verður í umsjá umsækjanda.

3. gr.

Við gerð áætlana um byggingarkostnað staðalíbúða skal miða við fullgerða íbúð að öllu leyti með frágenginni lóð, en án bílskúrs eða bílskýlis. Miða skal við að staðalíbúðir séu vandaðar að öllu frágangi, búnar venjulegum tækjum til heimilishalds og uppfylli kröfur byggingarreglugerða að öllu leyti, sbr. 5. gr.

4. gr.

Byggingarkostnað staðalíbúða skal endurreikna ársfjórðungslega samkvæmt kostnaðargreiningarkerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Við ákvörðun á lánsfjárhæð skal miða byggingarkostnað þess ársfjórðungs þegar fokheldisstigi er náð, sbr. 2. mgr. 7. gr. rgl. nr. 88/1985, um Byggingarsjóð ríkisins.

5. gr.

Til grundvallar útreikninga á byggingarkostnaði staðalíbúða, skal leggja verk- og efnislýsingu Húsnæðisstofnunar ríkisins frá nóvember 1980, og skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um kostnaðargrundvöll staðalíbúða frá janúar 1981.

6. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal endurskoða staðal skv. 2. gr. og viðmiðunarreglur um rýmisþörf í samræmi við breyttar þarfir og kröfur til húsrýmis. Skal í samræmi við það gera nýja lýsingu sbr. 5. gr. og fela síðan Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að endurreikna byggingarkostnað staðalíbúðar sbr. 4. gr.

7. gr.

Ráðherra ákveður hámarksfjárhæðir lána, samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar. Skulu lánin vera ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúða, sbr. 31. og 32. gr. l. nr. 60/1984. Hámarkslán til hvers umsækjanda fer eftir fjölskyldustærð sbr. 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 33. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um skyldusparnað.

1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16 til og með 25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum og verðbótum meðtöldum skattfrjálst en framtalsskylt.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma sem fjármagnið er lagt í sjóðinn eða til þess innheimtuaðila sem hann tilnefnir, og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán skv. 1. tl. 11. gr. laga nr. 60/1984.

Að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga nr. 13/1979.

2. gr.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir, sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði skv. vottorði skólastjóra, eiga þess kost að fá endurgreitt það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn, þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

3. gr.

Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins eða þeirrar stofnunar sem sér um innheimtu skyldusparnaðar, eigi síðar en 5 dögum eftir gjalddaga launa. Dragist greiðsla lengur, greiðast fullir dráttarvextir fyrir þann tíma sem umfram er. Heimilt er að nota skýrsluvélar (tölvur) við launaafgreiðslu enda fái launþegi við hverja launagreiðslu upplýsingar frá launagreiðanda um hve há skyldusparnaðarupphæðin var, sem lögð var til hliðar af launum og hvað upphæðin sé samtals orðin það sem af er árinu.

Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði um undanþáguheimild sína.

4. gr.

Launagreiðendur sem nota þá aðferð við innheimtu skyldusparnaðar, sem getur í 3. gr. 1. mgr., ber að greiða Byggingarsjóði ríkisins eða þeirri stofnun sem hann semur við um innheimtuna, andvirði sparifjárins tafarlaust að lokinni vinnslu launaseðla, og eigi síðar en 5 dögum eftir gjalddaga launa. Dragist greiðslan lengur skal launagreiðandinn greiða dráttarvexti af upphæðinni fyrir þann tíma, sem umfram er. Með greiðslunum skal launagreiðandinn skila skrá um launþega þá, sem sparifénu er skilað fyrir. Húsnæðisstofnun ákveður hvaða upplýsingar skulu vera á skrá þessari.

Fyrirtæki það sem annast gerð launaskrár fyrir launagreiðandann skal skila Húsnæðisstofnun ríkisins tafarlaust, að lokinni gerð launagreiðslugagnanna, skrá um launþegana með sömu upplýsingum og launagreiðandanum er gert að skila með greiðslu sparifjárins. Jafnframt ber fyrirtækinu að skila Húsnæðisstofnun ríkisins þeim upplýsingum, sem stofnunin áskilur. Húsnæðisstofnunin ákveður nánar hverjar þessar upplýsingar skulu vera.

5. gr.

Undanþegnir þátttöku í sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, sem býr saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
c. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
d. Þeir, sem eiga íbúð til eigin þarfa.
e. Þeir, sem búa við varanlega örorku skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
f. Útlendingar sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Sá sem telur sig eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði, ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

6. gr.

Þeir, sem uppfylla ákvæði 5. gr. skulu afla þeira gagna, sem nánar segir í þessari grein og leggja þau fram hjá húsnæðisstofnun ríkisins.

a. Þeir, sem undanþegnir eru skyldusparnaði vegna giftingar skulu sanna það með hjúskaparvottorði.
b. Skólafólk skal leggja fram námsvottorð útfyllt af skólastjóra eða fulltrúa hans í þeim skóla þar sem nám er stundað, sem sannar námsvist um lengri tíma en 6 mánuði á því ári. Þá er heimilt að endurgreiða það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn, þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað. Ef hluti náms hefur farið fram í öðrum skóla skal skólastjóri gefa út vottorð um endurgreiðslu skyldusparnaðar vegna náms í þeim skóla, enda leggi skyldusparandi fram fullkomnar upplýsingar um þá námsvist og að öðru leyti séu uppfyllt skilyrði endurgreiðslu. Sé nám stundað erlendis nægir vottorð frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.
c. Þeir, sem undanþegnir eru skyldusparnaði skv. c-lið 5. gr., skulu leggja fram vottorð skattstjóra því til staðfestingar.
d. Þeir, sem keypt hafa íbúð til eigin þarfa, eða hafið byggingu íbúðarhúss, skulu leggja fram veðbókarvottorð til að sanna eignarrétt sinn að íbúð. Ef um er að ræða byggingu íbúðar eða kaup á íbúð og skyldusparandi hefur ekki fengið afsal, skal skyldusparandi leggja fram vottorð viðkomandi byggingarfulltrúa þess efnis að bygging íbúðarhúss sé hafin, (vottorð um að sökklar séu steyptir) eða þinglýstan kaupsamning ef um kaup á íbúð er að ræða.
e. Þeir, sem búa við varanlega örorku, skulu leggja fram vottorð Tryggingastofnunar ríkisins þess efnis að þeir njóti örorkustyrks eða örorkulífeyris.
f. Þeir sem stofna til atvinnurekstrar skulu framvísa atvinnuleyfi.

Launagreiðandi skal ekki halda eftir skyldusparnaði af launum þess starfsmanns, sem uppfyllir framangreind skilyrði enda leggi hann fram gögn frá Húsnæðisstofnun ríkisins því til sönnunar.

Undanþágu frá þátttöku í skyldusparnaði skv. 5. gr. skal endurnýja þegar eitt ár er liðið frá dagsetningu þess skjals, sem liggur til grundvallar undanþágu.

7. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að veita leyfi til endurgreiðslu og undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum, hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar, eða flytja lögheimili sitt til útlanda. Skylt er að leggja fram vottorð frá viðkomandi landi um að lögheimili hafi verið flutt þangað.

Allar undanþágubeiðnir skulu gerðar á sérstök eyðublöð.

Skila skal launaseðlum fyrir 6 síðustu mánuði sem sönnun á greiðslu skyldusparnaðar.

Þegar um atvinnuleysingja er að ræða er skylt að leggja fram atvinnuleysisskráningarvottorð.

Að því er tímabundnar undanþágur varðar skal að jafnaði veita þær í mesta lagi til 6 mánaða.

Meðfylgjandi þessari reglugerð er sérstök skrá yfir þau atriði sem veitt geta rétt til endurgreiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar, og einnig skrá yfir þau tilvik sem ekki veita slík endurgreiðsluréttindi. Ákvörðun Húsnæðisstofnunar um framkvæmd á undanþágum skv. 1. mgr. greinarinnar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

8. gr.

Vextir af sparifé teljast sparifjáreigenda frá þeim degi, sem skyldusparnaður er afhentur Byggingarsjóði ríkisins eða þeim sem fyrir hans hönd annast innheimtu skyldusparnaðar, skulu vextir og verðtrygging teljast frá þeim degi, sem skyldusparnaður berst til innheimtuaðila.

9. gr.

Á meðan einhver sparimerki skv. ákvæðum VII. kafla laga nr. 51/1980 eru í umferð, skulu gilda ákvæði 10. og 11. gr. en útgáfu sparimerkja og sparimerkjabóka verður hætt.

10. gr.

Nú hefur blað með álímdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar, og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku. Þó er heimilt að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

11. gr.

Glatist sparimerkjabók, en sparimerki hafa verið afhent pósthúsinu til áframsendingar og fjárhæðin lögð á sparimerkjareikning bókareiganda, getur Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins stefnt til sín handhafa þessarar sparimerkjabókar með 6 mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði. Ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur Byggingarsjóður ríkisins greitt þeim manni upphæðina, sem er skráður eigandi bókarinnar, þegar hann á rétt til endurgreiðslu skv. reglugerð þessari, án þess að nokkur annar, er sparimerkjabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfur á hendur Byggingarsjóði ríkisins.

Kostnað af þessu ber bókareiganda að greiða.

12. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins eða stofnanir, sem hún semur við, skulu annast innheimtu á skyldusparnaði skv. reglugerð þessari.

Stofnanir sem taka við greiðslum á skyldusparnaði, skulu leggja innkomnar greiðslur á reikning Byggingarsjóðs ríkisins, samtímis og greiðslur berast. Þær skulu síðan gera yfirlit um móttöku sparnaðar í hverjum mánuði og skal afhenda það Húsnæðisstofnun ríkisins eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar á eftir.

Á yfirliti skulu koma fram nöfn launagreiðenda og nöfn og upphæð hvers skyldusparanda, ásamt stöðu á sparisjóðsbók.

13. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á skyldusparnaðarreikningi skv. 1. gr. reglugerðar þessarar og rétt á til endurgreiðslu skv. 2. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. hennar skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt samkvæmt þeim reglum, sem nánar er sagt frá hér á eftir.

Þann 1. hvers mánaðar þegar ný lánskjaravísitala tekur gildi er innistæða skyldusparnaðar uppfærð með sömu hlutfallslegri breytingu og orðið hefur á lánskjaravísitölu.

Vextir skv. 1. gr. reiknast sem dagvextir af stöðu uppfærðs sparnaðar og leggjast við höfuðstól um hver áramót. Við næstu mánaðarmót eftir að skyldusparandi nær 26 ára aldri, ber reikningur hans almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma og vextir skv. 1. gr. falla niður.

Með innstæðu sem reikningseigandi hefur ekki tekið út, hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti eða verðbætur skal fara skv. l. nr. 14/1905 um fyrningar.

14. gr.

Allur kostnaður við framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði. Launagreiðendur þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu bera allan kostnað af afgreiðslu skyldusparnaðarins þar til gögn og greiðsla hefur verið afhent Byggingarsjóði ríkisins.

15. gr.

Húsnæðisstofnun ber að fylgjast með að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði. Skal Húsnæðisstofnun setja skuldina í innheimtu hálfum mánuði frá gjalddaga launanna, standi launagreiðandi ekki í skilum.

Eigi ríkisfyrirtæki í hlut, ábyrgist fjármálaráðuneytið greiðslu til Húsnæðisstofnunar með sama hætti og greinir í 1. mgr.

Verði misbrestur á að fyrirtækið skili réttum gögnum, skal það greiða Húsnæðisstofnun allan kostnað, sem af þeim misbresti leiðir.

16. gr.

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögum og reglugerð þessari eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu launaskatts sbr. lög nr. 14/1965, ásamt síðari tíma breytingum.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að semja við hvaða aðila sem er um innheimtu og/eða eftirlit með skyldusparnaði.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 500 þús., nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum. Sektir skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. kafla laga nr. 60 1. júní 1984, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reykjavíkurhöfn

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar:

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

1.1 Hafnarsvæði Reykjavíkurhafnar er fyrir allri strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og skiptist af Seltjarnarnesi í Skerjafjörð og Kollafjörð.

1.2 Takmörk á sjó eru:
Á Kollafirði: Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° til skurðar við línu sem dregin er úr ósum Úlfarsár réttvísandi 307°. Undanskilin eru svæði, sem ákvarðast af netlögum Seltjarnarnesskaupstaðar.
Á Skerjafirði: Lína frá mörkum lögsagnarumdæmisins réttvísandi 210° að Löngu-skerjum, þaðan lína réttvísandi 120°, 2600 m löng yfir Hólma. Síðan inn Fossvog að mörkum lögsagnarumdæmisins.

1.3 Takmörk á landi eru:
Gamla höfnin: Eystri götubrún Mýrargötu og Tryggvagötu og norðurbrún Kalkofnsvegar og Geirsgötu.
Sundahöfn: Frá Laugarnestöngum stórstraumsflóðborð að línu sem er framlenging vesturgötulínu Sundagarða. Sú lína að norðausturgötulínu Sundagarða (í beygju). Þaðan sú götulína að skurði við austurgötulínu Vatnagarða. Sú götulína að Holtavegi og þá austurgötulínu Skútuvogs að Kleppsmýrarvegi. Norðurhlið þeirrar götu til skurðar við línu á suðurmörkum lóðar Olíufélagsins hf. og niður Háubakka til sjávar. Í Ártúnshöfða suðurgötulína Sævarhöfða frá mörkum lóðar Sementsverksmiðju austur að og meðfram vegfyllingu við Gullinbrú.
Annars staðar hefur hafnarstjórn í umboði borgarstjórnar eftirlit með fjörum utan stórstraumsflóðborðs og skal gæta þess að umgengni sé í samræmi við ákvarðanir borgarstjórnar í hverju tilviki.

1.4 Helstu hafnarsvæði eru: Gamla höfnin, Sundahöfn — Viðeyjarsundi, Sundahöfn — Kleppsvík, Sundahöfn — Grafarvogi, Eiðsvík og olíustöðvar í Skerjafirði, við Örfirisey og við Laugarnes.

1.5 Hafnarsvæði er teljast innri höfn í reglugerð þessari eru: Skerjafjörður innan Hólmsins, Gamla höfnin innan hafnargarða, Sundahöfn austan Laugarnestanga, Eiðsvík og viðlega við Eyjargarð.
Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.

1.6 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Hafnarbakka og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaður og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Reykjavíkurborg er eigandi hafnarinnar.
Borgarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

2.2 Hafnarstjórn er kjörin af borgarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda borgarstjórnar.
Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og borgarstjórnar.

2.3 Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2.4 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga borgarstjóri, borgarverkfræðingur og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti. Ennfremur er starfsmönnum Reykjavíkurhafnar að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu heimilt að kjósa einn fulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

3. gr.

Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.

3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar.
Leita skal staðfestingar borgarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, gjaldskrá fyrir þjónustu, sbr. 13. gr. hafnarlaga, svo og lántökum hafnarsjóðs eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, er binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár. Tillögur hafnarstjórnar í þessum málum skulu lagðar fram í borgarráði til kynningar, áður en þær eru bornar upp í borgarstjórn.
Hafnarstjórn gerir tillögur til borgarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra, en ræður sjálf aðra fasta starfsmenn hafnarinnar.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.
Hún veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til borgarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir borgarstjórn.
Hafnarstjórn fjallar um innkaup og verksamninga hafnarinnar, sbr. einnig samþykkt fyrir innkaupastofnun Reykjavíkurborgar 1.4.1976.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af borgarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar.
Hann veitir hafnarstjórn og borgaryfirvöldum upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.
Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og borgarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri gerir tillögur til hafnarstjórnar um ráðningar fastra starfsmanna en ræður aðra starfsmenn og segir þeim upp.

4.4 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu,skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI.

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip er unnin af skipaþjónustu og/eða undir stjórn skipaþjónustustjóra í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip sem koma til hafnar oftar en vikulega, í síðasta lagi 1. klst. fyrir komu á ytri höfn. Hafnsöguskyld skip skulu tilkynna brottför með minnst 3 kst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum, strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns, skal tilkynna brottför til skipaþjónustu.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IHDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipsstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjavíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skipaþjónustu með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis

skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

8.2 Ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns.

Íslensk skip, sem flytja mikið magn af hættulegum varningi skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina svo og önnur íslensk flutningaskip og fiskiskip lengri en 60 metrar (mesta lengd), nema hafnarstjórn hafi veitt skipstjóra slíks skips hafnsöguréttindi. Skilyrði fyrir veitingu þeirra er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar s. l. 3 ár og komið næst liðið ár a. m. k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þá siglingu. Réttindin gilda einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á.

Þá skal stjórnbúnaður skips vera fullnægjandi að mati skipaþjónustu. Veiting hafnsöguréttinda skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við skipaþjónustu og hlíta í einu og öllu fyrirmælum vakthafandi varðstjóra, ella má svipta þá réttindum fyrirvaralaust.

Heimilt er að veita þeim sem áður hafa gegnt hafnsögustörfum hjá Reykjavíkurhöfn hafnsöguréttindi.

Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og falla réttindi samkvæmt grein þessari þá niður.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8.3 Skipaþjónusta veitir dráttarbátaaðstoð, sér um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Skipaþjónustustjóri og í fjarveru hans varðstjóri ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni, sbr. þó gr. 7.2. hér að framan.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug,eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið.

Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

9. gr.

Umferð um höfnina.

9.1 Skip sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við skipaþjónustu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur inn á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 5 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

9.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

9.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

9.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

9.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

Skip í viðlegu.

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

10.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

10.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

10.6 Skipaþjónusta ákveður legur fyrir minni fiskibáta og/eða skemmtibáta við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar bátur er sjósettur eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það skipaþjónustu. Bátar þessir eru á ábyrgð eigenda sama hvort þeir eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

Skip í lægi.

11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðru legufæri og er ekki í rekstri.

11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samræmi við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI
Afnot hafnarvirkja og landsvæða.

12. gr.
Lestun og losun, almennt.

12.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

12.4 Hafnarstjóri skal færa skrá yfir þungalyftinga- og flutningatæki og annan búnað, sem notaður er við höfnina.

Eigendur slíkra tækja skulu sækja um leyfi til notkunar þeirra á hafnarsvæðinu hjá hafnarverkfræðingi m. a. sökum þungatakmarkana á hafnarsvæðinu.

12.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnasvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

12.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

12.7 Við lestum og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilegar sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

12.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

13. gr.
Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

13.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDC-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar

patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

13.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.
Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Reykjavík.

13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarmálastjóri samþykkir.
Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.
Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI
Um hafnargjöld í Reykjavík.

14. gr.
Um hafnargjöld.

14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
a) Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
b) Þjónustugjaldskrá, er hafnarstjórn setur og staðfest er af borgarstjórn.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.
Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

15.1 Lögreglan í Reykjavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

15.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
Bannað er að iðka sund, vera á sjóskíðum, seglbrettum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

15.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

16. gr.

Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að veita tímabundnar undanþágur í allt að 6 mánuði frá auglýsingu þessari til þess að koma á fullnægjandi merkingum. Áður en slík undanþága er veitt skal framleiðandi eða innflytjandi leggja fram áætlanir um fullnægjandi merkingar.

11. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er með stoð í 6. gr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum sbr. og lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

14. mars 1985 Nr. 148

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Siglufirði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar og tryggja að gróðurlendi bæjarins verði ekki spillt.

2. gr.

Búfjárhald (sauðfjár, hrossa, nautgripa, svína, geita og alifugla) er óheimil utan lögbýla innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum reglugerðar þessarar, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur sem bæjarstjórn staðfestir eftir gildistöku hennar.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 2. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda þess búfjár sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli skiptir fyrir öryggi þess og aðhald. Leyfisveiting er háð því að umsækjandi sé félagi í búfjáreigendafélagi, ef slíkt félag er starfandi og skal vottorð þess efnis þá fylgja umsókn.

4. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, skal hún veita leyfið og skal það bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma, það skal gefið út á nafn og skal ekki vera framseljanlegt.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. með því að gæta ekki fjárins á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari, skal lögreglan hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans. Heimilt er að selja það búfé á opinberu uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Hið sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum. Eiganda búfjár ber að greiða allan kostnað sem leiða kann af slíkum ágangi.

6. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds.

Forðagæslumenn skulu gæta þess að fjöldi búfjár sé í samræmi við veitta heimild hverju sinni.

7. gr.

Bæjarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í bænum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan hennar. Stefnt skal fljótt og skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Byggingar peningshúsa skulu aðeins leyfðar í skipulögðum búfjársvæðum sem bundin eru í aðalskipulagi.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu varða sektum, allt að kr. 5 000,00. Upphæð þessi skal breytast í samræmi við þær breytingar sem verða kunna á vísitölu byggingarkostnaðar.

10. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé er fellur undir ákvæði hennar, skulu innan sex mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi, ella fellur niður heimild þeirra til að halda búfé.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um framlög til eftirlauna aldraðra.

1. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla laga nr. 2/1985 að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. laganna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ávísun umsjónarnefndar eftirlauna, en Atvinnuleysistryggingasjóður endurkrefur ríkissjóð um ¼ hluta útgjaldanna.

2. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna, sbr. 1. málsgr. 21. gr. þeirra, skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður sem tilgreindur er á fylgiskjali með samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989, sbr. 4. gr.

3. gr.

Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi því, sem um getur í 2. gr., skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1984, 4% árið 1985 og 3% árin 1986—1989, til að standa undir útgjöldum til lífeyrisgreiðslna samkvæmt II. kafla laganna ásamt uppbót á þann lífeyri, sbr. 22. grein laganna, og sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

4. gr.

Séu iðgjöld til lífeyrissjóðs ákveðin hærri en 10% af iðgjaldsskyldum tekjum, skal við ákvörðun framlags samkvæmt 2. og 3. gr. ekki reikna með þann hluta iðgjalda, sem umfram er 10%. Til frádráttar skulu koma iðgjöld, endurgreidd á árinu eða flutt til annarra sjóða, og skal ekki telja til iðgjalda sérstök aukaframlög vinnuveitenda, svo sem til verðtryggingar lífeyris eða til að mæta halla, sem fram hefur komið við tryggingafræðilega athugun. Að öðru leyti skal framlag reiknað af öllum iðgjaldatekjum að meðtöldum iðgjöldum fluttum til sjóðsins á árinu.

Nú hefur breyting orðið á tilhögun færslu iðgjalda á ársreikningi lífeyrissjóðs frá árinu 1978, og er þá umsjónarnefnd heimilt að miða útreiknings framlags við fyrri tilhögun og áætla breytingar á reikningi í því skyni eftir því, sem nauðsyn krefur.

5. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal í marsmánuði ár hvert 1980—1989 áætla iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á árinu, sbr. 2.—4. gr. Áætlun iðgjaldatekna skal miða við tölur nýjasta ársreiknings eða yfirlits frá sjóðnum og breytingar á grundvallarlaunum samkvæmt 6. gr. laganna frá hlutaðeigandi reikningsári til gjaldársins. Grundvallarlaun gjaldársins skulu áætluð þannig, að reiknað sé með óbreyttum launum frá mars til desember, en síðan skal umsjónarnefnd ákveða nauðsynlega viðbót við árstölu, er þannig er fengin, vegna óvissra launahækkana.

Telji umsjónarnefnd, að veruleg breyting hafi orðið á iðgjaldatekjum lífeyrissjóðs vegna breyttra laga- og reglugerðarákvæða eða breytinga á fjölda sjóðfélaga, skal hún breyta áætlun sinni í samræmi við það.

Umsjónarnefnd skal jafnframt áætlun sinni um iðgjaldatekjur lífeyrissjóða gera áætlun um viðbótargreiðslur samkomulagssjóða samkvæmt 21. gr. laganna, svo og áætlun um hina sérstöku uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

6. gr.

Hver samkomulagssjóður skal greiða til umsjónarnefndar iðgjaldaframlag sitt að frádreginni þeirri fjárhæð, sem áætlað er, að í hlut hans komi við hlutfallslega skiptingu samanlagðra framlaga samkomulagssjóðanna.

Nemi áætlaður hluti samkomulagssjóðs í hinum samanlögðu framlögum hærri fjárhæð en iðgjaldaframlag hans, skal umsjónarnefnd greiða honum mismuninn.

Umsjónarnefnd greiðir Lífeyrissjóði bænda þann mismun, sem er á áætlaðri uppbótarfjárhæð samkvæmt 3. málsgr. 5. gr. og áætluðu iðgjaldaframlagi sjóðsins.

7. gr.

Gjalddagi greiðslna samkomulagssjóða til umsjónarnefndar, sbr. 1. málsgr. 6. gr., og iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sbr. 3. gr., að undanskildum Lífeyrissjóði bænda, er 1. apríl ár hvert 1980—1982. Heimilt er lífeyrissjóðum að inna ársgreiðsluna af hendi í tveimur jöfnum hlutum. Sé fyrri hlutinn ekki greiddur í síðasta lagi 30. apríl reiknast dráttarvextir af ársgreiðslunum í heild frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um heimild til töku dráttarvaxta af fasteignaveðskuldum. Sé fyrri hluti greiddur fyrir aprílok, en síðari hluti ekki greiddur í síðasta lagi 31. júlí, reiknast dráttarvextir á sama hátt af eftirstöðvum frá gjalddaga til greiðsludags.

Árin 1983—1989 skulu gjalddagar þeirra greiðslna samkomulagssjóða og iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sem 1. málsgr. tekur til, vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur ársgreiðslunnar í hvort sinn. Dráttarvextir reiknast af hvorum hluta fyrir sig frá gjalddaga til greiðsludags, sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. að öðru leyti ákvæði 1. málsgr.

Umsjónarnefnd er heimilt að semja um aðra greiðslutilhögun við einstaka samkomulagssjóði, er mikla greiðslubyrði hafa samkvæmt 1. og 2. málsgr., enda verði sú tilhögun ekki talin óhagstæðari þeim samkomulagssjóðum, er greiðslur renna til.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til samkomulagssjóða samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. skulu inntar af hendi í tveimur jöfnum hlutum í maí og ágúst ár hvert 1980—1982, en í maí og september 1983—1989.

Árlegar greiðslur umsjónarnefndar til Lífeyrissjóðs bænda skv. 3. málsgr. 6. gr. skulu inntar af hendi í þremur jöfnum hlutum í júní, september og desember ár hvert.

8. gr.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1980—1982 í stað áætlunar þeirrar, sem um getur í 5. gr., skal miðast við 1. júlí ár hvert 1981—1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð skal greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir, sbr. 1. málsgr. 7. gr., reiknast frá og með 1. ágúst.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1983—1989 skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. laganna frá 1. ágúst á framlagsárinu. Dráttarvextir, sbr. 1. málsgr. 7. gr. reiknast frá og með 1. ágúst, sé greiðsla ekki innt af hendi fyrir ágústlok.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta umsjónarnefnd í té ársreikninga sína, um leið og þeir eru fullgerðir. Hafi ársreikningur ekki borist nefndinni fyrir þann tíma, er endanlegt uppgjör samkvæmt 1. og 2. málsgr. skal miðast við, skal hún miða uppgjör við eigin áætlun.

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 2. tölul. 1. málsgr. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 5. kafla laga nr. 2 14. febrúar 1985, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 47/1983 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

19. mars 1985 Nr. 150

STARFSREGLUR

fyrir nefnd um ágreiningsmál skv. lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.

1. KAFLI

Almenn ákvæði og verksvið

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, til þess að taka til meðferðar ágreiningsmál, sem rísa vegna samskipta almennings og heilbrigðisþjónustunnar og vísað er til nefndarinnar.

Nefndinni ber að skila álitsgerð í slíkum málum, þar með talið um ætlaðan skaða á heilsu sjúklings vegna aðgerðar lækna í eða utan sjúkrastofnana, rangra aðgerða eða of seint framkvæmdra, svo og vegna hjúkrunar eða vistunar á heilbrigðisstofnum, svo og önnur þau atriði, sem kærur eða kvartanir fjalla um.

Nefndin skal leitast við meta ábyrgð aðila og bótaskyldu, komi fram beiðni um það.

2. gr.

Nefndin skal láta í té álitsgerð eftir skriflegri beiðni dómstóla svo og málsaðila um ætlað persónulegt tjón sjúklings af völdum starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar. Sé beiðni um álitsgerð augljóslega byggð á röngum forsendum, að mati nefndarinnar, verður álit eigi gefið.

2. KAFLI

Um nefndarskipan

3. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára af ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, jafnt aðalmenn sem varamenn. Formaður og varaformaður skulu tilnefndir og skipaðir sérstaklega af sömu aðilum.

Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar.

3. KAFLI
Um starfshætti og fundarsköp

4. gr.

Nefndin tekur aðeins til meðferðar skriflegar kærur eða kvartanir, sem beint er til hennar millilíðalaust, eða mál, sem vísað er til hennar af yfirstjórn heilbrigðismála eða öðrum aðilum í stjórn landsins.

Aðilar að kvörtunum eða kærumálum skulu fá færi á að fylgja þeim eftir munnlega og þá með fulltingi sérfróðra umboðsmanna, ef þeir kjósa. Ennfremur mega þeir leggja fram þau gögn, sem þeir telja að styðji mál sitt. Skal fara um þetta eftir nánari ákvörðun nefndarinnar í hverju máli.

5. gr.

Hver sem máli er beint gegn skal fá komið að þeim gögnum, er hann hefur þörf á, og eiga kost á að flytja mál sitt munnlega fyrir nefndinni, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Má hann og leita sérfræðiaðstoðar í málarekstrinum.

6. gr.

Formaður stjórnar málflutningi fyrir nefndinni.

Að hverju máli skal þannig unnið að ekki verði óþarfadráttur á, meginhersla lögð á að upplýsa mál sem best frá beggja (allra) og að ekki verði réttur neins fyrir borð borinn.

Í meðferð máls getur nefndin leitað álits sérfróðra aðila og aflað gagna á hvern þann hátt, sem upplýst geti málið sem best.

7. gr.

Ákvörðun eða niðurstaða nefndarinnar í máli skal vera skrifleg og nefnast **„álitsgerð“.** Skal afhenda hana málsaðilum og heilbrigðisráðherra.

Leitast skal við að gera sér grein fyrir hver ber ábyrgð á hugsanlegu tjóni og skal slíkt mat felast í álitsgerðinni, en því aðeins skal metin skaðabótaskylda, að þess sé sérstaklega beiðst af aðilum.

Þyki framkominn rökstuddur grunur um refsivert athæfi, skal nefndin senda ríkissaksóknara álitsgerð í því máli.

8. gr.

Nefndin er því aðeins ályktunarhæf, að allir nefndarmenn eða persónulegir varamenn í þeirra stað, séu mættir og taki þátt í málsmeðferð.

Verði nefndarmenn ekki sammála um niðurstöður í álitsgerð eða um forsendur hennar, skal ráða afl atkvæða. Nefndarmaður skal eiga rétt á að leggja fram sérálit.

Nefndinni er skylt að fjalla um hvert það mál, sem til hennar er vísað, nema það, að mati nefndarinnar, falli bersýnilega utan sviðs hennar, eða sé byggt á röngum forsendum.

9. gr.

Yfirvöld skulu veita nefndinni alla þá aðstoð, sem hún kann að þurfa til að geta gegnt hlutverki sínu. Forstöðumönnum stofnana innan heilbrigðiskerfisins, eða deilda í slíkum stofnunum, er skylt að veita nefndinni allar þær upplýsingar, sem hún telur nauðsynlegar til rannsóknar máls, nema slíkt brjóti beint gegn lagafyrirmælum.

Sama skylda hvílir á einstaklingum starfandi í ofangreindum stofnunum, sem leitað er til um upplýsingar í máli, sem er til meðferðar hjá nefndinni.

Nefndin skal eiga rétt til upplýsinga um verknað eða atvik, sem á að halda leyndum, ef það telst nauðsynlegt fyrir málareksturinn, en þó því aðeins að sá, sem þagnarskyldan er sett til verndar, samþykki.

10. gr.

Nefndarmenn og varamenn þeirra, og allir aðrir sem hafa starfað fyrir eða með nefndinni sem sérfræðingar, eða í hvaða hlutverki sem er, skulu vera bundnir þagnarskyldu um leyndarmál, hvort sem um er að ræða einkamál eða fjölskyldumál, sem þeir hafa komist á snoðir um í sambandi við störf sín við mál hjá nefndinni.

11. gr.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar, þar með talin þóknun nefndarmanna, ritara, svo og til sérfræðinga sem leitað er til, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði hennar ná ekki til mála, sem komið hafa fram fyrir gildistöku.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

6. mars 1985 Nr. 151

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Skipagötu frá Sundstræti að Brunngötu. Tvístefnuakstur skal hins vegar vera á Skipagötu frá Aðalstræti á Brunngötu.

Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 6. mars 1985.

Pétur Kr. Hafstein.

21. mars 1985 Nr. 152

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Á mótum Gránufélagsgötu og Glerárgötu verður biðskylda samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Á Geislagötu, við austurbrún, norðan Gránufélagsgötu, eru heimiluð stæði fyrir tvær leigubifreiðir á tímabilinu frá kl. 00.00 til 04.00.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 21. mars 1985.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 52 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 520 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 520 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1985, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1984.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1985.

Albert Guðmundsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 154 7. mars 1985

REGLUR

um breyting á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja, með breytingu nr. 453/1982.

1. gr.

Við 3. gr. reglna nr. 116/1974, sbr. breyting nr. 453/1982 bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Styrkir samkvæmt þessari grein greiðast ekki vegna þeirra barna, sem njóta aðstoðar skv. reglugerð nr. 457/1984, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 4, 10. janúar 1985 og hitaveitur, nr. 2, 10. janúar 1985.

Samkvæmt 25. gr. og 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, um Orkubú Vestfjarða, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða fyrir raforku og hitaveitur frá og með 1. apríl 1985.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku:

Kafli II. Heimtaugagjald í þéttbýli, orðist svo:

Fyrir rafveitu og hitaveitu sameiginlega.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd [1]) kr/m
Allt að 40	45 000,00	773,00
40— 65	70 000,00	963,00
65—130	140 000,00	1 130,00
130—200	220 000,00	1 430,00

Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3,2)	6 010,00

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200A og 315A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja

þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1) Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Auka mælagrind fyrir hitaveitu kr. 24 000,00.

2.4 Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 3 620,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Orkubúsins skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur:

5. grein orðist svo:

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá Heimtaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

6. grein falli niður.

Síðari greinar færist fram sem því nemur.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 156 21. mars 1985

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Hveragerðishrepps í Árnessýslu að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur gert eftirfarandi samþykkt:

„Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur hreppsnefnd Hveragerðishrepps samþykkt að áskilja Hveragerðishreppi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins." Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. mars 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

María Á. Guðmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórnum heimilt að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista, sem fylgir með reglugerð þessari.

Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.

3. gr.

Fyrir rekstrarleyfi samkv. 36. gr. 1. málsgr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 er heimilt að innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	1 000
2. flokkur	2 000
3. flokkur	3 000
4. flokkur	4 000

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald svo sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	3 000
2. flokkur	6 000
3. flokkur	12 000
4. flokkur	18 000

5. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, f. h. svæðisnefndar, sveitarstjórnum í té lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki, en sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórnum á heilbrigðiseftirlitssvæði Eyjafjarðar, sbr. 6. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit í samráði við svæðisnefnd, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. 6. tl. áðurnefndra laga, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi eftirlits.

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1 000	B 2 000	B 3 000	B 4 000
C 1 000	C 2 000	C 3 000	C 4 000
D 4 000	D 8 000	D 15 000	D 25 000
Bensínstöðvar.	Fangageymslur.	Brauðgerðarhús.	Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir.
Leiktækjasalir.	Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur.	Brauðstofur.	Stór hótel.
Gufubaðstofur.	Gistiheimili án veitinga.	Pizzugerðir.	Stórar matvælavinnslustöðvar.
Ljósabaðstofur.	Heilsuræktarstöðvar.	Dagheimili.	Stór brauðgerðarhús.
Leikvellir.	Íþróttahús án sundstaðar.	Félagsheimili með veitingarekstur.	Mjólkurstöðvar.
Lækningastofur.	Íþróttavellir/sundstaðir.	Fiskbúðir.	Vinnuheimili.
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur.	Brauðgerð/Brauðsala.	Minni hótel.	Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.
Sælgætis- og tóbakssölur.	Kvikmyndahús.	Sjúkrahús I. (hjúkrunarheimiil o. s. frv.).	Sjúkrahús II. (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús).
Málningarverslanir.	Læknastöðvar.	Dvalarheimili o. þ. h.	Annar rekstur sambærilegur.
Tannlæknastofur.	Leikskólar.	Ísbúðir/Ísgerðir.	
Torgsala.	Matsöluvagnar.	Íþróttahús með sundlaug.	
Annar rekstur sambærilegur.	Mötuneyti (minni).	Sundlaugar/Sundhallir.	
	Neysluvörugeymslur.	Kjörbúðir/Nýlenduvöruverslanir.	
	Nýlenduvöruverslanir.	Leiktækjasalir m/veitingum.	
	Sælgætisgerðir (minni).	Skyndibitastaðir.	
	Tækifærisveitingar.	Stærri samkomuhús og veitingastaðir.	
	Annar rekstur sambærilegur.	Sælgætisgerðir (stærri).	
		Veislumiðstöðvar.	
		Veitingastaðir.	
		Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli).	
		Annar rekstur sambærilegur.	

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

Nr. 158 26. mars 1985

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 2,4% 1. mars 1985 að telja frá því sem þær voru í febrúar s.l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 9. janúar 1985.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. apríl 1985.

I. **Smásala.**
Teknir verða upp 2 nýir hitunartaxtar:

B.3 Aflmæling — Hitun.
Varmadælur og önnur notkun til hitunar í iðnaði o. fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW	71 100,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW	4 740,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,04 kr/kWh

D.3 Órofin hitun.
Til hitunar, varmadæla o. fl.

Orkugjald	2,04 kr/kWh
Fastagjald F3	6 630,00 kr/a

Uppsett afl má mest vera 200 kW samkvæmt þessum lið.

Ákvæði um „Innheimtu og lokun" orðist svo:

Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er	425,00 kr.
Lokunargjald: Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er	850,00 kr.

III. **Heimtaugagjöld í þéttbýli**
Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

1.1 Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
1.2 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
1.4 Aðalheimtaugar.
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A Einfasa	26 000,00
63 A Þrífasa	28 700,00
100 A Þrífasa	44 300,00
200 A Þrífasa	106 000,00
315 A Þrífasa	169 000,00
400 A Þrífasa	232 000,00
710 A Þrífasa	414 000,00
1200 A Þrífasa	699 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A Einfasa	4 900 kr.	660 kr/m	9 100 kr/stólpa
63 A Þrífasa	6 900 kr.	660 kr/m	10 600 kr/stólpa
100 A Þrífasa	7 500 kr.	820 kr/m	12 200 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist að auki kr. 6 250,00.
Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrentsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 Leita skal samþykkis Rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.
Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.
Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir uppboðshaldara.

1. gr.

Fyrir tilkynningu til skuldara um sölubeiðni og fyrir frumvarp að uppboðsskilmálum skal greiða uppboðshaldara kr. 20,00.

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

a. Án sölu:
Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal greiða 1%.

b. Við sölu:
1. Fasteignir og skip:
Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal kaupandi greiða 1%.
Innheimtugjald skal og greiða, þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaga.
2. Lausafé:
Innheimtugjald frá kaupanda:
a. Með gjaldfresti 6%.
b. Við staðgreiðslu 3%.
Innheimtugjald frá seljanda 4%.

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtugjald skal ákveða í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar falli niður en 50 aurar og hærri fjárhæð hækki í heila krónu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

4. gr.

Þau innheimtugjöld, sem getið er um í 1. til 3. grein reglugerðar þessarar, renna í ríkissjóð í þeim tilvikum, þar sem uppboðshaldari ákveður, að um lögkjör hans fari samkvæmt niðurstöðu kjaradóms frá 5. janúar 1985, sbr. l. nr. 41/1984.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, öðlast gildi 1. apríl 1985.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 757 30. desember 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1985.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðmundur Björnsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 1 8. janúar 1985 um stjórn botnfiskveiða 1985.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4., 15., og 16. gr. skal loðnubátum aðeins úthlutað almennu veiðileyfi með aflamarki á árinu 1985. Við ákvörðun aflamarks til loðnubáta skal skerða aflamark í hverri fisktegund um 20%, vegna aukningar loðnuveiða á vertíðinni 1984/1985.

2. gr.

Grálúða veidd á línu frá 1. júní til 31. ágúst, skal ekki teljast sem hluti af aflamarki skips.

Stundi skip, sem hefur almennt veiðileyfi með sóknarmarki, grálúðuveiðar með línu innan tímabilsins 1. júní til 31. ágúst, teljast þeir dagar, sem nýttir eru til grálúðuveiða, ekki með sem hluti sóknardaga samkv. 15. gr.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að leyfa flutning sóknardaga, sem ekki hafa nýst vegna verkfalls sjómanna í febrúar, af sóknartímabilinu janúar og febrúar yfir á seinni tímabil sbr. 15. gr. samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal tímabil 4 fyrir útgerðarflokk 5 og 6 hefjast 1. júlí.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 118 31. desember 1984, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1985.

F. h. r.
Jón B. Jónasson

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 130—161. Útgáfudagur 1. apríl 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1985

27. mars 1985 293 Nr. 162

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness

1. gr.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennur taxti

Orkugjald	4,40 kr/kwh	
Fastagjald	1 300,00 kr/ár	

B. Afltaxti

Orkugjald	1,10 kr/kwh	Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.
Aflgjald	5 620,00 kr/kw/ár	Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls.
Fastagjald	9 900,00 kr/ár	Lágmarksafl 30 kw.

C. Húshitunartaxtar

C.1	Orkugjald	2,53 kr/kwh	Án rofs
C.2	Orkugjald	1,21 kr/kwh	Rof allt að 4 h/d
C.3	Orkugjald	0,66 kr/kwh	Rof allt að 12 h/d
	Fastagjald	3 300,00 kr/ár	Fyrir taxta C1, C2 og C3.

2. gr.

TENGIGJÖLD

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	19 400,00
T 2	63A	3-fasa	26 200,00
T 3	100A	—	41 500,00
T 4	200A	—	83 000,00
T 5	315A	—	131 000,00
T 6	400A	—	166 000,00
T 7	630A	—	261 000,00
T 8	710A	—	295 000,00
T 9	1200A	—	498 000,00

Önnur ákvæði:

a) **Um heimtaugar:**
Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

B 28

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umfram metra greiðist sem svarar 1/40 hluta tengigjalds.
Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) **Um spennistöðvar:**
Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) **Um bráðabirgðaheimtaugar:**
Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) **Um spennubreytingu:**
Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) **Almennt um heimtaugar:**
Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.
Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.
ÝMIS ÁKVÆÐI

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**
   1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald	2 200,00 kr/a
Orkugjald	6,70 kr/kwh

   1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útilýsingar.**

Aflgjald	7 900,00 kr/kw/a, miðað við uppsett afl
Viðhaldsgjald	8 600,00 kr/kw/a, miðað við uppsett afl
Gjald samtals	16 500,00 kr/kw/a

   1.3. **Önnur sérákvæði.**
   Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.
2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**
   2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**
   að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,
   að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,
   að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,
   að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.
   2.2. **Um fasvikstuðul hjá notanda.**
   Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

2.3. **Opnunargjald.**
Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 700,00 fyrir enduropnun.

2.4. **Um dráttarvexti.**
Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. **Um sölugjöld.**
Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%, samkvæmt lögum, er innfalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. **Breytingar á gjaldskrá.**
Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 53 29. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. mars 1985 Nr. 163

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern hemil	kr.	110,00
b. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils	kr.	446,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð	kr.	32 750,00
0 — 300 m^3	kr.	32 750,00
300 — 1000 m^3	kr./m^3	38,90
1000 m^3 og yfir	kr./m^3	26,30
1 aðrennslishemill á grind	kr.	8 538,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, ... kr. 550,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 310 20. júní 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 28. mars 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

10. apríl 1985 Nr. 164

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. ..... kr. 584,00
á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni.
Fyrir önnur hús ..... kr. 375,00

b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús ..... kr. 43,00
á mánuði og ..... kr. 208,00
á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l.

c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir:
Fyrir hvern rúmmetra á mánuði ..... kr. 1,75
Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafin til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	kr.	26 100,00
Hús 300 m^3 til 2000 m^3 að utanmáli	kr.	26 100,00
og fyrir hvern rúmmetra þar yfir	kr.	17,00
Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er	kr.	5 000,00
Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:		
Gróðurhús að 200 m^2 skal greiða	kr.	26 100,00
Gróðurhús stærra en 200 m^2 skal greiða	kr.	26 100,00
fyrir 200 m^2 og	kr.	43,00
fyrir hvern m^2 umfram 200.		

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, ... kr. 410,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 306 20. júní 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. Ríkissjóðs, laun sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd	600
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengri	900
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl.	1 600
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	2 000
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	2 400
Fyrir skip 501 brl. til 1 600 brl.	3 000
Fyrir skip 1 601 brl. og stærri	3 600

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Gestir og aðrir utanaðkomandi aðilar sem koma í vinnslusali skulu klæðast sloppum og bera höfuðbúnað og ber vinnslustöðvum að sjá gestum fyrir þessum búnaði ef slíkar heimsóknir eru leyfðar.

57. gr.

Allt starfsfólk við fiskvinnslu skal þvo sér rækilega um hendur, áður en vinnsla hefst, og eftir stundarfjarvistir, svo sem eftir kaffi- og matarhlé og sérstaklega eftir salernisferðir. Við handþvott skal nota sápulög eða sápuduft og heitt rennandi vatn (um 45° C). Eftirlitsmenn og aðrir utanaðkomandi aðilar geri það sama. Eftir handþvott séu notaðar pappírsþurrkur eða loftþurrkarar, aldrei handklæði.

Þegar gengið er inn á snyrtingar- og pökkunarsvæði skal starfsfólk og aðrir baða hendur í sterkri gerileyðandi lausn (sbr. 17. gr.)

58. gr.

Gúmmíhanska skal þrífa eins og berar hendur og þá einnig í lok hvers vinnudags.

59. gr.

Starfsfólk sem vinnur við snyrtingu og pökkun skal ekki nota snyrtivörur sem hætta er á að mengi fiskinn. Það skal heldur ekki bera hárspennur, nælur eða skartgripi sem borist geta í eða snert fiskinn.

60. gr.

Við fiskvinnslu eru reykingar bannaðar svo og notkun nef- og munntóbaks. Notkun tóbaks er aðeins leyfileg í þar til ætluðum stöðum utan vinnusvæða. Notkun tyggigúmmís er einnig óleyfileg við alla fiskvinnslu. hrækingar á vinnusvæði eru algerlega óleyfilegar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

61. gr.

Í hverri fiskvinnslustöð skal vera löggilt dagbók sem verkstjóra/matsmanni vinnslustöðvarinnar, starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða og söluaðila ber skylda til að færa og skrá í athugasemdir sínar. Ríkismat sjávarafurða ákveður gerð dagbóka, gefur þær út og dreifir.

62. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

63. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. apríl 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Baldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 16 nr. 169—177. Útgáfudagur 30. apríl 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1985

29. apríl 1985 325 Nr. 178

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum skulu hækka um 7% frá 1. maí að telja frá því sem þær voru í apríl. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu þó hækka um 12% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 178. Útgáfudagur 30. apríl 1985.

B 32

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1985

Nr. 179 326 3. apríl 1985

REGLUR

um hávaðamörk í íslenskum skipum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um öll skip 50 brl. og stærri, sem smíði er hafin á eftir gildistöku reglna þessara.

Ennfremur skulu skip 30 brl. og stærri sem smíði er hafin á eftir gildistöku reglna þessara, fullnægja ákvæðum um hávaðamörk í vistarverum.

2. gr.

Skip, sem keypt eru erlendis frá, skulu fullnægja ákvæðum reglnanna.

3. gr.

Séu verulegar breytingar gerðar á skipum sem byggð eru fyrir gildistöku reglnanna skal gera þær ráðstafanir sem mögulegar eru og eðlilegar teljast til að draga úr hávaða í samræmi við ákvæði reglna þessara.

II. KAFLI

Hávaðamörk.

4. gr.

Skylt er að gera ráðstafanir til að draga úr hávaða í vistarverum, stjórnrýmum og á vinnusvæðum eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Hávaði í einstökum rýmum eða svæðum skipa 400 brl. og stærri, skal ekki við neitt þeirra mælitilvika, sem getið er um í viðauka við reglur þessar, vera meiri en að neðan greinir:

Vélarúm með stjórnklefa	110 dB (A)
Vélarúm án stjórnklefa	100 dB (A)
Stjórnklefi í vélarúmi	80 dB (A)
Verkstæði	85 dB (A)
Brú, kortaklefi og talstöðvarklefi	65 dB (A)
Brúarvængur, við krana eða vindustjórn	70 dB (A)
Svefnklefar, borðsalur og aðrar vistarverur áhafnar	65 dB (A)
Vinnuþilför	80 dB (A)

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Um skip undir 400 brl. gilda sömu hávaðamörk og samkvæmt 5. gr. eftir því sem við á og að því undanskildu, að hávaði í vistarverum skipa 100 brl. og stærri, má ekki vera meiri en 70 dB (A) og skipa undir 100 brl. ekki meiri en 75 dB (A).

7. gr.

Ef hávaði mælist í einhverju mælitilviki meiri en ákvæði 5. og 6. gr. kveða á um, skulu gerðar þær ráðstafanir, sem duga til að fullnægja ákvæðum þessara reglna.

III. KAFLI

Framkvæmd mælinga.

8. gr.

Að lokinni smíði eða meiriháttar breytingum á skipum og við kaup á skipum erlendis frá, skal gerð mæling á hávaða um borð. Einnig er heimilt að láta fara fram hávaðamælingu í öðrum skipum, ef ástæða er til að ætla, að hávaði um borð sé meiri en reglur þessar kveða á um.

9. gr.

Mælingar á hávaða skulu framkvæmdar af fulltrúa Siglingamálastofnunar ríkisins eða undir eftirliti hans. Mælingarnar skulu framkvæmdar í samræmi við leiðbeiningar í viðauka við reglur þessar.

Mælinganiðurstöður skulu skráðar á sérstök eyðublöð, sem Siglingamálastofnun lætur í té. Reynist hávaði meiri en reglur þessar segja til um, skal gerð áttundabandsmæling og skulu niðurstöður hennar færðar inn á markakúrvu.

10. gr.

Við mælingar á hávaða í skipum, skal nota mælitæki, sem Siglingamálastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

IV. KAFLI

Heyrnarhlífar/viðvörun.

11. gr.

Í rýmum, þar sem hávaði er meiri en 80 dB (A), er skylt að nota heyrnarhlífar af þeirri gerð, sem Siglingamálastofnun mælir með.

12. gr.

Á inngöngudyrum að rýmum, þar sem hávaði getur verið meiri en 85 dB (A), skal setja upp aðvörunarskilti, sem ber áletrunina:

HÆTTA
MIKILL HÁVAÐI
NOTIÐ HEYRNARHLÍFAR

V. KAFLI

Gildistaka o. fl.

13. gr.

Samgönguráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða skip sérstakrar gerðar, sem notuð eru til sérstakra verkefna, og þegar skynsamlegar, réttmætar og eðlilegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr hávaða án tilskilins árangurs.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglna þessara varða refsingu samkvæmt 8. kafla laga nr. 52/1970.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI.

1. ALMENNT.

1.1. Tæki og búnaður til notkunar við hávaðamælingar í skipum skal vera af viðurkenndri gerð og uppfylla kröfur IEC* R 179 og R 225.

1.2. Áður en mælingar hefjast, skal þess gætt, að tækjabúnaður sé ætlaður til þeirra hljóðmælinga sem hér um ræðir, og að hann sé rétt stilltur.

2. FRAMKVÆMD HÁVAÐAMÆLINGA.

2.1. Tilgangur með hávaðamælingum er að kanna hávaða í skipum með það fyrir augum að draga úr hávaða, sé ástæða til að ætla, að hann geti valdið vanlíðan eða haft skaðvænleg áhrif á heyrn áhafnar.

2.2. Leitast skal við að framkvæma mælingar við þau tilvik, sem ætla má að valdi mestum hávaða í vistarverum og á starfsvettvangi áhafnar. Skulu mælingar framkvæmdar við þær aðstæður, sem eðlilegar teljast hverju sinni.

2.3. Þegar ekki er ljóst við hvaða tilvik hávaði er mestur á þeim stöðum, þar sem hávaðamælingar skal framkvæma samkv. grein 2.4., skulu mælingar gerðar við eftirtalin tilvik:

2.3.1. Skip á siglingu með minnst 80% álag á aðalvél, og hjálparvél í gangi.

2.3.2. Sama og 2.3.1. með allan tiltækan vélbúnað samtímis í notkun.

2.3.3. Við lestun og losun flutningaskipa í höfn.

2.3.4. Þegar fiskiskip eru við veiðar og fiskveiðibúnaður er í notkun.

Í skipum búnum dælum, spilkerfum, hliðarskrúfum eða öðrum búnaði, sem notaður er reglulega, skulu mælingar gerðar þegar búnaður þessi er í gangi. Á fiskiskipum skal einnig taka tillit til hávaða frá veiðarfærum og meðferð þeirra.

Við mælingar skal loftræstikerfi vera í gangi og við full afköst. Hurðir og annar búnaður, ætlaður til að draga úr hávaða, skal vera eins og eðlilegt má teljast.

2.4. Framkvæma skal hávaðamælingar á eftirtöldum stöðum:

a) Í brú eða stýrishúsi. Mælingu skal gera í námunda við stjórntæki skipsins.

b) Í svefnklefum og í matsal. Þegar um er að ræða fjölda samliggjandi klefa, er ekki þörf á að mæla hávaða í öllum klefum. Skal mælingamaður meta hverju sinni hvar skuli mælt.

* International electro technical commission.

c) Á starfsvettvangi áhafnar þ. e. a. s. á vinnsluþilfari, við stjórntæki spila og annars staðar, sem þörf þykir.
d) Í vélarúmi. Sé skip búið þar til gerðum stjórnklefa í vélarúmi eða sérstökum verkstæðum, skal mæla hávaða í þeim rýmum sérstaklega.
e) Á öðrum þeim stöðum samkvæmt mati mælingamanns, þar sem áhöfn helst við í lengri tíma, og þar sem ástæða er til að ætla, að hávaði sé sérstaklega mikill.

2.5. Við hljóðmælingar í vistarverum skal staðsetja hljóðnema í miðju herbergi í ca. 1.5 m hæð yfir gólfi. Halda skal hljóðnemanum í lóðréttri stöðu og snúa honum rólega einn hring um lóðréttan ás, þ. e. í láréttum fleti.

2.6. Við mælingu í vélarúmi skal mæla hávaða á þeim stöðum, þar sem vélstjórar eru að jafnaði að störfum. Hljóðnemi skal þó ekki vera nær hávaðagjafa en 1.0 m. Að öðru leyti skal fara eftir þeim leiðbeiningum, sem gefnar eru í grein 2.5.

2.7. Mælingu hávaða skal að öðru leyti haga þannig, að niðurstöður gefi nákvæma og greinagóða mynd af þeim hávaða, sem áhöfn skipsins býr við.

2.8. Við mælingu skal lesa af mælitæki í dB (A). Í mælitæki skal við mælingu stillt á „Kvik viðbrögð" (fast response). Mæling skal standa yfir í minnst 10 sek. og skal skrá áætlað meðalgildi mælisútslaga. Sé munur hæstu og lægstu gilda vegna síbreytilegs hávaða meiri en 10 dB (A), skal mælitæki stillt á „hæg viðbrögð" (slow response).

2.9. Þar sem hávaði er mikill eða meiri en æskilegt má teljast og annars staðar, þar sem tilefni gefst til, skal til viðbótar framkvæma áttundabandsmælingar.

2.10. Stjórnenda hávaðamælinga ber að gæta þess að áhrif frá ytra umhverfi og mælingamönnum sjálfum hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna. Mælingar utan dyra skal aðeins framkvæma, þegar veður er stillt, og skal við þær nota vindskerm á hljóðnemann.

3. SKÝRSLUGERÐ.

3.1. Að lokinni mælingu skal mælingamaður gera skýrslu, er greini frá framkvæmd og niðurstöðum mælinganna. Skal við skýrslugerðina notast við eða hafa hliðsjón af eyðublöðum, sem Siglingamálastofnun ríkisins hefur útbúið í þessu skyni. Skýrsluna skal senda til stofnunarinnar í 2 eintökum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í skýrslunni:

3.1.1. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
3.1.2. Dagsetningu, mælingastað og nöfn þeirra er stóðu að mælingunni.
3.1.3. Gerð og tegund mælitækis og hljóðnema.
3.1.4. Veðurskilyrði.
3.1.5. Ástand skips þ. e. hleðsla skips, lega þess og ástand helstu geyma. Vélabúnaði sem í gangi er o. s. frv.
3.1.6. Yfirlit yfir mælistaði og þau tilvik, sem mælingar voru gerðar við.
3.1.7. Lýsing á framkvæmd og niðurstöðum mælinga.
3.1.8. Athugasemdir, ef þurfa þykir.

Snúningshraða aðalvélar og önnur mikilvæg viðmiðunargildi skal tilgreina. Auk þess skulu skráðar þar aðrar upplýsingar, sem gætu skipt máli við mat á niðurstöðum eða við samanburð við seinni mælingar.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Strandasýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði ætluð til almennrar umferðar eða til almenningsnota, svo sem hátíðasvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefur aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman svo til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

3. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir, sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns, svo haldið verði uppi góðri reglu.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa í frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misbjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

5. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

6. gr.

Ekki má skjóta af byssum, bogum eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimum efnum. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæmda með sérstöku leyfi lögreglustjóra og bera þá stjórnandi verksins og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Allir eru skyldugir að segja til nafns síns og heimilis þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum fyrirmælum lögreglu sem gefin eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um útivist barna o. fl.

8. gr.

Í kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 400 íbúa og fleiri, mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 tímabilið frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Unglingum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdrátt úr ákvæðum þessarar greinar skal festa upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

III. KAFLI

Umferðarreglur.

A. Almenn ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni. Ökutæki fatlaðra, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd gangbrauta svo og skóla, leikvalla og annarra staða, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum leyfðum hópgöngum.

11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn svo og umferðarmerkjum, sem lögregluyfirvöld og vegamálastjórn setja samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema burt umferðarmerki. Hver sá sem veldur því eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færist úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjóli.

Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur að fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má reka eða skemma rafleiðslur eða síma.

14. gr.

Enginn má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfara vegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt, að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörunarmerkjum. Á ljósatíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingarefni. Enginn má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim sem verður valdur að því að slíkt fellur á veg, ber skylda til að hreinsa það er niður hefur fallið þegar í stað.

15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála. Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

16. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í hýbýli hans í sölueríndum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Enginn má grafa í gangstéttir, götur, vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi fengið til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda og samþykkt lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slíkt leyfi. Skal sá er raski hefur valdið setja í samt lag aftur það, sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbót hefur verið lokið og hún samþykkt af þeim, sem leyfið hafa gefið. Þegar slík verk eru unnin skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi, þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmar merktir greinilega með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa, til að afstýra hættu. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert við þau eða þau rifin, skal þess ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannafæri, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað, svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnbindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það, eða einhver hluti þess falli og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eiganda þess að endurbæta það innan tiltekins tíma, til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur eða aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg, eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur og þeir sem nota hann skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm bríkum að minnsta kosti og handriði í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætta á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannafæri, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp eða renna niður varningi eða öðru á eða við almannafæri, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum skal svo um búið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

B. Ákvæði um akstur og ökutæki.

23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðabrúnir eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða á móti koma.

Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess þegar stjórar bifreiðar eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamót merktum biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum. Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumönnum skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á.

Ökumönnum ber að draga úr hraða eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

26. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðva það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðarlaga.

27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar, miðað við akstursstefnu. Þar sem einstefnuakstur er getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi flutt það úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að það valdi eigi hættu eða óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi og bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta akstursstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á eða á annan greinilegan, ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma, greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu hemlaljós, en annars með því að rétta upp hönd eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið, að breyting á akstursstefnu eða hraða, valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

30. gr.

Ljósatími ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósatíma gilda einnig í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum, ef ryk er á vegum eða ef skyggni er takmarkað af einhverjum öðrum orsökum.

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á eftir fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem þannig eru skilin eftir, skulu greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

31. gr.

Við hleðslu ökutækja skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt, áður en hann ekur af stað að hreinsa móðu, hrím eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur.

Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði eða óþarfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur, eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrífa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði umferðarlaga gilda að öðru leyti um hámarksbreidd og hæð ökutækis og farms.

C. Sérreglur um bifhjól.

32. gr.

Eigi má aka tveimur bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut.

Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttir og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á að það falli, þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er ekki skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

D. Sérreglur um reiðhjól.

33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveimur eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun fyrir umferð.

Barni yngra en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem orðinn er sautján ára, flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumenn létts bifhjóls.

E. Umferð gangandi vegfarenda.

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, ef framúr ganga.

Ef ekki er gangstígur eða gangstétt meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Þar mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópferðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, er fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta, ríða samhliða né ríðandi maður teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveimur vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðarlaga.

G.Um rekstur búfjár.

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæslumanna ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

IV. KAFLI

Um búfjárhald o. fl.

37. gr.

Í þéttbýli er allt búfjárhald bannað. Ef gripir ganga lausir í þéttbýli, sem er afgirt gripheldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til

lúkningar skaðabóta. Sveitarstjórn skal hafa til reiðu vörslumann og forsvaranlegt geymslupláss fyrir slíka lausa gripi.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni skal, í samráði við lögreglu, gera ráðstafanir, sem duga, til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa og að fenginni undanþágu frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar, sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli, skulu aflífaðir.

V. KAFLI

Ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Strandasýslu eins og þau eru nú eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa, annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum, matjurtagörðum eða öðrum eignum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skulu bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

VI. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru tilalmenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn má skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfrækt eru í almenningsþágu svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagbeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengni.

43. gr.

Viðkomandi heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði,skulu hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda eða síðar kunna að verða settar.

44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli og öllu þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né í fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfsemi skal haga þannig, að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og dræsur á almannafæri.

50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, að banna óþarfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggjur og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

VIII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

53. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef þurfa þykir.

54. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutaðeigandi húseiganda. Slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

IX. KAFLI

Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.

56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkta, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistisölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við velsæmi og góða reglu.

58. gr.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

59. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu lokaðir vera frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 06.00 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

60. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema með leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

61. gr.

Sérhver, sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar skemmtanir eða samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hætta af ónæðinu.

62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi, sem greiða skal í sveitarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið til sveitarsjóðs.

63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningur þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.

64. gr.

Samþykkt þessi gildir í Strandasýslu, í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.

65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Brot skulu verða sektum, ef ekki við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlgar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðarleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Strandasýslu nr. 48 22. mars 1943.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.

Jón Helgason *Ólafur W. Stefánsson.*

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sæki um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1985.

Menntamálaráðuneytið, 23. apríl 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Þórunn Hafstein.

Nr. 182 22. apríl 1985

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Reykjavík fyrir tímabilið 1. mars 1985 til jafnlengdar næsta ár.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 386/1984, skal vera óbreytt frá fyrra gjaldtímabili, þ. e. a. s. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði kr. 400,00.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið, þ. e. a. s. til 1. mars 1986.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald á árinu 1985 skal vera kr. 1 500,00 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflið b í samþykkt nr. 349/1977, um hundahald í Ólafsfirði.

2. gr.

Handsömunargjald samkv. 2. gr. samþykktar nr. 349/1977 skal vera kr. 1 500,00.

3. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

17. apríl 1985 Nr. 184

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að tvístefnuakstur verði á Hafnarstræti milli Austurbrúar og Hafnarstrætis nr. 77.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 17. apríl 1985.

Elías I. Elíasson.

24. apríl 1985 Nr. 185

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Gullinbrú veri aðalbraut.
2. Umferð um Þorfinnsgötu víki fyrir umferð um Eiríkisgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. apríl 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 19 200,00 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 920,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 38 400,00.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 5 760 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 570,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 285,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 85 500,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 187 29. apríl 1985

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

	Eftirtalið fyrir kvikmynda- og myndabandavinnustofur og hljóðver:
Úr 85.14.10 og úr 85.14.20	Hljóðnemar, enda séu þeir með innbyggðar XLR- og/eða BNC-tengingar. Heyrnartíðnimagnarar, enda sé þeir ≧ 150 W (virkt gildi, r.m.s.) á hverja rás, yfirtónbjögun (harmonic distortion) < 0,015 og S/N (signal to noise) ≧ 80 db. Hátalarar, enda séu þeir „studio monitors“ ≧ 150W. Hlutar til þessara tækja.
úr 85.15.60	Sjónvarpsmyndavélar fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda hafi vélarnar 500 línu myndupplausn eða meira (horizontal resolution, lines at centre) og séu með innbyggðar BNC-tengingar.

úr 85.15.82	Myndskjáir (monitors) án móttakara (tuner) með 400 línu myndupplausn eða meira og með innbyggðar BNC-tengingar og/eða RGB-inntaki fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur.
úr 85.15.89	Hlutar fyrir vélar í tnr. 85.15.60 sem greindar eru hér að framan.
úr 85.22.20	Hljóðblöndunarborð, enda séu þau fyrir „phantom power“. Hljóðhverflar (reverberators). Suðminnkunartæki. Hljóðhemlar (delays). Bergmálstæki (echoes). Styrkjafnarar (compressors). „Limiters“. „Noisegates“. Tónjafnarar (equalizers). Hliðstæð tæki fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver, enda séu tæki þessi búin innbyggðum XLR- og/eða BNC-tengingum.
úr 85.23.09	Sérhannaðar raftaugar til að tengja saman tæki í kvikmynda- og myndbandavinnustofum og hljóðverum, enda séu þær með XLR- og/eða BNC-tengjum.
90.08.21 og 90.08.29	Kvikmyndavélar og samstæður þeirra fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda séu tækin fyrir 16 mm og breiðari filmur, þó ekki tökuvélar fyrir tvöfaldar 8 mm filmur.
90.08.39	Hlutar og fylgitæki til kvikmyndavéla í tnr. 90.08.21 og 90.08.29.
úr 92.11.31 og úr 92.11.39	Mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda séu þau án móttakara (tuner) fyrir mynd eða hljóð og hafi innbyggðar XLR-og/eða BNC-tengingar.
úr 92.11.40	Hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver, enda séu þau búin XLR- og/eða BNC-tengingum og aðskildum tónhausum til upptöku og endurskila.
úr 92.13.01 og úr 92.13.09	Hlutar og fylgitæki til tækja í tnr. 92.11.31, 92.11.39 og 92.11.40 sem greind eru hér að framan.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist:

Ef um er að ræða tæki sem ætlað er til nota á kvikmynda- eða myndbandavinnustofu eða í hljóðveri skal raðnúmer (serialnumber) viðkomandi tækis koma fram í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum og 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1984 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 379 30. ágúst 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1985.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	569	9400 — 9599	1.873
2000 — 2199	598	9600 — 9799	1.907
2200 — 2399	632	9800 — 9999	1.941
2400 — 2599	662	10000 — 10199	1.975
2600 — 2799	690	10200 — 10399	2.014
2800 — 2999	727	10400 — 10599	2.046
3000 — 3199	757	10600 — 10799	2.083
3200 — 3399	790	10800 — 10999	2.117
3400 — 3599	824	11000 — 11199	2.152
3600 — 3799	854	11200 — 11399	2.190
3800 — 3999	891	11400 — 11599	2.223
4000 — 4199	925	11600 — 11799	2.260
4200 — 4399	959	11800 — 11999	2.291
4400 — 4599	996	12000 — 12199	2.446
4600 — 4799	1.037	12200 — 12399	2.516
4800 — 4999	1.067	12400 — 12599	2.553
5000 — 5199	1.099	12600 — 12799	2.587
5200 — 5399	1.136	12800 — 12999	2.627
5400 — 5599	1.173	13000 — 13199	2.765
5600 — 5799	1.205	13200 — 13399	2.802
5800 — 5999	1.238	13400 — 13599	2.842
6000 — 6199	1.278	13600 — 13799	2.880
6200 — 6399	1.312	13800 — 13999	2.921
6400 — 6599	1.346	14000 — 14199	3.118
6600 — 6799	1.380	14200 — 14399	3.156
6800 — 6999	1.417	14400 — 14599	3.199
7000 — 7199	1.453	14600 — 14799	3.237
7200 — 7399	1.486	14800 — 14999	3.280
7400 — 7599	1.518	15000 — 15199	3.410
7600 — 7799	1.556	15200 — 15399	3.454
7800 — 7999	1.591	15400 — 15599	3.491
8000 — 8199	1.628	15600 — 15799	3.535
8200 — 8399	1.662	15800 — 15999	3.579
8400 — 8599	1.696	16000 — 16199	3.680
8600 — 8799	1.733	16200 — 16399	3.727
8800 — 8999	1.767	16400 — 16599	3.769
9000 — 9199	1.803	16600 — 16799	3.812
9200 — 9399	1.836	16800 — 16999	3.852

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 47 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki með viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b—lið þessarar greinar.

a) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og eru með viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir með viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Ef bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., er staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 485/1984, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 485/1985, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts fyrir hönd viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 158 23. mars 1984 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. maí 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 189 30. apríl 1985

REGLUGERÐ

um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings og vinnslu innanlands.

I. KAFLI

Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld til framleiðslu á söltuðum grásleppuhrognum.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða annast eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum og gefur út vinnsluleyfi til framleiðenda í byrjun hvers veiðitímabils.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun á grásleppuhrognum skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 177 30. apríl 1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Grásleppuhrogn skal salta í nýjar og hreinar tunnur sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

II. KAFLI

Um meðferð hráefnis, söltun og geymslu á grásleppuhrognum.

3. gr.

Hrogn skulu geymd í luktum ílátum allt frá því er slæging er framkvæmd þar til vinnsla hefst.

4. gr.

Grásleppuhrogn skulu himnuhreinsuð eins fljótt og auðið er. Sigtun hrogna skal ekki taka meira en 12 klukkustundir. Salt og rotvarnarefni skal vigta og hræra vel saman fyrir söltun. Hrognin skal vigta og blanda saman við salt og rotvarnarefni áður en þau eru sett í tunnur. Til að tryggja eðlilega rotvörn og rétta vigt skal fylgja nákvæmlega fyrirmælum Ríkismats sjávarafurða um hrognmagn, saltmagn og rotvarnarefni í hverja framleiðslueiningu (tunnu).

5. gr.

Að söltun lokinni skulu líða 24 klukkustundir þar til pæklun fer fram og tunnum lokað. Tryggja skal að hrognin þrýstist vel niður í tunnuna og pækill fljóti upp.

III. KAFLI
Merking umbúða og úttektarmat.

6. gr.

Hrognatunnur skulu merktar eftirtöldum merkjum: Merki framleiðenda, útflytjenda, söltunardag og Produce of Iceland.

7. gr.

Ríkismat sjávarafurða gefur matsmönnum skriflegar leiðbeiningar og fyrirmæli um framkvæmd eftirlits og mats við framleiðslu grásleppuhrogna. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nauðsynlegar rannsóknir á söltuðum grásleppuhrognum.

8. gr.

Útflytjendur skulu tilkynna Ríkismati sjávarafurða útflutning á hrognum með hæfilegum fyrirvara, sem er að dómi Ríkismats sjávarafurða nægur til þess að framkvæma úttektarmat. Jafnframt ber þá útflytjendum að tilkynna um nettóvigt hrognanna samkvæmt sölusamningi.

9. gr.

Komi fram skemmdir við úttektarmat á grásleppuhrognum ber að stöðva útflutning þeirra og sölu innanlands.

10. gr.

Eigi er heimilt að tollafgreiða til útflutnings grásleppuhrogn nema útflytjandi leggi fram útflutningsvottorð frá Ríkismati sjávarafurða.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Um greiðslur verkenda grásleppuhrogna fyrir vinnsluleyfi og vinnu við yfirtöku- og úttektarmat fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar að lútandi, sem sjávarútvegsráðuneytið gefur út.

12. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar, rísi ágreiningur um skilning á reglugerð þessari.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 38 2. mars 1971, um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1985.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Baldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með allri bifreiðaeign ríkisins og bifreiðanotkun á þess vegum, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum ríkisins eru þrenns konar, eftir því hvort um er að ræða bifreiðar í eigu ríkisins, sbr. 3. gr., leigðar bifreiðar starfsmanna ríkisins, sbr. 5. gr., eða bílaleigubíla, sbr. 10. gr.

3. gr.

Þegar hagkvæmt er talið að sinna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum kaupir ríkið bifreiðar til þessara þarfa og rekur þær á eigin kostnað. Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar, og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörslu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörslu utan vinnutíma, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sérstök aksturbók skal fylgja hverjum ríkisbíl og færir ökumaður í hana hverja einstaka ferð þar sem kemur fram erindi, vegalengd og staðir sem ekið er til. Akstursdagbók færist í tvíriti og skal forstöðumanni eða þeim sem hann tilnefnir sent afritið eigi sjaldnar en mánaðarlega til staðfestingar með áritun.

4. gr.

Kaup á ríkisbifreiðum eru óheimil án samþykkir fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Kaup og sala ríkisbifreiða skal fara fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Verði ágreiningur um val á tegundum ríkisbifreiða milli forstöðumanns ríkisstofnunar (kaupanda) og Innkaupastofnunar ríkisins, sker fjármálaráðherra úr, sbr. ákvæði 3. málsgr. 5. gr. reglugerðar nr. 164/1959 um Innkaupastofnun ríkisins. Þegar hagkvæmt þykir getur Innkaupastofnunin keypt bifreið eða bifreiðar að undangengnu útboði.

Sala ríkisbifreiða skal fara fram með almennu útboði. Innkaupastofnunin annast afsöl og nauðsynlegar tilkynnningar vegna slíkra viðskipta svo og afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis.

Ráðherra sem lætur af störfum skal jafnan eiga þess kost að kaupa af ríkissjóði bifreið þá er hann hefur haft til afnota meðan hann gegndi embætti. Innkaupastofnun ríkisins skal meta bifreiðina til verðs.

5. gr.

Heimilt er að leigja bifreiðar í eigu starfsmanna til notkunar í þágu ríkisins. Umsókn um slíka leigu skal senda fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem metur þörf á samningi við einstaka starfsmenn og að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnunar og ráðuneytis.

6. gr.

Að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, gerir hlutaðeigandi ríkisstofnun skriflegan samning við einstaka starfsmenn, sbr. 5. gr., á sérstöku samningsformi sem til þess er ætlað. Samningurinn er því aðeins gildur að hann sé samþykktur með áritun fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem einnig er heimilt að fella aksturssamning úr gildi með uppsögn.

7. gr.

Fari ríkisstarfsmaður einstakar ferðir á eigin bíl að beiðni yfirmanns skal greiða fyrir þær með akstursgjaldi skv. 9. gr., enda fylgi akstursskýrsla reikningi starfsmannsins, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er ríkisstofnun óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á að eftir honum sé farið.

Sé gerður akturssamningur sem bundinn er við ákveðna tölu kílómetra við forstöðumenn ríkisstofnana eða aðra starfsmenn skal áætla þá vegalengd er starfsmaðurinn þarf að aka starfs síns vegna á ári hverju. Í samningnum skal taka fram þær takmarkanir er leiga á einkabifreið kann að hafa á not leigubifreiða í þágu embættisins. Starfsmenn er gera samning um akstur yfir 3000 km á ári skulu afhenda ríkisendurskoðun akstursskýrslu á 6 mánaða fresti. Lögreglustjórar eru undanþegnir gerð akstursskýrslu.

8. gr.

Leigugjald fyrir bifreiðaafnot skal greitt skv. þar til gerðri akstursskýrslu og km-gjaldi, sem ferðakostnaðarnefnd samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytisins, BSRB og BHM ákveður hverju sinni. Ökumaður bifreiðar skal sjá um færslu akstursskýrslu og gera það þegar að loknum akstri. Ökumaður undirritar akstursskýrsluna, en forstöðumaður stofnunar eða umboðsmaður hans staðfestir aksturinn og nauðsyn hans.

9. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast samninga fyrir hönd ríkisstofnana við bílaleigur um leigu á bílaleigubílum. Eftir því sem við verður komið skal það gert að undangengnu útboði. Akstur bílaleigubíls skal skráður á sama hátt og um getur í 3. og 8. gr. og fylgi akstursskýrsla reikningi bílaleigu í bókhaldi viðkomandi stofnunar.

10. gr.

Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ákvæði 3. gr. gilda eigi um bifreiðar ráðherra.

Ráðherra er eigi kýs að fá ríkisbifreið til umráða á þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa, enda sé bifreiðin í góðu ásigkomulagi að mati Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar notkun í þágu ríkisins hefst. Ríkissjóður ber allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar og greiðir eiganda hennar fyrningarfé er sé ár hvert 20% af virði bifreiðarinnar. Ríkissjóður greiðir eigi fyrningarfé af eldri bifreiðum en fimm ára. Í þessu sambandi telst aldur bifreiðar frá þeim degi sem hún er skráð ný, ella frá upphafi smíðaárs bifreiðar. Fyrningarfé skal reiknað af endurnýjunarverði samsvarandi bifreiðar.

11. gr.

Bíla- og vélanefnd, sem fjármálaráðherra skipar, er fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, til aðstoðar og ráðuneytis um atriði er varða framkvæmd þessarar reglugerðar. Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar hjá einstökum stofnunum og úrskurða um greiðslu fyrir bifreiðaafnot svo og önnur atriði þegar ástæða er til og tilefni gefst.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III. 4. tl. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi. Kemur hún í stað auglýsingar nr. 6/1970 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eru í starfi erlendis, skulu með sama hætti og áður eiga rétt að niðurfellingu gjalda af bifreið sem þeir flytja með sér heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Með bifreiðar þessar skal að öðru leyti farið svo sem kann að verða kveðið á um í lögum þeim og reglum um bifreiðamál ríkisins sem í gildi eru við innflutning viðkomandi bifreiðar.

2. Við gildistöku þessarar reglugerðar skal sagt upp öllum núgildandi aksturssamningum frá og með 1. janúar 1986.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Albert Guðmundsson.

Magnús Pétursson.

Nr. 191 **REGLUGERÐ** 30. apríl 1985

um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði skv. 6. gr. 3. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

1.1. **Akranessvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

1.2. **Vesturlandssvæði.**
Þar starfa 4 nefndir.

1) Borgarnes, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2) Ólafsvík, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) Stykkishólmur, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4) Búðardalur, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2. gr.

2.1. Heilbrigðisnefnd Akranessvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 auk héraðslæknis sem er formaður.

2.2. Svæðisnefnd Vesturlandssvæðis skal skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis, sem er formaður.

3. gr.

3.1. Um skipan og framkvæmd heilbrigðiseftirlits á Akranessvæði og Vesturlandssvæði fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

4.1. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. apríl 1985 Nr. 192

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

1. gr.

IV. kafli reglugerðarinnar orðist svo:

IV. KAFLI
Um gjaldeyrisviðskipti.

13. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur og þjónustu, skal seldur eða honum skilað til gjaldeyrisbanka innan eðlilegs frests frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Í 14., 15. og 16. gr. er nánar kveðið á um sölu og skilaskyldu gjaldeyris m. a. með innlögn á innlenda gjaldeyrisreikninga.

14. gr.

Innlendum aðilum, svo og íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis svo og fyrirtækjum erlendis með meirihlutaaðild hérlendra aðila, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, er heimilt tímabundið að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning við íslenska gjaldeyrisbanka.

Gjaldeyrisbönkum, sem veita lán vegna framleiðslu útflutningsafurða eða vegna útfluttrar þjónustu, er heimilt að áskilja, að gjaldeyrir, sem inn kemur vegna útfluttra afurða eða þjónustu, greiðist inn á sérstaka bundna gjaldeyrisreikninga. Sé gjaldeyrisandvirði veðsett viðkomandi gjaldeyrisbanka eða ávísað honum með öðrum hætti, skal slíkum samningum fyrst fullnægt. Þegar því er lokið er eiganda gjaldeyrisins heimilt að leggja eftirstöðvar hans inn á reikninga skv. 1. málsgrein.

Heimilt er eigendum slíkra reikninga að ráðstafa fé af þeim til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta í erlendri mynt, til greiðslu á þeim kostnaði í erlendri mynt, sem starfsemi þeirra fylgir, svo sem vegna kaupa reikningseiganda á erlendri vöru og þjónustu eða með sölu til innlends gjaldeyrisbanka.

Skylt er að selja gjaldeyrisbanka þann erlenda gjaldeyri, sem innlendir aðilar fá fyrir endurgreiðslur fyrir innfluttar vörur og aðrar endurgreiðslur, ef forsenda greiðslu hefur fallið niður eða upphæð breyst af einhverjum ástæðum.

15. gr.

Útgerðarmönnum skipa, sem selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, er heimilt að draga frá söluandvirði í hlutaðeigandi ferð skyldugreiðslur til skipverja, nauðsynlegan kostnað vegna afgreiðslu og veru skipanna erlendis, svo og andvirði nauðsynja til skipsins, þar með talin veiðarfæri vegna útgerðar þess.

16. gr.

Eftirtöldum aðilum er heimilt að geyma erlendan gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast vegna viðskipta sinna, hjá erlendum bönkum eða erlendum viðskiptaaðilum, enda sé ekki um óeðlilegar fjárhæðir að ræða. Geta þeir ráðstafað honum þaðan til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta við erlenda aðila.

a) Eigendum íslenskra flutningstækja, sem starfrækt eru að hluta eða öllu leyti erlendis. Geta þeir til viðbótar ofanskráðu ráðstafað gjaldeyrinum til samningsbundinna greiðslna til áhafna skv. kjarasamningi.
b) Innlendum aðilum, sem reka fyrirtæki erlendis, vegna reksturs þess.
c) Innlendum vátryggingarfélögum sem endurtryggja erlendis í erlendum gjaldeyri eða taka að sér tryggingar erlendis.
d) Innlendum aðilum, sem fá umboðslaunatekjur frá erlendum viðskiptaaðilum.

17. gr.

Ráðstafanir fjár af reikningum skv. 14., 15. og 16. gr. eru háðar reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga og notkun erlendra reikninga, þ. á m. um tímalengd innstæðna og upplýsingaskyldu, sbr. 14., 15. og 16. gr. að höfðu samráði við ráðuneytið og að fengnu áliti samstarfsnefndar.

18. gr.

Í samráði við Samstarfsnefnd getur gjaldeyriseftirlitið heimilað notkun viðurkenndra greiðslukorta (kreditkorta) með þeim skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast gildi 1. ágúst 1985.

Viðskiptaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Breiðdalsvík í S-Múlasýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 15. apríl 1985 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Breiðdalsvík í S-Múlasýslu með fyrirvara um legu Austurlandsvegar og Suðurfjarðarvegar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Breiðdalshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

6. maí 1985 Nr. 194

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1985 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum en hér segir:

38 sandreyðar
161 langreyði
147 hrefnur

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1985.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 16. ágúst 1976 um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Innheimtulaun skulu greidd vegna innheimtu ríkissjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. lögum nr. 6/1976 eða innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Þá skulu greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalds er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð, sbr. þó 11. gr. laga nr. 57/1949, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ákveði innheimtumaður að um lögkjör hans fari samkvæmt niðurstöðu kjaradóms frá 5. janúar 1985, sbr. lög nr. 41/1984, skulu ekki greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, sbr. lög nr. 84 31. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 18, nr. 179—195. Útgáfudagur 10. maí 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1985

9. maí 1985 357 Nr. 196

REGLUGERÐ

varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

1. gr.

Landgrunnið er afmarkað svo sem sýnt er á mynd 1.

2. gr.

Hnit markalínunnar utan 200 sjómílna eru sýnd í töflu 1.

Ákvæði 76. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna eru lögð til grundvallar, þar sem við á til að ákveða þessi mörk.

3. gr.

Einstakir liðir markanna skv. 2. gr. eru þannig:

Liður ABC er miðlína milli Íslands og Færeyja.

Liður CD er 200 sjómílna fjarlægð frá Færeyjum, Stóra-Bretlandi og Írlandi.

Liður DEF er um 60 sjómílna fjarlægð frá brekkufæti.

Liður FGH er 350 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Ef mörk landgrunnsins eru hér miðuð við brekkufót mundu þau ná lengra en 350 sjómílur. En þar sem brekkufótur á þessu svæði er á neðansjávarhrygg Reykjaness eru mörkin miðuð við 350 sjómílur frá Íslandi samkvæmt 76. gr.

Liður HIJ er 200 sjómílna mörk Grænlands.

Liður JK er miðlína Íslands og Grænlands.

4. gr.

Mörk þau sem sýnd eru á mynd 1 og hnit í töflu 1 eru háð ±5 sjómílna skekkju.

5. gr.

Leita ber samkomulags milli Íslands og annarra hlutaðeigandi landa um endanlega afmörkun landgrunnsins í samræmi við almennar reglur þjóðaréttar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og tekur þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 9. maí 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

B 36

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg


MYND 1
30°
20°
10°
65°
60°
55°
50°
45°
K
A
ÍSLAND
J
FÆREYJAR
I
H
B
C
G
F
ROCKALL
SKOTLAND
ÍRLAND
D
ENGLAND
E
Landgrunn Íslands
Miðlína milli landa
200 sjómílna mörk
350 sjómílna mörk

TAFLA 1.

Afmörkun landgrunnsins utan 200 sjómílna.

J	63°19′N	30°52′W
	62°40′N	32°30′W
I	62°12′N	34°08′W
H	61°34′N	34°55′W
	60°56′N	34°00′W
	60°17′N	33°00′W
	59°41′N	31°00′W
	59°10′N	31°00′W
G	58°52′N	30°08′W
	58°40′N	29°00′W
	58°24′N	28°00′W
	58°13′N	27°00′W
	58°08′N	26°00′W
	57°57′N	25°00′W
F	57°48′N	24°00′W
	57°12′N	25°00′W
	56°34′N	26°00′W
	56°00′N	26°42′W
	55°00′N	27°34′W
	54°00′N	27°50′W
	53°04′N	27°00′W
	52°52′N	26°00′W
	53°06′N	25°00′W
	53°28′N	23°30′W
	52°36′N	23°12′W
	52°00′N	22°40′W
	51°00′N	21°32′W
	50°00′N	20°32′W
	49°48′N	20°00′W
E	49°48′N	19°00′W
	50°00′N	18°25′W
	51°00′N	17°50′W
	52°00′N	17°45′W
	53°00′N	17°30′W
	53°21′N	17°00′W
D	53°56′N	15°58′W

Stjórnartíðindi B 19, nr. 196. Útgáfudagur 9. maí 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1985

Nr. 197 360 22. apríl 1985

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign bæjarsjóðs. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri kaupstaðarins, með sérstöku reikningshaldi. Reglugerð þessi gildir um allar vatnslagnir á veitusvæði vatnsveitu Seyðisfjarðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs 3ja manna nefnd til að hafa umsjón með vatnsveitunni og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsæðar svo um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í lóðarmörkum við götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar. Frá lóðarmörkum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað. Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til veitunefndar þar að lútandi. Veitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotkun og ákveður greiðslu fyrir hana.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eigarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti, borið þann kostnað, er af lögninni leiddi nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan skal koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra og annast viðhald þeirra.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

6. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfið við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

7. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er og heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

9. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

10. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur í einkaeign eða eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 9. og 10. gr.

11. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er. Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram, samkvæmt ákvæðum gjaldskrár vatnsveitunnar.

12. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja.

Nú er hús, sem greiða ber að vatnsskatt ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisnota.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun þar sem því verður við komið og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar í aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

13. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

14. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 12. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta. Húseigandi ber kostnað við uppsetningu mælis.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald skv. gjaldskrá. Lögn vatnsæða innan húss á jafnan að vera þannig háttað að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúss kerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli er hann kann að verða var við.

15. gr.

Árlegur vatnsskattur af heildarmati fasteigna hefir sömu gjalddaga og önnur fasteignagjöld til bæjarsjóðs. Um önnur gjöld gilda ákvæði gjaldskrár.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og gera má lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða önnur vatnsgjöld í vanskilum, er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamat það er tók gildi 31. desember 1984 og breytast síðar, í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% gjöld vatnsveitunnar, eins og þau eru ákveðin í reglugerð og gjaldskrá, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 169 frá 3. september 1965 og nr. 281 frá 28. desember 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

22. apríl 1985 Nr. 198

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður stjórn vatnsveitu skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Sætti vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafist þess að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,250% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 600 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 1,90 á hvern m^3 vatns. Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun stjórnar vatnsveitunnar.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

Ø	20 — 32 mm	kr. 400,00
Ø	40 mm	— 550,00
Ø	50 mm	— 950,00
Ø	80 mm	— 1 900,00
Ø	100 mm	— 2 800,00

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 176 stig í desember 1984 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 60 21. febrúar 1973 með breytingum 24. janúar 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 199 26. apríl 1985

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Njarðvíkurkaupstað, nr. 120 24. janúar 1980.

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði,

er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur geng ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opinn. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

26. apríl 1985 Nr. 200

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað, nr. 649 15. desember 1980.

1. gr.

26. gr. orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Slíkt leyfi skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 17.00 til 23.00 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 23.00. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Þar sem slík tæki eru rekin samhliða veitingarekstri, getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn á leiktækjastofum skulu ekki vera yngri en 18 ára. Ákvæði 27., 28. og 31. gr. taka til þessa rekstrar eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 201 2. maí 1985

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Akranesi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Akranesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

I. Hljóðvarp (Miðað er við krónur fyrir hvert orð)

Flokkur 1.
Dánartilk. jarðarfarir, tapað fundið ..... kr. 25

Flokkur 2.
Messur og góðgerðarstarfsemi ..... kr. 40

Flokkur 3.
Opinberar tilkynningar, auglýsingar fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar.
Auglýsingar um verslun og viðskipti sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 ..... kr. 70

Flokkur 4.
Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar í hádegi og fyrir kvöldfréttir. Augl. 7.30 og 8.05 ..... kr. 85

Flokkur 5.
Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir og auglýsingar um verslun og viðskipti lesnar á samtengdum rásum ..... kr. 175

II. Hljóðvarp (Miðað er við krónur fyrir sekúndur)
— Rás 2 —

Flokkur 1.

Á daginn og fimmtudagskvöldum	kr.	175

Flokkur 2.

Næturútvarp	kr.	115

III. Sjónvarp (Miðað er við krónur fyrir sekúndur)

7 sek	kr.	6 000
10 sek	—	8 000
15 sek	—	10 880
20 sek	—	13 470
25 sek	—	15 180
30 sek	—	16 920
35 sek	—	19 730
40 sek	—	21 530
45 sek	—	23 090
50 sek	—	25 610
55 sek	—	28 210
60 sek	—	30 790

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. júní 1985, þar til annað kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 23. maí 1985.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1985

24. maí 1985 389 Nr. 213

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 232/1981 og reglugerð nr. 628/1981.

1. gr.

Á eftir 11. tl. 2. gr. komi tveir nýir töluliðir nr. 12 og 13 svohljóðandi:

12) Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsfiskiskip, sem að mati sjóðsstjórnar horfa til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar.

Lánsfjárhæð má hæst vera 80% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 7 ár.

13) Lán vegna verulegs viðhalds á skipi, hvort sem er á vél, bol eða búnaði þess þannig að um endurbyggingu sé að ræða er lengir notkunartíma, enda sé um útboð að ræða og fast verð.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár.

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er sjóðsstjórn að miða við kostnaðarverð framkvæmda eingöngu ef um lán samkvæmt 12. eða 13. tl. 2. gr. er að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1985.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 40

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 480,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 74,00
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:
Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m³	kr. 39 600,00
251— 500 m³	kr. 39 600,00 + 94,80 kr/m³ yfir 250m³
501—1500 m³	kr. 63 300,00 + 55,40 kr/m³ yfir 500m³
1501—6000 m³	kr. 118 700,00 + 35,60 kr/m³ yfir 1500m³
6000 m³	kr. 279 000,00 + 27,90 kr/m³ yfir 6000m³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 27 800,00
sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 480,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 78 7. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Árni P. Árnason.

Nr. 215 31. maí 1985.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1985, uns annað verður ákveðið, eru togveiðar bannaðar á svæði á Hornbanka sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

a. 66°49'12 N—21°45'24 V
b. 66°52'42 N—20°47'54 V
c. 66°32'20 N—21°04'54 V
d. 66°30'18 N—21°31'25 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. maí 1985.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 213—215. Útgáfudagur 31. maí 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1985

31. maí 1985 393 Nr. 216

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. orðist þannig:

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri til 1. sept. 1985.

Gjaldið skal vera 60% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22		23-04-40	23-06-00
10-05-00	úr 11-01-29 blandað hænsnakorn		23-04-50	23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39 valsað bygg í lausu			

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Gjald sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ennfremur heimilt að undanþiggja gjaldtöku fóður fyrir gæludýr. Þá heimild skal þó aðeins veita samtökum um ræktun þeirrar dýrategundar sem um ræðir og skulu þau annast innflutning þess fóðurs, sem er undanþegið gjaldtöku. Samtökin skulu rökstyðja beiðni um undanþágu gjaldskyldu með upplýsingum um starfsemi sína og áætlun um notkun fóðurs fyrir dýr félagsmanna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 497/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1985 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins hluta kjarnfóðurgjalds, er nemur kr. 2 700 á tonn af innfluttu kjarnfóðri, sem gjaldskylt er. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju þessi greiðsla nemur af verði þeirra fóðurtegunda sem verð í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er fundið eftir, skv. þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. maí 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 216. Útgáfudagur 31. maí 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1985

30. maí 1985 395 Nr. 217

SAMÞYKKT

um hundahald í Þingeyrarhreppi

1. gr.

Hundahald er bannað í hreppnum nema með leyfi hreppsnefndar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður hjá hreppsnefnd og merktur á þann hátt, sem hún ákveður. Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.

b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.

c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahund á lögbýli, svo og minkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna, þó skal þess gætt að hundar á lögbýlum haldi sig heima. Verði vanræksla á gæslu þeirra, skal farið með mál þeirra samkvæmt 3. gr. þessarar samþykktar. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, íþróttahús, sjúkrastofnanir, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð, eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt. Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til hreppsnefnd berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði hreppssjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundaeigandi greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Dráttarvextir falla á ógreidd leyfisgjöld eftir 1. september þar á eftir. Hafi greiðsla eigi átt sér stað að þremur mánuðum liðnum frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrahunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt b-lið þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem hreppsnefnd setur varðandi hunda.

f) Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal að þrífa eftir dýrin.

2. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er hreppsnefnd heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum. Hreppsnefnd er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf. Verði leyfi fyrir hund afturkallað og eigandi hans afhendir hann ekki sjálfviljugur hreppsyfirvöldum, eða fjarlægir hann ekki úr kauptúninu skal fara með hann samkvæmt 3. gr. þessarar samþykktar.

3. gr.

Óleyfilega hunda skal lögregla taka hvar sem til þeirra næst og færa þá í sérstaka hundageymslu, sem starfrækt er á vegum hreppsins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því eina viku, í umsjón og ábyrgð lögreglu meðan eigendum er gefinn kostur á því að koma þeim fyrir til frambúðar utan Þingeyrarkauptúns. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Þingeyrarkauptúns innan viku frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

4. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og hreppsnefnd skulu hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari.

5. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984 VI. og VII. kafla.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Þingeyri nr. 221/1970.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Mosfellshreppi, nema á lögbýlum.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vara í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Hreppsnefnd ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við þann kostnað, sem hlýst af eftirliti með hundum í hreppnum.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Ábyrgðartrygging er innifalin í árlegu leyfisgjaldi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinbera staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
Á almannafæri er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hunda sína, á tryggilegan hátt.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda m. a. með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysahættu.

f) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.

g) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sulluveiki nr. 201/1957.

h) Eigendur hunda, sem eru smitberar eða grunaðir um að vera smitberar, er skylt að hlíta því, að hundar þeirra séu rannsakaðir, verði þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.

i) Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir leyfisgjaldi (sbr. lið b). Um þá gilda að öðru leyti önnur ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Mosfellshreppi. Skal hann gefa sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald í Mosfellshreppi og starf sitt, vegna þess.

4. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu, á kostnað eigenda þeirra. Tilkynna skal eigendum strax um handsömun þeirra. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað, af þar til kvöddum yfirvöldum.

Vitji eigendur hunda, sem þannig eru teknir ekki þeirra innan 10 daga frá handsömun eða greiði af þeim áfallinn kostnað, skal aflífa hundana.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

7. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari, eða reglum, sem settar eru skv. henni, skal farið sem opinber mál.

8. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Mosfellshreppi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 219 3. maí 1985

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Mosfellshreppi fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Mosfellshreppi sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellshreppi dags. 3. maí 1985 skal vera kr. 2 500 fyrir árið 1985.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

1. sinn kr. 500.00
2. sinn kr. 800.00
3. sinn, þyngri viðurlög sbr. lög nr. 109/1984.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Viðhaldssjóð Helgafellskirkju, Helgafellssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. maí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Viðhaldssjóð Helgafellskirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Viðhaldssjóður Helgafellskirkju. Heimili hans og varnarþing er í Helgafellssveit, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Maríu Kristjánsdóttur, húsfreyju að Þingvöllum í Helgafellssveit, til minningar um eiginmann hennar, Kristján Jóhannsson, bónda þar, sem fæddur var 7. maí 1891 og andaðist 3. ágúst 1984, og systur hennar, Ingibjörgu Kristjánsdóttur, saumakonu, frá Hálsi á Skógarströnd, sem fædd var 18. mars 1898 og andaðist 20. júlí 1984.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til viðhalds og endurnýjunar á Helgafellskirkju og munum kirkjunnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 155 000,00 — eitthundraðfimmtíuogfimmþúsund krónur —, gefið af stofnanda hans, Maríu Kristjánsdóttur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins verða framlög frá einstaklingum og félagasamtökum, minningargjafir, áheit og vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum áskotnast. Framlög, gjafir, áheit og óráðstafaða vexti skal leggja við höfuðstól. Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan hátt með hæstu ávöxtun. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Heimilt skal að ráðstafa allt að helmingi af vaxtatekjum sjóðsins ár hvert í samræmi við tilgang hans, sbr. 3. gr., en þó ekki fyrr en sjóðurinn hefur náð 500 000,00 króna höfuðstól.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Sýslumanni Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem skal vera formaður hennar, hreppstjóra Helgafellssveitar og formanni sóknarnefndar Helgafellssóknar.

7. gr.

Stjórnin velur ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Hún semur árlega efnahags- og rekstursreikning sjóðsins, sem skal endurskoðaður af tveimur endurskoðendum kjörnum af hreppsnefnd Helgafellssveitar til fjögurra ára í senn, í upphafi hvers kjörtímabils hreppsnefndar. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningasjóð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra 6. maí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningasjóð Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningasjóður Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Sveinbjörn Bjarnason, Friðrikka Eðvaldsdóttir, Eðvald Sveinbjörnsson og Helgi Þór Sveinbjörnsson öll til heimilis að Dvergabakka 28, Reykjavík, og Bjarni Sveinbjörnsson og Edda Borg Ólafsdóttir til heimilis að Arahólum 4, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sveinbjörn Sveinbjörnsson f. 23. febrúar 1971 en hann lést af slysförum 24. ágúst 1980.

4. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 10 000,00 kr. Tíuþúsundkrónur. Stofnframlag sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera við Breiðholtskirkju í Reykjavík. Hann skal styrkja kaup á hljóðfæri til nota í Safnaðarheimili kirkjunnar svo og við athafnir í kirkjunni þegar svo ber undir. Þá skal sjóðurinn styrkja og styðja tónlistarlíf og flutning tónlistar í kirkjunni.

6. gr.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, tekjur af sölu minningarkorta og önnur framlög í sjóðinn.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Safnaðarnefndar Breiðholtssóknar. Sjóðnum skal skipuð þriggja manna stjórn. Í stjórninni á sæti sóknarprestur Breiðholtsprestakalls, einn maður tilnefndur af stofnendum sjóðsins og síðar afkomendum stofnenda og einn maður tilnefndur af Safnaðarnefnd Breiðholtssóknar. Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir á bestu fáanlegu bankareikningum hverju sinni. Safnaðarnefnd sér um reikningshald sjóðsins, en reikningsár er almanaksárið.

Aðalfund sjóðsins skal halda í tengslum við aðalfund Breiðholtssafnaðar.

8. gr.

Sjóðnum skal skipa endurskoðendur og mega þeir vera þeir sömu og reikninga Breiðholtssóknar.

9. gr.

Verði samþykkt að leggja sjóðinn niður skulu allar eigur hans renna til Breiðholtskirkju. Til þess að sú ákvörðun sé lögmæt þurfa allir stjórnarmenn að samþykkja hana.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Tálknafjarðarkauptúni.

I. kafli

Inngangur.

1. gr.

Tálknafjarðarhreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kauptúnsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

II. kafli

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi íbúðar í Tálknafjarðarhreppi er skyldur til þess að sjá svo um að við húseign hans sé sorpgeymsla gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal koma fyrir í grind eða skáp, enda uppfylli nefndur búnaður ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerðar. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorphirðumenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

4. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni. hverju húsi skal fylgja a. m. k. einn poki fyrir hverja íbúð. Í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar. Yfirfyllta poka verður húseigandi eða umráðamaður húsnæðis að flytja á eigin kostnað á sorphaugana.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Tálknafjarðarhreppur leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins, eða jafnmarga og húseigandi kann að nota að öllu jöfnu, enda greiði notandi sorphreinsunargjald fyrir sama fjölda sbr. 8. gr. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða í áhaldahúsi bæjarins.

6. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

III. kafli

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum.

7. gr.

Verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur í 2., 3. og 4. gr. þessarar samþykktar, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Tálknafjarðarhrepps skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna hreppsins og þrifnaður í hávegum hafður. Þau fyrirtæki sem hafa gáma í stað poka, skulu haga gerð og útbúnaði gámanna í samráði við sorphreinsunaraðila sbr. 1. gr. í hverju tilviki fyrir sig. Gámar þeir, sem notaðir verða metast sem ákveðin pokagildi, og greiðir viðkomandi fyrir þann fjölda sbr. 8. gr.

IV. kafli

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps sbr. 5. gr. þessarar samþykktar greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sorphreinsigjald eftir nánari ákvörðun hverju sinni, er miðist við fjölda þeirra sorpgrinda/skápa er húseigandi notar. Sorphreinsigjald sem hreppsnefnd ákveður í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir skal lagt á með fasteignagjöldum og innheimt með þeim. Sorphreinsigjald verði aldrei hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Brjóti húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjóra eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast í því að húseigandi bæti ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að ræða skal heilbrigðisnefnd gera viðeigandi ráðstafanir til þess að húseigandi bæti úr. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. kafli

Gildistaka.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi við birtingu hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. maí 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestastærð þess, og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	kr. 175,00
Fyrir skip frá	500 til 1 000 br.rúml.	kr. 185,00
Fyrir skip frá	1 000 — 1 500 br. rúml.	kr. 195,00
Fyrir skip frá	1 500 — 2 000 br. rúml.	kr. 205,00
Fyrir skip frá	2 000 — 3 000 br. rúml.	kr. 220,00
Fyrir skip frá	3 000 — 4 000 br. rúml.	kr. 235,00
Fyrir skip frá	4 000 — 5 000 br. rúml.	kr. 250,00
Fyrir skip frá	5 000 — 10 000 br. rúml.	kr. 270,00
Fyrir skip frá	10 000 — 15 000 br. rúml.	kr. 290,00
Fyrir skip frá	15 000 — 20 000 br. rúml.	kr. 310,00
Fyrir skip frá	20 000 — 30 000 br. rúml.	kr. 330,00
Fyrir skip frá	30 000 og þar yfir	kr. 350,00

Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílur skal vera:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	kr. 39,00
Fyrir skip frá	500 til 5 000 br. rúml.	kr. 46,00
Fyrir skip frá	5 000 til 10 000 br. rúml.	kr. 53,00
Fyrir skip frá	10 000 og þar yfir	kr. 60,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 1 500,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 450,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 45,00 fyrir hverjar 100 br. rúmlestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 210,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 210,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00^{00}–24^{00}).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera ⅓ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 305 12. júní 1984.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1985.

Matthías Bjarnason,

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 224

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups **varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólsstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.**

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 30. janúar sl., þar sem lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Víðidalstungusóknar, Breiðabólsstaðarsóknar og Þingeyrarsóknar í Húnavatnsprófastsdæmi.

Allir bæir í Þorkelshólshreppi, sem tilheyrt hafa Breiðabólsstaðarsókn og Þingeyrarsókn, tilheyri framvegis Víðidalstungusókn.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar Húnavatnsprófastsdæmis frá 2. september 1984, svo og samþykkt viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið ofangreinda breytingu.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar."

Nr. 225

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups **varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 25. janúar sl., þar sem lagt er til að breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar frá 2. september 1984, svo og samþykki viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið að eftirfarandi breyting verði gerð á mörkum Grenivíkursóknar og Laufássóknar í Þingeyjarprófastsdæmi: Að bæirnir Hléskógar og Grýtubakki II flytjist úr Grenivíkursókn í Laufássókn.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar."

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129/1971, um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, með breytingum nr. 5/1973, nr. 624/1980, nr. 282/1981 og nr. 784/1983.

1. gr.

Ný grein er verði 14. gr. orðist svo:

Formaldehýð í spónarplötum og hliðstæðum plötum.

Í spónarplötum og hliðstæðum plötum má magn fris formaldehýðs ekki fara yfir 25 mg/100 g af þurrefni plötunnar.

2. gr.

14. gr. verði 15. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 16. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

22. maí 1985 Nr. 227

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks og samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

1. Stöðvunarskylda er á Hegrabraut við Skagfirðingabraut.
2. Einstefnuakstur er á Ránarstíg til austurs, frá Skagfirðingabraut að Hólavegi. Jafnframt er bann við að leggja öðrum bílum en fólksbílum á Ránarstíg.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar við lóð Barnaskólans, við Sæmundargötu að vestan, Ránarstíg að norðan og Freyjugötu að austan.

Reglur þessar taka gildi 1. júní 1985.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 22. maí 1985.

Halldór Þ. Jónsson.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar

Fiskmjöl:	kr.
Vatn	120
Salt	155
Prótein (Kjeldahl)	500
Fita	250
Aska	220
Ammoníak	130
Sandur	230
Kalcíum	230
Fosfór	370
Meltanlegt prótein	520
Lysín, nýtanlegt	1025
DMNA gasgreining	955
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	370
Nítrít í bræðsluhráefni og fiskmjöli	405
Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A, bein mæling	250
Vítamín A, með sápun	735
Óbundnar fitusýrur	135
Sýrutala	135
Joðtala	265
Sáputala	230
Eðlisþyngd (pyknometer)	150
Slip-point	300
Mæling á vítamín D_3 í lýsi	2200—2915
Ósápanlegt	370
Peroxydtala	220
Litarmæling (Lovibond)	150
Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð)	150
Ljósbrot við 20°C	135
Natríumsápa	185
Fitusýrugreining	1155—2355
Vatnsmæling með toluol	220

Gerlarannsóknir o. fl.:	kr.
Undirbúningur sýnis	195
Talning við ræktun, eins konar	185
Talning við ræktun, tvenns konar	255
Kólígerlar, MPN,	185

	kr.
Staphylococcus aureus, forpróf	115
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	115
Ger- og myglusveppir	100
Sulfit afoxandi Clostridia/hitað	115
Clostridium perfringens	160
Salmonella, forpróf	175
Salmonella, staðfestingarpróf	215
Roðagerlar	95
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	115

Lagmeti:

Framleiðslusýni (allt innifalið):	
Niðursoðið lagmeti	770
Niðurlagt lagmeti	1100
Endursýni tekið skv. sýnatökuáætlun II	825
Endursýni tekið skv. 99% reglu	1650

2. gr.

Fyrir vottorð, framleiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 130 og fyrir útflutningsvottorð kr. 165.

3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil, gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni eða fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

4. gr.

Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast. Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

Salt:	kr.
Klóríð (titer)	155
Kalcíum	230
Magníum	230
Súlfat	230
Óleysanlegt í vatni	230
Raki og bundið vatn	190
Járn	195
Kopar	255

Síld:	kr.
Undirbúningsvinna:	
Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	560

Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 sílda sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast ¾ gjalds. Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.

Aðrar efnagreiningar:

	kr.
Vatn, salt, fita, prótein o. fl. samkvæmt gjaldskrá fyrir mjöl	
Trimethylamín (TMA)	315
TVB	315
Kvikasilfur í matvælum	415
Ákvörðun á málmum með atom absorption	440
Frítt klór í vatni	85
Skynmat	275
Rotvarnarefni m. gasgreiningu	585—1025
Skordýraeitur m. gasgreiningu	1750—2925
Thiamín (B_1 vítamín)	735—1175
Riboflavín (B_2 vítamín)	735—1065
Niacín	1175—2200
C-vítamín í matvælum	735—1465
Drop (drip)	295
Nítrat í matvælum	735
Nítrít í matvælum	880
Hexametylentetramín í lagmeti	585
Vigtun og talning á rækju o. fl.	230
Mæling á sykrum í síld	365—660
Sýrustig pH	150
Arsen	520
Histamín	550—635

5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum Ríkismats sjávarafurða skal greiða kr. 275 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna. Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Dagvinna kr.
Sérfræðingar með reynslu	500
Rannsóknamaður með háskólapróf	430
Rannsóknamaður án háskólaprófs með starfsreynslu	385
Rannsóknamaður án háskólaprófs með litla starfsreynslu	310

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. júní 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nr. 495/1984.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. maí 1985.

Árni Kolbeinsson.

Ingimar Einarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld	kr.	289,00
á mánuði fyrir hvern aðalhemil og	kr.	436,00
á mánuði fyrir hvern mæli.		
b. Vatnsgjald	kr.	578,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils og	kr.	26,70
fyrir hvert tonn um mæli.		

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A. Fyrir 300—2000 m³:		
Af fyrstu 300 m³ að utanmáli	kr.	37 800,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr.	29,00
B. Fyrir hús 2000 m³ og stærri:		
Af fyrstu 2000 m³ að utanmáli	kr.	97 900,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr.	28,00
C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntak	kr.	8 600,00

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er í hvert skipti ..... kr. 680,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 200 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 131 21. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 6. júní 1985.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumæla og um aukaleigugjald.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að gjald fyrir afnot stöðumælareita á Akureyri (við Ráðhústorg og Hafnarstræti) verði kr. 10,00 fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur, en aukaleigugjald til stöðumælasjóðs kr. 200,00.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 5. júní 1985.

Elías I. Elíasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1985.

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9 $ 10,35 pr. lb. Cif. U.S.A.
9—12 $ 9,68 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 9,23 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—18 $ 8,78 pr. lb. Cif. U.S.A.
18—24 $ 7,88 pr. lb. Cif. U.S.A.
24—30 $ 6,30 pr. lb. Cif. U.S.A.

5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9 S.fr. 66,50 pr. kg. Cif. Hamborg
9—12 S.fr. 66,50 pr. kg. Cif. Hamborg
12—15 S.fr. 63,00 pr. kg. Cif. Hamborg
15—18 S.fr. 46,00 pr. kg. Cif. Hamborg
18—24 S.fr. 42,00 pr. kg. Cif. Hamborg

6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel með görn.

7—12 $ 7,21 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 6,64 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—30 $ 6,17 pr. lb. Cif. U.S.A.
30—45 $ 5,00 pr. lb. Cif. U.S.A.

B 6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel með görn.

7— 9 $ 9,32 pr. lb. Cif. U.S.A.
9—12 $ 8,71 pr. lb. Cif. U.S.A.
12—15 $ 8,30 pr. lb. Cif. U.S.A.
15—18 $ 7,90 pr. lb. Cif. U.S.A.
18—24 $ 7,09 pr. lb. Cif. U.S.A.
24—30 $ 5,67 pr. lb. Cif. U.S.A.

5×5 lbs. í skel með görn.

7— 9 S.fr. 49,10 pr. kg. Cif. Hamborg
9—12 S.fr. 49,10 pr. kg. Cif. Hamborg
12—15 S.fr. 45,00 pr. kg. Cif. Hamborg
15—18 S.fr. 40,00 pr. kg. Cif. Hamborg
18—24 S.fr. 36,00 pr. kg. Cif. Hamborg

Verðbil verða 3%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1985.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1985

25. júní 1985 413 Nr. 232

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 26. júní 1985 skal gjald þetta nema kr. 6,80 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 26. júní 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 57/1985 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 26. júní 1985 skal greiða kr. 0,50 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 26. júní 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 26. júní 1985.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 57/1985 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalið tollskrárnúmer: 85.21.10.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

10. júní 1985 415 Nr. 234

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 38 17. janúar 1985.

Undir kafla „E-Annað" í gjaldskránni komi eftirfarandi heimildarákvæði:

E.4

Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1 en a. m. k. 15% notkunar reiknist á taxta B2.

Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samráði við þá skiptingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með til að taka gildi við birtingu auglýsingar þessarar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

30. maí 1985 Nr. 235

GJALDSKRÁ

fyrir Akranessvæði sbr. reglugerð nr. 191/1985 um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði sbr. og 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits skal, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 16.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

	kr.
1. flokkur	1 000,00
2. flokkur	2 000,00
3. flokkur	3 000,00
4. flokkur	4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Ef framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	4 000,00
2. flokkur	8 000,00
3. flokkur	15 000,00
4. flokkur	25 000,00

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúi semur f. h. svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Akranessbæjar, sem innheimtir eftirlitsgjöldin í umboði sveitarstjórnar á svæðinu og stendur skil á þeim í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins.

6. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a. m. k. helmingi kostnaðar heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis en sveitarfélögin undir því sem á kann að vanta í samræmi við íbúðafjölda.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 4. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Gjöld samkv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum og heilbrigðiseftirlitssvæði Akranessvæðis, sbr. reglugerð nr. 191/1985 um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði sbr. og 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalda vera 1. júní 1985 og eindagi 1. ágúst 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.

I.	II.	III.	IV.
A 300 B 1 000 C 1 000 D 4 000	A 300 B 2 000 C 2 000 D 8 000	A 300 B 3 000 C 3 000 D 15 000	A 300 B 4 000 C 4 000 D 25 000
Bensínstöðvar Leiktækjasalir Gufubaðstofur Ljósabaðstofur Lækningastofur Rakara-, hár-greiðslu-, og snyrtistofur Sælgætis- og tóbaks-sölur Málningarverslanir Tannlæknastofur Torgsala Annar rekstur sam-bærilegur	Fangageymslur Gistiheimili, án veitinga Heilsuræktarstöðvar Brauðgerð/brauð-sala Kvikmyndahús Læknastöðvar Matsöluvagnar Mötuneyti (minni) Neysluvörugeymslur Nýlenduvöru-verslanir Sælgætisgerðir (minni) Tækifærisveitingar Annar rekstur sam-bærilegur	Brauðgerðarhús Brauðstofur Pizzugerðir Félagsheimili með veitingarekstur Fiskbúðir Minni hótel Ísbúðir/ísgerðir Íþróttahús með sundlaug Kjörbúðir/nýlendu-vöruverslanir Leiktækjasalir m/veitingum Skyndibitastaðir Stærri samkomuhús og veitingastaðir Sælgætisgerðir (stærri) Veislumiðstöðvar Veitingastaðir Vinnslustöðvar (minni) (kjöt, fiskur, önnur matvæli) Annar rekstur sam-bærilegur	Stórmarkaðir (stærri) kjörbúðir Stór hótel Stórar matvæla-vinnslustöðvar Stór brauðgerðarhús Mjólkurstöðvar Vinnuheimili Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h. Sjúkrahús II. (svæð-issjúkrahús, deild-ar skipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús) Annar rekstur sam-bærilegur

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

4. júní 1985 Nr. 236

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði sbr. 6. gr. 3. tl. laga nr. 109/1984 og 1. gr. 2. tl. reglugerðar nr. 191/1985.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis skal, skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a. m. k. helmingi kostnaðar við Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis.

3. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

4. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs, sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	1 000,00
2. flokkur	2 000,00
3. flokkur	3 000,00
4. flokkur	4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

5. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld, sem hér greinir:

	kr.
1. flokkur	4 000,00
2. flokkur	8 000,00
3. flokkur	15 000,00
4. flokkur	25 000,00

6. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur, f. h. svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Borgarnesshrepps, sem innheimtir eftirlitsgjöldin í umboði sveitarstjórna á svæðinu og stendur skil á þeim í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins, sem standa skal straum af rekstri eftirlitsins.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 5. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru opinberar stofnanir, sem hér segir:

Félagsheimli, íþróttamannvirki, dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna og heilbrigðisstofnanir.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, sbr. og reglugerð nr. 191/1985, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalds vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.

I.	II.	III.	IV.
A 300 B 1 000 C 0 D 4 000	A 300 B 2 000 C 0 D 8 000	A 300 B 3 000 C 0 D 15 000	A 300 B 4 000 C 0 D 25 000
Bensínstöðvar Leiktækjasalir Gufubaðstofur Ljósastofur Lækningastofur Rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur Sælgætis- og tóbaksverslanir Málningarverslanir Tannlæknastofur Torgsala Annar rekstur sambærilegur	Fangageymslur Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur Gistiheimili, án veitinga Heilsuræktarstöðvar Brauðgerð/brauðsala Kvikmyndahús Læknastöðvar Matsöluvagnar Mötuneyti (minni) Neysluvörugeymslur Nýlenduvöruverslanir Sælgætisgerðir (minni) Tækifærisveitingar Annar rekstur sambærilegur	Brauðgerðarhús Brauðstofur Pizzugerðir Félagsheimili með veitingarekstur Fiskverslanir Minni hótel Dvalarheimili Ísbúðir/ísgerðir Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir Leiktækjasalir m/veitingum Skyndibitastaðir Stærri samkomuhús Sælgætisgerðir (stærri) Veitingastaðir Vinnslustöðvar (minni) Annar rekstur sambærilegur	Stórmarkaðir (stærri) kjörbúðir Stór hótel Stórar matvælavinnslustöðvar Stór brauðgerðarhús Mjólkurstöðvar Vinnuheimili Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h. Annar rekstur sambærilegur

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

10. júní 1985 Nr. 237

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu Raufarhafnar.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29.

apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts, upphæð vatnsskatts skal þó aldrei verða lægri en kr. 50,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnot í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar er kr. 5,00 fyrir hvern rúmmetra af steypu.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 6 500,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
c. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,25 á hverja uppsaltaða tunnu síldar, sama, gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar skal greiða kr. 2,25 fyrir hverja útskipaða tunnu.
d. Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 6,50 fyrir hverja innvegna smálest af hráefni.
e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 8,00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
f. Fyrir vatn til skipa og báta skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 30,00 pr. smálest af vatni eða hluta úr smálest, til annarra skipa kr. 40,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa skal vera kr. 300,00 en til annarra skipa kr. 400,00.
g. Greiðsla fyrir vatnsnot ótalin hér skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.
h. Ofangreind gjaldskrá, töluliðir a til g gilda frá 1. maí 1985, og tekur breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 238 10. júní 1985

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 10. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöð Austurlands og er sjálfseignarstofnun og rekur Kirkjumiðstöð fyrir Austurland á eigin ábyrgð fyrir ýmsa starfsemi á vegum Þjóðkirkjunnar á Austurlandi, svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast byggingu sem er í smíðum við Eiðavatn undir umsjón Prestafélags Austurlands, sbr. sérsamning um eignayfirtöku (afsal). Er þessi bygging afhent skuldlaus og án allra kvaða.

2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs á Austurlandi og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að söfnuðir Þjóðkirkjunnar á Austurlandi fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir 5 menn. Héraðsfundur Múlaprófastsdæmis og héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis kjósa hvor um sig 2 menn og 1 maður er kosinn af Prestafélagi Austurlands. Sömu aðilar kjósa jafn marga varamenn. Eru stjórnarmenn kosnir til 2 ára í senn.

5. gr.

Fulltrúi Prestafélags Austurlands kallar nýskipaða stjórn saman, en síðan skiptir hún sjálf með sér verkum. Stjórnin annast rekstur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún skilar árlega skýrslu til beggja héraðsfundanna og aðalfundar P. A.

6. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók þar sem ákvarðanir hennar eru færðar, svo og framlög aðila. Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé stofnunarinnar með bestu fáanlegum kjörum.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum löggiltum, sem tilnefndir eru af biskupi og kirkjumálaráðherra.

8. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, renna eignir hennar til prófastsdæmanna á Austurlandi (M. og A.). Ef ágreiningur rís varðandi ráðstöfun eigna eða túlkun skipulagsskrár skal kirkjuráð skipa úrskurðaraðila.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki héraðsfunda beggja prófastsdæmanna og aðalfundar P. A.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

1. gr.

Þegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þyki um fjárhagsafkomu félagsins, og þá kemur í ljós við lok reikningsárs, að brunatjón hafa ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til þeirra, sem tryggja aðra hagsmuni hjá félaginu.

2. gr.

Ákvörðun um greiðslu ágóðahluta hvert sinn er þó því skilyrði háð, að Brunabótafélagi Íslands geti safnast aukið fé í varasjóð eftir því sem vátryggingarverðmætin vaxa.

Ágóðahluti skal vera ákveðinn hundraðshluti af iðgjaldatekjum á greiðsluárinu. Ekki skal þó greiða hærri ágóðahluta hverju sinni en sem nemur 60% af hreinum tekjuafgangi næsta reikningsár á undan. Og eigi skal heldur að jafnaði úthluta arði ef 60% af hreinum tekjuafgangi nemur lægri upphæð en sem svarar 5% af heildariðgjöldum á greiðsluárinu.

3. gr.

Hafi Brunabótafélag Íslands gert sérsamning við tiltekið sveitarfélag um lækkun fasteignaiðgjalda þar á staðnum, í sambandi við auknar og endurbættar brunavarnir í sveitarfélaginu, þá er félaginu rétt að greiða sveitarfélaginu sjálfu — félagsdeildinni — ákveðinn, tiltekinn ágóðahluta af árlegum tekjuafgangi fasteignatrygginganna þar á staðnum og fer um ákvörðun á greiðslu og upphæð ágóðahlutans eftir þeim almennu ákvæðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

4. gr.

Ágóðahluti til annarra en þeirra sem um ræðir í 3. gr., skal að jafnaði greiðast til vátryggðra sjálfra, á þann veg, að ákvarðaður ágóðahluti greiðist sem lækkun (frádráttur) á iðgjöldum næsta árs á eftir.

5. gr.

Ákveða skal árlega, hvort greiða skuli ágóðahlut, og þá hve háan.

6. gr.

Til þess að fá greiddan ágóðahluta, verður vátryggður þó að hafa átt hús eða hagsmuni vátryggð hjá félaginu það ár, sem tekjuafgangurinn miðast við.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað er jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni frá 23. apríl 1954, nr. 40.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð til minningar um Magnús Magnússon, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. júní 1985. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð til minningar um Magnús Magnússon.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: „Sjóður til minningar um Magnús Magnússon."

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlifandi konu hans, Sigríði Kristinsdóttur og afkomendum þeirra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 45 000,00 sem ekki má skerða.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja skóla í Ólafsfirði til kaupa á kennslutækjum, -gögnum og öðru til lista- og menningarauka.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru framlög og gjafir þeirra er efla vilja sjóðinn, svo og arður af stofnfé.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skal einn tilnefndur af afkomendum þeirra hjóna og hann verði jafnframt formaður. Annar tilnefndur af bæjarstjórn Ólafsfjarðar og þriðji af fræðsluráði Ólafsfjarðar. Þessir aðilar tilnefni hver um sig einn varamann fyrir þann sem þeir tilnefna í aðalstjórn.

7. gr.

Stjórnin úthlutar ráðstöfunarfé sjóðsins í samræmi við markmið hans.

8. gr.

Yfirlit yfir ráðstöfun á fé sjóðsins og reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarsjóðs Ólafsfjarðar skulu árlega birtir með bæjarreikningum.

9. gr.

Stjórnin sér um ávöxtun þess fjár og eigna er sjóðnum áskotnast. Reiðufé sjóðsins skal geymt í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

um hundahald í Selfosskaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Selfosskaupstað að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kaupstaðnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Áhaldahúss og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður og heilbrigðismálaráðherra staðfestir fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð. Í gjaldskrá þessari skal einnig ákveða handsömunargjald sbr. 2. gr. f-lið. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi marsmánaðar og síðar árlega 1. mars fyrir eitt ár í senn. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi, svo og hundar til leitar og björgunarstarfa og hundar til aðstoðar skv. læknisráði blindu fólki og fötluðu. Hafi greiðsla dregist lengur en einn mánuð frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal sýna að tryggingin sé í fullu gildi, ennfremur vottorð um hreinsun.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir, eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð, né heldur kirkjur, bókasöfn og yfirleitt opinberar stofnanir. Eigendum þarfahunda á lögbýlum svo og þeirra hunda er sérstaklega eru nefndir í staflið b hér að ofan er þó skylt að sjá til þess að hundarnir flækist ekki um lausir í byggðinni.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim né öðrum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur. Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið í vörslu sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins verður þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu handsömunargjalds vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds og má eigandi hundsins þá búast við að hundinum verði lógað án frekari viðvörunar.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitjar hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan eins sólarhrings og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ráða sérstakan hundaeftirlitsmann er annist eftirlit með því að reglugerð þessi sé haldin og er honum heimilt að handsama lausagönguhunda og hunda er gerst hafa á annan hátt brotlegir við reglugerð þessa og færa þá í geymslu sbr. 2. gr. f-lið. Eftirlitsmaður þessi njóti aðstoðar lögreglu gerist þess þörf, en að öðru leyti starfar hann sjálfstætt við sín eftirlitsstörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfosskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um hundahald í Selfosshreppi nr. 30 frá 1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

18. júní 1985 Nr. 242

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Selfosskaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Selfosskaupstað er sem hér segir:

a) Samkvæmt 2. gr. b. og f-lið samþykktar um hundahald á Selfossi frá 18. júní 1985 kr. 4 500,00 á ári.
b) Handsömunargjald kr. 2 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands starfar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun skv. 1. gr. sömu laga.

2. gr.

Hlutverk félagsvísindastofnunar er:

a) Að efla fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á sviði félagsvísindadeildar.
b) Að sinna þjónustuverkefnum á sviði félagsvísindadeildar, enda komi greiðsla fyrir.
c) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknaræfingum, fyrirlestrum og hvers kyns annarri starfsemi, er verða megi til gagns fyrir almenning og kennslu á þessu sviði í landinu.
d) Að annast útgáfustarfsemi.
e) Að efla tengsl rannsókna og kennslu eftir því sem kostur er.
f) Að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknarstörf á vegum stofnunarinnar.
g) Að skapa rannsóknaraðstöðu fyrir lausráðna kennara.

3. gr.

Félagsvísindadeild setur Félagsvísindastofnun stjórn. Skal stjórnin skipuð fjórum mönnum, þremur föstum kennurum kjörnum af deildarfundi til tveggja ára í senn og einum stúdent tilnefndum til jafnlangs tíma af fulltrúum stúdenta á deildarfundi.

Stjórnin kýs sér formann úr hópi kennara og er hann jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með allri starfsemi stofnunarinnar.

Ráða skal framkvæmdastjóra þegar heimild er til í fjárlögum.

Stjórn stofnunarinnar er að fengnu samþykki félagsvísindadeildar heimilt að skipta stofnuninni í rannsóknastöðvar.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar og sér um að gera ársskýrslu um starfsemina. Falli atkvæði jöfn innan stjórnar ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Verði Félagsvísindastofnun skipt í rannsóknastöðvar skal fyrir hverri þeirra vera forstöðumaður sem hefur á hendi stjórn rannsókna. Hann stendur fyrir daglegum rekstri undir yfirstjórn forstöðumanns stofnunarinnar og stjórnar hennar. Fastir kennarar sem starfa saman í rannsóknastöð kjósa forstöðumann til fjögurra ára í senn úr eigin hópi.

Heimilt er félagsvísindadeild að setja rannsóknastöð starfsreglur.

5. gr.

Tekjur félagsvísindastofnunar eru:

a) Framlag úr ríkissjóði skv. því sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Styrkir til einstakra verkefna.
d) Tekjur af útgáfu fræðirita.
e) Aðrar tekjur, t. d. gjafir.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borinn undir deildarfund félagsvísindadeildar, en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi háskólans.

6. gr.

Við Félagsvísindastofnun geta starfað:

a) Fastir kennarar í félagsvísindadeild. Auk þess er heimilt að háskólakennarar í skyldum greinum starfi við stofnunina. Um lausráðna kennara gildir sama heimild.
b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, sem sinna tímabundnum verkefnum eða kennslu.
c) Stúdentar og aðrir, sem stofnunin veitir starfsaðstöðu til rannsóknaverkefna.

7. gr.

Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar skal fá greidda þóknun eftir gildandi reglum háskólans.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

21. júní 1985 Nr. 244

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli fyrir hvern mínútulítra á mánuði ..... kr. 860,00

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn ..... kr. 43,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 155,00
b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... kr. 310,00
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... kr. 620,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m^3)		Heimæðargjald		
Allt að	400	48 000,00		
400—	2000	48 000,00	fyrir 400m^3 +	38,70 kr/m^3 þar yfir
2000—	6000	110 000,00	fyrir 2 000m^3 +	33,10 kr/m^3 þar yfir
6000—	10000	242 200,00	fyrir 16 000m^3 +	28,80 kr/m^3 þar yfir
Meira en	10000	358 000,00	fyrir 10 000m^3 +	25,10 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 800,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 310,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 476, 14. desember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1985.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

24. júní 1985 Nr. 245

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum skulu hækka um 7.5% frá 1. júlí að telja frá því sem þær voru í júní. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka eins frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópaskers nr. 114 7. febrúar 1977.

1. gr.

12. gr. orðist svo.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

	kr.
1. Fyrir hvern stórgrip, sem inni er að vetri	20,00
2. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri	1,35
3. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	1,35
4. Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi	6,80
5. Fyrir hvert kg af frystri rækju, framleiddri í rækjuverksmiðju	1,00

Fyrir önnur vatnsafnot, hverju nafni sem nefnast, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 340,00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal vera kr. 340,00 fyrir fiskiskip og kr. 680,00 fyrir önnur skip.

Gjöld skv. 12. og 13. gr. breytast skv. breytingum þeim sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar (nú 200 stig).

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnslögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 247 7. júní 1985

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.
2. Hlutverk sjóðsins er m. a. að styðja og styrkja eftirfarandi:
   a) Uppbyggingu og rekstur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.
   b) Rannsóknir, sýningar og kynningar á verkum Sigurjóns.
   c) Skráningu verka Sigurjóns og myndatöku af verkunum.

d) Útgáfustarfsemi um verk og ævistarf Sigurjóns.
e) Umhverfisvernd.

Tekjum sjóðsins skal varið til að vinna að framangreindum markmiðum skv. ákvörðun sjóðstjórnar hverju sinni eftir efnum og ástæðum sjóðsins.

3. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00, sem aldrei má skerða. Fé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á þann hátt sem sjóðstjórn ákveður hverju sinni.
4. Tekjur sjóðsins eru: Gjafafé, arður af stofnfé og öðru fé og eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.
5. Stjórn sjóðsins skipa þrír menn til fimm ára í senn. Fyrstu stjórnarmennirnir skulu tilnefndir af stofnanda sjóðsins, Birgittu Spur, Laugarnestanga 70, Reykjavík. Stjórnarmenn ganga úr stjórn á fimm ára fresti, þó þannig að úr hinni fyrstu stjórn sjóðsins gengur einn úr stjórn eftir fimm ár, næsti eftir tíu ár og hin þriðji eftir fimmtán ár samkvæmt hlutkesti, en hverju sinni sem stjórnarmaður gengur úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna stjórnanda í hans stað. Stjórnarmenn, sem ganga úr stjórn sjóðsins má tilnefna að nýju. Greini stjórnarmenn á um tilnefningu stjórnarmanns tilnefnir dómsmálaráðuneytið stjórnarmann. Stjórn sjóðsins kýs formann sjóðstjórnar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.
6. Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðstjórnarinnar.

Greiða má hæfilega þóknun til stjórnarmanna.

7. Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst óumflýjanlegt vegna breyttra aðstæðna, enda séu allir stjórnarmenn því samþykkir. Aldrei má þó breyta 2. gr. skipulagsskrárinnar um megin tilgang sjóðsins.
8. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 248

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups **varðandi beiðni um breytingu á sóknarmörkum milli Staðastaðarsóknar og Búðasóknar í Staðastaðarprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 16. apríl sl., þar sem lagt er til að breyting verði gerð á sóknarmörkum milli Staðastaðarsóknar og Búðasóknar í Staðastaðarprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með samþykki héraðsfundar og viðkomandi sókna, samþykkir ráðuneytið að eftirfarandi breyting verði gerð á mörkum Staðastaðarsóknar og Búðasóknar: Að bæirnir Hlíðarholt, Böðvarsholt, Kálfárvellir, Hólkot og Bjarnafoss, er hingað til hafa tilheyrt Staðastaðarsókn tilheyri framvegis Búðasókn.

Við álagningu sóknargjalda fyrir árið 1985 ber að miða við ofangreinda breytingu.

Yður tilkynnist þetta til frekari birtingar."

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1985 til 1. september 1985 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

a) 64° 10'8 N 15° 42'6 V
b) 64° 06'0 N 16° 05'0 V

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómílur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júní 1985.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 250 18. júní 1985

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bakkafjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. júní 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bakkafjarðar í Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1985.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1985:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr.	54 170,00
Hjón		75 830,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

13. júní 1985 Nr. 252

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að banna bifreiðastöður að austanverðu við Kalkofnsveg milli Tryggvagötu og Ingólfsstrætis.

Bannið tekur gildi 25. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. júní 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innfalinn).

Gildir frá 1. júlí 1985.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 3 500,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 530,00 að viðbættum kr. 1,20 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 190,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr.	149,00
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr.	224,00
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr.	373,00
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr.	894,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	1 192,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1.	Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	1 724,00	175,00
3.2.	Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		178,00
3.3.	Vatnsþétt talfæri		207,00
3.4.	Hátalarasími		713,00
3.5.	2ja línu talfæri Siemens	4 301,00[2])	369,00
3.6.	2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	2 165,00[2])	294,00
3.7.	Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		307,00[3])[4])[5])

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda skv. reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Tekjum af grunngjaldi skv. 1. tl. 1. gr. og sérstöku fóðurgjaldi skv. 2. tl. 1. gr. skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil gjaldanna.

5. gr.

Heimilt er tollstjórum að veita innflytjendum fóðurs allt að 4 mánaða gjaldfrest á greiðslu sérstaks fóðurgjalds, óski þeir þess, gegn tryggingu, sem tollstjórar meta fullgilda.

6. gr.

Tekjur af grunngjaldi skv. 1. tl. 1. gr. renna í ríkissjóð.

Tekjum af sérstöku gjaldi skv. 2. tl. 1. gr. skal haldið á sérgreindum reikningi í vörslu ríkissjóðs. Landbúnaðarráðherra ákveður hverju sinni ráðstöfun þess fjár sem þannig er geymt í samræmi við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 og ákvæði reglugerða, sem settar kunna að verða þar um.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 216 31. maí 1985 og 12.—19. gr. regugerðar nr. 465 25. maí 1983. Þó skulu ákvæði 12—19. gr. reglugerðar nr. 465 25. maí 1983 halda gildi sínu við framkvæmd á ákvæði til bráðabirgða B í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar, er falla undir 2. gr. reglugerðarinnar, skal innheimta gjöld skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna skv. 4. gr. Jafnframt skal endurgreiða kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á þessar birgðir skv. reglugerð nr. 216/1985 eða fyrri reglugerðum um sama efni. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast útreikning á því kjarnfóðurgjaldi, sem endurgreiða ber af þessum birgðum og annast endurgreiðsluna.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1985.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1985

10. júní 1985 473 Nr. 260

AUGLÝSING

um umferð í Grundarfirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Grundarfirði:

1) Grundargata skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum svo sem hér segir:
   biðskylda á Hlíðarvegi við Grundargötu
   ,, ,, Borgarbraut við Grundargötu
   ,, ,, Hrannarstíg við Grundargötu
   ,, ,, Eyrarvegi við Grundargötu
   ,, ,, Fagurhólstúni við Grundargötu
   ,, ,, Sæbóli við Grundargötu og
   öllum botngötum við Grundargötu
2) Umferð um Hrannarstíg skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
   Sólvellir — Hrannarstígur og
   Nesvegur — Hrannarstígur
3) Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:
   á gatnamótum Sæbóls- Fagurhólstúns- Grundargötu
   á Grundargötu gengt Pósthúsi
   á gatnamótum Eyrarvegar-Grundargötu
   á gatnamótum Hrannarstígs-Grundargötu
   á gatnamótum Borgarbrautar-Grundargötu
   á Grundarbraut við Hlíðarveg
   á Sólvöllum við Hrannarstíg
   á Nesvegi við Hrannarstíg
   á Hlíðarvegi við Borgarbraut
   á Borgarbraut við Kaupfélag
   á Nesvegi við Kaupfélag
   á Sæból við hús nr. 1 og
   á Sæból við hús nr. 24.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Grundarfirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 10. júní 1985.

Jóhannes Árnason.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hvolsvallarkauptúni.

1. gr.

Hundahald á Hvolsvelli sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kauptúninu, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a . Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra staðfestir í sérstakri gjaldskrá fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kauptúninu og skal upphæð þess við það miðuð.

c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fyld aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.

e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kauptúnsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kauptúnið fara til óþæginda.

f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út, gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvolshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 109/1984, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1985.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979, um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun að nýju, þegar almennt verklegt próf er haldið, og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. maí 1985.

Albert Guðmundsson.

Snorri Olsen.

20. júní 1985 Nr. 263

AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og með heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

„U-beygja er bönnuð á gatnamótum Höfðabrekku og Héðinsbrautar og gatnamótum Garðarsbrautar og Þverholts."

Ákvæði þetta taki gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Húsavík, 20. júní 1985.

Sigurður Gizurarson.

27. júní 1985 Nr. 264

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 337 17. júlí 1984, um meðferð, geymslu og vinnslu rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

1. gr.

Aftan við 14. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein er hljóðar þannig:

Heimilt er undir umsjón fiskmatsstjóra að hraðfrysta í landi í tilraunaskyni ferska rækju í skel, þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að hún var veidd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. júní 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Baldur Jónsson.

Nr. 265 18. júní 1985

REGLUGERÐ

um styrki og lán til greiðslu námskostnaðar fatlaðra.

1. gr.

Heimilt er að veita fötluðum 16 ára og eldri styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga og reglugerða.

Með námskostnaði er hér átt við:

1. Greiðslur til framfærslu meðan á námi stendur.
2. Greiðslur vegna almenns útlagðs námskostnaðar vegna námsgagna og námskeiðs- og/eða skólagjalda.
3. Greiðslur vegna sérstaks útlagðs námskostnaðar, sem tengist fötlun, s. s. vegna sérstakra námsgagna, sem nauðsynleg eru vegna fötlunar.

Heimild til greiðslu, skv. 2. og 3. tl., verður því aðeins beitt, að ljóst sé, að samsvarandi kostnaður verði ekki greiddur skv. öðrum lögum og reglugerðum, s. s. skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki og reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu. Sama á við þegar lög nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum eiga í hlut, sbr. t. d. ákvæði þeirra laga um hjálpartæki.

Eigi umsækjandi rétt á námsláni eða styrk skv. lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki (Lánasjóður ísl. námsmanna), er einungis heimilt að veita honum aðstoð skv. lið nr. 3.

Eigi umsækjandi engan rétt til láns eða styrks úr Lánasjóði ísl. námsmanna, er heimilt að veita honum aðstoð skv. töluliðum 1—3 eftir því sem við á, sbr. og 2. mgr.

2. gr.

Aðstoð skv. 1. gr. skal veitt með eftirfarandi hætti:

1. Með láni eða styrk vegna 1. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.
2. Með styrk vegna 2. og 3. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Umsóknir um styrk eða lán vegna námskostnaðar skulu berast svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa og svæðisstjórnir afhenda, ásamt ítarlegri greinargerð og áætlun um námið, þar sem m. a. komi fram tilgangur náms, námstími og áætluð námslok svo og upplýsingar um tekjur og fjölskyldustærð.

Svæðisstjórn sendir tillögur sínar, þar sem m. a. kemur fram rökstuðningur, tillaga hvort um styrk eða lán sé að ræða og tillaga um fjárhæð til félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvörðun í málinu.

4. gr.

Við ákvörðun á fjárhæð styrks eða láns til framfærslu, skv. 1. tl. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal við það miðað, að styrkur eða lán ásamt öðrum tekjum umsækjanda nemi samanlagt allt að lögbundnum eða samningsbundnum lágmarkslaunum, eins og þau eru á hverjum tíma í landinu. Með tekjum er hér m. a. átt við greiðslur (beinar peningagreiðslur til bótaþega), skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, að undanskildum barnalífeyri. Meðlag með barni telst og ekki til tekna í þessu sambandi.

Félagsmálaráðuneytið sér um útborgun lána og styrkja.

5. gr.

Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sbr. 2. gr., skal miða við tiltekinn tíma hverju sinni, s. s. önn eða skólaár eða tiltekið námskeið. Félagsmálaráðuneytið metur hver sé eðlileg framvinda náms hverju sinni í samráði við viðkomandi skóla.

6. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með því að ákvæðum reglugerðar þessarar varðandi námskostnað sé fylgt. Svæðisstjórn getur krafið hlutaðeigandi styrk- eða lánþega um nauðsynleg vottorð til staðfestingar á náminu og námslokum.

7. gr.

Svæðisstjórn skal árlega áætla útgjöld vegna námskostnaðar við gerð fjárlagatillagna sinna.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um vexti af lánum, sbr. 2. gr., og gildir sú ákvörðun til eins árs í senn. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af þeim vöxtum, sem tryggingaráð, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, ákvarðar hverju sinni vegna lána til bifreiðakaupa örorkulífeyrisþega.

Félagsmálaráðuneytið ákvarðar lánstíma með hliðsjón af fjárhæð láns og aðstæðum lánþega hverju sinni.

Árleg endurgreiðsla láns skal ekki vera hærri en 1/10 hluti af því, sem ársgreiðsla örorkulífeyris og tekjutryggingar, skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, nema á því sama ári.

9. gr.

Rísi ágreiningur um lán/styrkveitingar svo og endurgreiðslur sker stjórnarnefnd úr um, en vísa má úrskurði hennar til ráðherra.

Reglugerð þessi er sett skv. 19. gr. 3. tl. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1985.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.

REGLUR

um úthlutun styrkja til rannsókna og tilrauna 1985.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 18. desember 1984 var gerð samþykkt um að af því fé, sem ákveðið er að verja til nýsköpunar í atvinnulífinu á árinu 1985, skyldi 50 milljónum króna ráðstafað til rannsókna og tilrauna í þessu skyni. Jafnframt var gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setti að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins reglur um hvernig staðið skyldi að úthlutun fjárins.

Að fengnum tillögum framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs eru hér með settar eftirfarandi reglur um úthlutun styrkja til rannsókna og tilrauna á árinu 1985:

1. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja.
   Framkvæmdanefnd skipar matsnefnd þriggja manna til að veita umsögn um styrkumsóknir og raða þeim í forgangsröð. Í matsnefnd skulu eiga sæti þrír menn, valdir sem hér segir:
   - Einn með víðtæka þekkingu á atvinnulífi og reynslu af stjórnunarstörfum á þeim vettvangi.
   - Einn starfandi vísindamaður er njóti viðurkenningar fyrir rannsóknir á sviði grundvallarvísinda.
   - Einn með viðskiptalega reynslu og þekkingu á markaðsmálum.

   Matsnefnd skal eftir þörfum kveðja sér til aðstoðar a. m. k. tvo sérfróða menn til að veita faglega umsögn um einstakar umsóknir.

2. Auglýst skal eftir umsóknum um styrki með hæfilegum umsóknarfresti.
   Í auglýsingu skal getið forgangssviða og matsforsendna, sbr. 5. tölulið. Ákvörðun um styrkveitingar skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests og birt opinberlega.

3. Um styrk geta sótt einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki. Umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Standi fleiri aðilar en einn sameiginlega að umsókn skal gerð grein fyrir skiptingu verkefna, kostnaðar og ábyrgðar.

4. Styrkir skulu aðallega veittir til rannsókna og tilraunastarfsemi sem líkleg er til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi á næstu árum, en heimilt er einnig að styrkja verkefni sem miða að langframauppbyggingu og færni á tilteknum sviðum.
   Styrkur er ætlaður til að greiða laun og útlagðan kostnað, svo og beinan stjórnunarkostnað við verkefnið. Heimilt er og að styrkja tækjakaup til einstakra verkefna, enda séu tækin til sérstakra nota í verkefninu en ekki til almennra nota eða þjónustu í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Tækjum sem keypt eru fyrir styrkfé skal að verkefni loknu ráðstafað af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins. Hluta styrks má verja til útgáfu og kynningar á niðurstöðum verkefnis, enda sé gert ráð fyrir því í umsókn.

5. Tillögur um styrkveitingar skulu við það miðaðar, að fé því sem til ráðstöfunar er verði varið til fárra verkefna á afmörkuðum sviðum, þar sem sóst er eftir umtalsverðum árangri, fremur en til smáverkefna á mörgum sviðum.
   Styrkfé á árinu 1985 skal einkum verja til verkefna á nýjum og álitlegum tæknisviðum. Sérstök áhersla skal lögð á:
   - fiskeldi,
   - upplýsinga- og tölvutækni,
   - líf- og lífefnatækni,
   - nýtingu orku til nýrrar eða bættrar framleiðslu,

- undirstöðugreinar matvælatækni,
- framleiðni- og gæðaaukandi tækni.

Mat á verkefnum sem sótt er um styrk til skal byggt á:
- líklegri gagnsemi verkefnis,
- gildi fyrir eflingu tækniþekkingar eða þróun atvinnugreina.
- möguleikum á hagnýtingu á niðurstöðum hér á landi,
- hæfni rannsóknamanna/umsækjenda.
- líkindum á árangri.

Forgangs skulu að öðru jöfnu njóta verkefni sem svo háttar um, að:
- samvinna stofnana eða fyrirtækja og stofnana er mikilvægur þáttur í framkvæmd verkefnisins,
- fyrirtæki leggja umtalsverða fjármuni af mörkum,
- líkindi eru á skjótum og umtalsverðum árangri til hagnýtingar í atvinnulífi, sbr. þó 1. málsgr. 4. töluliðar.

6. Gera skal sérstakan samning við hvern styrkþega þar sem kveðið sé á um styrkskilmála. Í samningnum skal m. a. mælt fyrir um skyldur styrkþega að því er varðar skýrsluskil, bókhald og fjárhagslega skilagrein. Þá skulu og vera ákvæði um eftirfarandi atriði:
Ef framkvæmd verkefnis leiðir til einkaleyfis eða niðurstöðu sem unnt er að selja eða leggja til grundvallar framleiðsluleyfi er heimilt að krefjast þess að 50% af nettótekjum endurgreiðist þar til raungildi styrksins hefur verið að fullu greitt, og renni það fé til styrktar rannsóknum.
Leiði framkvæmd verkefnis ekki til hagnýtingar þegar við lok verkefnisins er styrkþega skylt, ef framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs óskar þess, að taka þátt í reglubundnu endurmati á því hvort af hagnýtingu geti orðið.

Menntamálaráðuneytið, 25. júní 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

26. júní 1985 Nr. 267

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Eskifjarðarkaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu, skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, með eða án tvíbýlisaðstöðu, lágmarksgjald reikn. af 450m³	5%
Raðhús og tvíbýlishús	5%
Fjölbýlishús	2%
Iðnaðarhús	3,5%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	4,5%
Opinberar byggingar	5%
Annað húsnæði	4%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálft gjald.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til að byggja nýtt á sömu lóð skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins sem rifið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr.

4. gr.

Gjald skv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins eins og hann kann að vera þann dag er lóðarúthlutun fer fram og lágmarksgjald er reiknað út eins og hann kann að vera þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd og lokagjald reiknað út eins og hann kann að vera þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd og lokagjald reiknað út. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu fyrir og eftir breytingu.

5. gr.

Gjald skal miðað við stærð húss, skv. samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirliggjandi teikning og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir. Sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstæðir:

Einbýlishús	450m³
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	300m³
Íbúðir í fjölbýlishúsum	180m³

Aðrar byggingar skv. 2. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingarfulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Gjald skv. lágmarksstærðum, lágmarksgjald skal greiða innan eins mánaðar frá lóðarúthlutun.

Þegar teikning liggur fyrir og hlýtur samþykki í byggingarnefnd, skal lokagjald reiknað út og gjaldfellt og skal greiða það innan eins mánaðar frá gjalddaga. Með lokagjaldi er átt við endanlega m³ stærð húsnæðis, m³ stærð bifreiðageymslu og annars húsnæðis er ekki hefir áður verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu, einnig stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsis og byggingarleyfisgjald skv. gjaldskrám. Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m³ stærð húsnæðis skv. ofanskráðum lágmarksstærðum.

Þegar byggt er á eignarlóð, eða eldra húsnæði stækkað, skal greiða gjaldið áður en byggingarframkvæmdir hefjast, þ. e. áður en byggingarleyfi verður gefið út.

Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðaúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. þeim m^3 fjölda er áður hefur verið greiddur að því rúmmetragjaldi er gildir sbr. 2. gr. þegar lóð er skilað. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefir verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því lóðinni er skilað.

Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innstæðu hans, er ógreidd kann að vera 3 mánuði eða lengur. Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum skal sama gilda, utan að innstæða hans, verði heimild til frestunar greiðslu notuð, ber ekki vexti.

8. gr.

Gjöld skv. 2. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar skal reikna gjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur til frádráttar, þ. e. sama rúmmetratala og greidd hafði verið.

Sé gjald ekki greitt innan eins mánaðar sbr. 5. gr. skal endurreikna það eftir þann tíma, til samræmis við hugsanlega breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins sbr. 2. gr.. Komi til að gjald sem greitt er skv. lágmarksstærðum, lágmarksgjald, reynist hærra í krónutölu en lokagjaldið skal endurgreiða mismuninn á raunvirði, vaxtalaust. Lokagjald vegna einbýlishúsa verður þó aldrei reiknað lægra en af $450m^3$ sbr. 2. gr.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa við að gera bundið slitlag á götu.

9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkun eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Eskifjarðarkaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2%
Raðhús og tvíbýlishús	1,3%
Fjölbýlishús	1,2%
Atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	1,5%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 30.00 af hverjum fermetra lóðar, samkvæmt fasteignamatsskráningu.

11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með fjórum jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 4 ár á eftir, enda séu þá greiddir sömu vextir og af lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma. Skal þá gengið frá greiðsluskuldbindingu -skuldabréfi- með veði í viðkomandi fasteign.

Þá er gjaldanda jafnframt heimilt að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefir verið lögð við hús hans.

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign sem afslátt hefir fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

12. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefir verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A og B gjald af viðkomandi byggingu og miðast bæði gjöldin við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

13. gr.

Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla í 2., 5. og 10. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váatryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu skv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld núgildandi reglugerð nr. 430 frá 15. september 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið 26. júní 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 gengst Seðlabanki Íslands fyrir stofnun Verðbréfaþings Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita því og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m. a. eftirfarandi:

a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskiptakerfi meðal þátttakenda (hér eftir nefndir þingaðilar);
b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila;
c) að meta skráningarhæfi verðbréfa;
d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykja og
e) að sjá um að nauðsynlegt eftirlit með verðbréfamarkaðnum sé til staðar í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans til þess að tryggja að reglur þessar og þær reglur sem stjórnin setur séu haldnar.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa fimm menn. Tveir skulu tilnefndir af Seðlabankanum og skal annar þeirra vera formaður. Þrír skulu kosnir af þingaðilum til eins árs í senn. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og skal hún vera ólaunuð.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað alla þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess. Fundur skal þó haldinn án tilefnis einu sinni á ári, fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar aðrir en Seðlabankinn fulltrúa í stjórn. Atkvæðamagn hvers þingaðila er í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum sem boðin hafa verið fram á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI
Þingaðilar.

6. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

7. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

a) Er fjárráða og hefur forræði á búi sínu;
b) hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfaviðskiptum samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur;
c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda, eigi lægri en 1 milljón króna, til tryggingar efndum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum og
d) hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að sækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

8. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild.

Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 7. gr. skal stjórnin svipta hann þinghaldi og leysa hann undan kvöðum þingsins.

IV. KAFLI
Skráning verðbréfa.

9. gr.

Stjórnin veitir verðbréfum viðurkenningu sem skráningarhæfum í viðskiptakerfi þingsins, enda berist umsókn um það frá þingaðila.

10. gr.

Til að teljast skráningarhæf verða skuldabréf m. a. að uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Nafnverð heildarútboðs skal eigi vera lægra og einingar eigi færri en svo að útboðið geti talist markaðshæft og
b) skuldabréfaútboðinu skal fylgja útboðslýsing sem gerð skal í samræmi við sérstakar reglur sem stjórnin setur um útboðslýsingu og form útboðs.

11. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um hvaða skuldabréf skuli tekin til skráningar og lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um þau er almenningur hefur aðgang að.

12. gr.

Stjórnin setur reglur um skráningu hlutabréfa.

13. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

V. KAFLI

Viðskiptakerfið.

14. gr.

Þingaðili skal senda öllum öðrum aðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að sbr. þó 18. gr.

15. gr.

Stjórnin skal skipuleggja upplýsingamiðlun skv. 14. gr., ákveða tíðni hennar, form upplýsinganna og flutningsmiðil.

16. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

17. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar sala fer í gegnum tvo eða fleiri þingaðila.

18. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það.

19. gr.

Stjórnin skal skipuleggja söfnun og miðlun upplýsinga meðal þingaðila um viðskipti með skráð verðbréf.

Seðlabankinn safnar og miðar upplýsingum um verð og viðskipti með skráð verðbréf.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

20. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða siðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

21. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskipavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

22. gr.

Tillögur um breytingar á reglum þessum skulu hljóta stuðning einfalds meirihluta atkvæða á fundi þingaðila, og taka þær gildi þegar bankastjórn Seðlabanka Íslands samþykkir þær og ráðherra staðfestir. Um vægi atkvæða og hverjir greiða atkvæði gilda ákvæði 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveður hverjum skuli boðið að tilnefna fulltrúa í fyrstu stjórn þingsins skv. 3. gr., er sitji þar til þingaðilar hafa kosið í stjórn á fundi, sem haldinn skal fyrir lok febrúar 1987.

Reglur þessar skal endurskoða eigi síðar en fyrir árslok 1987 í ljósi fenginnar reynslu. Sérstaklega skal hugað að verðbréfaskiptum (clearingu verðbréfa) þegar umfang viðskipta gefur tilefni til svo og ákvæðum 3. greinar um skipan stjórnar. Stefnt skal að því að í stað annars fulltrúa Seðlabankans í stjórninni komi þá annað hvort fulltrúi kosinn af þingaðilum eða utanaðkomandi aðili, valinn vegna sérþekkingar á viðskiptamálum.

Reykjavík, 26. júní 1985.

Seðlabanki Íslands

Jóhannes Nordal. Davíð Ólafsson. Tómas Árnason.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 28. júní 1985.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Líndal.

Nr. 269 1. júlí 1985

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
   a) Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F og milli Suðurgötu og Grjótagötu;
   b) Uppland;
   c) Akbrautir gegnum íbúðahverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarvegar, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar;
   d) Vesturbraut milli Vesturlands og Alþjóðabrautar;
   e) Brunnland milli Vesturbrautar og Alþjóðabrautar;
   f) Víkingsgata;

g) Holtagata og nafnlaus gata milli Suðurgötu og Norðurstrætis;
h) Austurbraut og Suðurgötu;

2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
a) Grjótagötu;
b) Veginum að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu;
c) Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 203 frá 17. mars 1980.

Utanríkisráðuneytið, 1. júlí 1985.

Geir Hallgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

6. júní 1985 Nr. 270

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir líknarfélagið Þrepið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir líknarfélagið Þrepið.

1. gr.

Félagið heitir Þrepið, líknarfélag.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem hefur átt í vanda vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til þess að ná fótfestu í samfélaginu á ný.

3. gr.

Í þessum tilgangi skal félagið eiga og reka húsnæði þar sem það leigir út herbergi. Þar skulu íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum vistarverum og not af sameiginleri aðstöðu og eiga kost á fæði á staðnum. Í húsinu skulu haldnir hópfundir og viðtöl reglulega, sem standi til boða þeim sem áhuga hafa. Íbúar skulu ekki neyta vímugjafa í húsinu eða utan þess meðan þeir búa þar.

4. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður í nafni félagsins með stofnfé kr. 10 000, tíu þúsund, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, húsaleiga og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Tekjum sjóðsins skal aðeins ráðstafað til þeirrar starfsemi sem að framan er lýst.

5. gr.

Stofnendur og stjórn Þrepsins eru:
Stjórnarformaður: Jónína Björk Ólafsdóttir.
Sigurhans V. Hlynsson.
Margrét Blöndal.
Ólafur Friðriksson.
Sigurður Ingólfsson.

6. gr.

Stjórnarmanni skal vikið úr stjórninni, breyti hann í ósamræmi við markmið félagsins. Eins getur stjórnarmaður hætt að eigin ósk, en til annarra breytinga á skipan stjórnar, þarf samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað stjórnarfundi og skal halda um þá fundagerðabók. Þeir skulu vera a. m. k. tveir hvert ár.

8. gr.

Í byrjun hvers árs skulu lagðir fyrir stjórnina endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir síðan gerðir opinberir.

9. gr.

Til að fjárhagslegar skuldbindingar félagsins séu gildar, þarf undirskrift formanns ásamt minnst einum öðrum stjórnarmanni. Stjórnin getur ráðið starfsmenn á launum til að sinna einstökum þáttum starfseminnar, ef þörf krefur.
Stjórnin veitir prókúruumboð.

10. gr.

Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til einhverra þeirra aðila sem vilja halda áfram sömu starfsemi og stjórnin treystir til þess.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 271 3. júlí 1985

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum og sveitarfélögum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1985, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984, skal vera sem hér segir:

	kr.
I. flokkur	36 000,00
II. flokkur	32 000,00
III. flokkur	28 000,00
IV. flokkur	20 000,00
V. flokkur	14 000,00
VI. flokkur	10 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:
Apótek Austurbæjar
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:
Akureyrar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:
Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek

V. flokkur:
Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Garðabæjar
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek
Lyfjaberg
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur:
Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur:
Lyf sf.

III. flokkur:
Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasia hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Medico hf.

4. gr.

Læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 27, 13. janúar 1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. VI. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt IV. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða fyrir 15. október 1985. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1985.

Matthías Bjarnason.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 272

REIKNINGAR

sjóða sem tengdir eru Minningargjafasjóði Landspítala Íslands fyrir árið 1984.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þórðardóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild 456	kr.	2 919,16
	kr.	2 919,16

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	2 919,16
Engir vextir fyrr en 1. mars 1985		
	kr.	2 919,16

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán Elísabeti, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 710971 í Búnaðarbanka Íslands	kr.	7 105,51
	kr.	7 105,51

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	5 790,27
Verðbætur 1984	—	1 095,10
Vextir 1984	—	220,14
	kr.	7 105,51

Minningargjöf um Hans Wium, sýslumann.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629166 í Landsbanka Íslands	kr.	3 828,79
	kr.	3 828,79

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	3 115,83
Verðbætur 1984	—	589,27
Vextir 1984	—	123,69
	kr.	3 828,79

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629123 í Landsbanka Íslands	kr.	7 847,09
	kr.	7 847,09

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	6 385,88
Verðbætur 1984	—	1 207,71
Vextir 1984	—	253,50
	kr.	7 847,09

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629131 í Landsbanka Íslands	kr.	5 001,74
	kr.	5 001,74

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	4 070,35
Verðbætur 1984	—	769,81
Vextir 1984	—	161,58
	kr.	5 001,74

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629174 í Landsbanka Íslands	kr.	16 910,49
	kr.	16 910,49

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	13 761,54
Verðbætur 1984	—	2 602,67
Vextir 1984	—	546,28
	kr.	16 910,49

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629182 í Landsbanka Íslands	kr.	14 096,15
	kr.	14 096,15

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	11 471,28
Verðbætur 1984	—	2 169,50
Vextir 1984	—	455,37
	kr.	14 096,15

Minningargjöf um Guðlaugu Jónsdóttur og Guðjón Björnsson.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629158 í Landsbanka Íslands	kr.	78 685,17
	kr.	78 685,17

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	64 033,05
Verðbætur 1984	—	12 110,27
Vextir 1984	—	2 541,85
	kr.	78 685,17

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Verðtryggður sparireikningur nr. 629115 í Landsbanka Íslands	kr.	18 817,82
	kr.	18 817,82

Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1984	kr.	15 313,71
Vextir og verðbætur 1984	—	3 504,11
	kr.	18 817,82

Reykjavík, 20. janúar 1985.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.